

LAND & SAGA

WWW.LANDOGSAGA.IS

48.TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR 2024



Rauðinúpur
Heimsókn í Smiðshús
Hamingjan býr í Eyjafjarðarsveit
Leikhúsið er heimili mennskunnar
Blönduð byggð og betri almenningssamgöngur

ISSN 2298-9195
9 772298 919005 >

Tvær stórglæsilegar bækur komnar út



Fást í betri
bókabúðum og í
netverslun
icelandictimes.com

Allt er breytingum háð og borgir – sem kunna að virðast býsna fastmótuð fyrirbæri í hugum margra enda mestanpartinn úr steinsteypu og malbiki – eru þar ekki undanskildar. Reykjavík, höfuðborg okkar Íslendinga, er til að mynda að ganga í gegnum ákveðið tímabil um þessar mundir; tímabil sem í senn mætti lýsa sem þroskaskeiði og vaxtakipp svo gripið sé til líkingamáls við líkamlegan þroska einstaklings. Þroskaskeiðið lýsir sér í því að verið er að endurskipuleggja viðamikla hluta hennar með afgerandi hætti. Þar sem áður voru iðnaðarhverfi, sem samanstóðu eingöngu af byggingum sem notaðar voru sem atvinnuhúsnæði, eru gömlu húsin að víkja fyrir nýjum íbúðarhverfum þar sem skipulag er í takt við þarfir íbúanna með margþættri þjónustu innan göngufjarlægðar. Þetta eitt skýrasta dæmið um það verður Borgarhöfði, gamli Ártúnshöfðinn sem á sínum tíma var skipulagður sem iðnaðarhverfi í útjaðri byggðar en er nú, riflega hálfri öld síðar, á besta stað í borgarlandinu. Þetta er sjálfsgöð og eðlileg þróun þar sem komið er til móts við aukinn fjölda íbúa. Vaxtakippurinn lýsir sér svo aftur í því að til eru að verða ný hverfi í jaðri borgarinnar, svo sem að Keldum þar sem hinar ýmsu rannsóknastofnanir stóðu í eina tíð. Þessari framþróun, með tilheyrandi þéttingu byggðar, endurskipulagninu og útrás á nýjar lendur, ber að fagna, en þó er óhjákvæmilegt að meta sérhvert skref og skoða með gagnrýnum augum. Skipulagsmál ættu með réttu að vera reynsluvísindi, eins og góður viðmælandi hér í blaðinu orðar það, þar sem lærdómur er tekinn af hverjum áfanga með það fyrir augum að gera betur næst hvar og hvenær sem svigrúm er til umbóta. Annars erum við dæmd til að endurtaka skyssur og glappaskot fortíðar og það er dýrt spaug þegar skipulagsmál eru annars vegar. Í lok dags snýst jú skipulag og arkitektúr um að búa fólki gott umhverfi til að lifa og hræst í.



ÚTGEFANDI/RITSTJÓRI
Einar Þorsteinn Þorsteinsson
einar@landogsaga.is

SÖLU & MARKAÐSDEILD
Úna Jóhannsdóttir
Einar Helgason

FORSÍÐUMYND
Páll Stefánsson
pall.stefansson@icelandictimes.com

BLAÐAMENN
Páll Stefánsson
Jón Agnar Ólason
Hallur Hallsson
Andrew Scott Fortune
Helga Dís Björgúlfadóttir
Helga Kjartansdóttir
Jenna Gotlieb
Svava Jónsdóttir
Sigrún Pétursdóttir

LJÓSMYNDARAR
Páll Stefánsson
Friðþjófur Helgason

HÖNNUN og HEIMASÍÐUR
Vilhjálmur Langfeldt
Jacqueline Sanz

NORDIC TIMES MEDIA
Síðumúla 29 • 108 Reykjavík
+354 578 2600
www.landogsaga.is

EFNISYFIRLIT

Menning & Vísindi.....	4	Hin sam-mannlega leit að glötuðum tíma.....	50	Af álfum og falgelum fjöllum.....	80
Gerðarsafn 30 ára.....	6	Frakkland / Ísland.....	54	Auðvitað Austurland.....	82
Ein pensilstroka getur breytt heildarmynd.....	8	Anna María design.....	55	Ég vel mér liti og eitthvað kemur til mín.....	84
Við eigum að standa vörð um samspil.....	12	Leikhúsið er heimili mennskunnar.....	56	Höldum rætur okkar í heiðri hjá Ræktó.....	86
Blönduð byggð og betri almenningsamgöngur..	18	Mikil frumsköpun, miklar tilfinningar.....	60	Fjaðrárgljúfur fríðað og keypt.....	88
Borgarhöfði.....	24	Náttúrufegurð, sagan og sælkeramatur í Dölum.....	64	Bobby Fischer safnið.....	90
Höfum verið farsælir í okkar starfsemi.....	28	Ósvör Óshólavíti & Ölver.....	66	Á Sprengisandi.....	91
Nýsköpun skemmtilegri en skipulagsmálin.....	35	Endalaus innblástur í Eyjafirði.....	68	Frá daufum eyrum borgarfulltrúa.....	92
Heimili er sköpun þeirra sem þar búa.....	38	Hamingjan býr í Eyjafjarðarsveit.....	72	Svanur Þorkelsson til liðs við Land & Sögu.....	94
Heimsókn í Smiðshús.....	40	Að sjá rautt.....	74	Hvar & hvenær?.....	96
Að skapa virði til framtíðar í meira en 40 ár.....	44	Undir heimskaupsbaug.....	76	Svaðilför Brendans sæfara til Íslands.....	85
Nábyli við náttúruvá.....	48	Rauðinúpur.....	79		





Íslensk erfðagreining



Alvotech Iceland

MENNING & VÍSINDI

Miðstöð menningar og vísinda á Íslandi er í Vatnsmýrinni, í Reykjavík. Þarna á litlum bletti, rétt vestan við Reykjavíkurlugvöll, er ekki bara Háskóli Íslands, með lungan úr sinni starfsemi, þarna eru tvö af öflugustu líftækni og lyfjafyrirtækjum landsins, Íslensk erfðagreining og Alvotech Iceland, auk Norræna hússins og Grósku. En Gróska er miðstöð nýsköpunar á Íslandi. Enda undirrituðu, fyrir þremur árum, Borgarstjórnin í Reykjavík, rektorar Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, forstjóri Landspítala

Íslands, og formaður Vísindagarda HÍ, stofnun Vísindaroppsins í Vatnsmýri. Verkefni sem er markaðsett alþjóðlega undir heitinu Reykjavík Science City af Íslandsstofu. Icelandic Times / Land & Saga fór og skoðaði svæðið, sem er svo miðsvæðis í höfuðborginni, en samt ekki. En ef... eða þegar Borgarlínan kemst á koppinn, verður þarna í Vatnsmýrinni milli Háskóla Íslands og Landspítala aðal samgöngumiðstöð landsins, og jafnvel lestarstöð fyrir Keflavíkurlugvöll.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



Norræna húsið og Askja, náttúrufræðahús HÍ



Stúdentagardarnir, gamli og nýi Gardur, Þjóðminjasafn Íslands í bakgrunni




Adalbygging Háskóla Íslands, teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, vígð 17. júní 1940



Norræna húsið í miðri Vatnsmýrinni, Alvotech Iceland í bakgrunni



Gróska til hægri, Íslensk erfðagreining til vinstri



GERÐARSAFN 30 ÁRA

Frá sýningunni, Hamskipti - Listsköpun Gerðar Helgadóttur í Gerðarsafni í Kópavogi



Upphaf Gerðarsafns - Listasafns Kópavogs, má rekja til ársins 1977, þegar erfingjar Gerðar Helgadóttur (1928-1975), færðu Lista- og menningarsjóði Kópavogs öll verk dánarbús Gerðar, að því tilskildu að bærinn byggði listasafn, sem sýndi verk hennar, og héldi minningu hennar á lofti. Gerðarsafn, var hannað af Benjamín Magnússyni, og opnað árið 1994, fyrir þrjátíu árum í Borgarholti í miðbæ Kópavogs, rétt austan við Kópavogskirkju. Í kirkjunni eru steindir gluggar eftir Gerði, sem framfæra lífsgönguna frá vöggju til grafar. Í tilefni þrjátíu ára afmælisins er blásið í lúðra, með sýningunni Hamskipti - Listsköpun Gerðar Helgadóttur. Frábær sýning sem sýnir kraftinn í þessum myndlistar jötni. Eins og segir í sýningarskrá; Sköpunarkraftur Gerðar var mikill, hugmyndirnar óteljandi og athugun hennar djúp og leitandi. Gerður var frumkvöðull innan höggmyndalistar og

brautryðjandi í þrívíðri abstraktlist á Íslandi. Hún ógraði viðurkenndum hugmyndum um myndlist með tilraunakenndri nálgun sinni. Færni hennar var gífurleg, hún tileinkaði sér tækni fjölda flókinnna aðferða og vann þvert á miðla, skapandi, dansandi, svífandi lipur, en á sama tíma svo kröftug. Í sýningunni Hamskipti er list Gerðar sett í sögulegt samhengi og verkin skoðuð út frá stefnum og straumum í samtíma hennar. Sjónum er einkum beint að örum breytingum í listsköpun Gerðar, þróun hennar úr hefðbundnu figúratívu myndmáli yfir í hið óhlutbundna, hvernig hún fer úr steini í leir í járn og brons. Úr mjög formfastri myndbyggingu í svífandi léttleika og yfir í lífrænni og náttúrulegri form. Svo mörg voru orð... en list Gerðar er tímalaus. Sýningin er tímalaus, einstaklega gleðjandi.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



„EIN PENSILSTROKA GETUR BREYTT HEILDARMYND MÁLVERKS“

Helgi Þorgils Friðjónsson hefur verið í hópi afkastamestu og þekktustu núlifandi listmálara Íslands undanfarna áratugi. Meðfram linnulitlu sýningabaldi víða um heim hefur hann sjálfur starfrækt einkagallerí á heimili sínu óslitið frá árinu 1980 þar sem hann hefur öðru fremur kynnt landann fyrir erlendum listamönnum. Og það er nóg framundan hjá Helga sem situr ekki auðum höndum frekar en fyrri daginn.

Helgi Þorgils er fæddur og uppalinn í Búðardal en fluttist ungur til Reykjavíkur til að hefja myndlistarnámið. Hann tók ungur til hendinni við bústörfin en engu að síður vitjaði listagyðjan hans snemma á lífsleiðinni, eins og hann rekur fyrir mér þegar við setjumst að spjalli á heimili listamannsins. Hornsófinn hans Helga skartar ótal litríkum púðum, rétt eins

og heimilið skartar fallegum listaverkum hvert sem litið er.

„Mér finnst þetta hafa byrjað þegar ég var mjög ungur, og ég geri mér í raun ekki grein fyrir því hvenær ég byrja að vera myndlistarmaður,“ segir Helgi um fyrstu árin. „Ég var náttúrulega búinn að lesa Lífsþorsta [sögu Vincent Van Gogh eftir Irving Stone] og Tunglið og tíeyringinn

[skáldsögu W. Somerset Maugham sem byggir að hluta á ævi Paul Gauguin] og ýmislegt fleira og ég hélt til að byrja með að þetta væri einhvern veginn svona. Þetta eru sögur af miklum listamönnum sem smám saman verða til. Gauguin byrjaði á að vera skrifstofumaður og Van Gogh ætlaði sér að verða prestur án þess að takast það,“ bætir Helgi við. „En hvað myndlistarnám varðar“ – Helgi hugsar sig um stutta stund – „fyrir mér þá býr myndlistarskóli ekki til myndlistarmann, en hann getur flýtt fyrir listamanni vegna þess að þú tengist mörgu á sama tíma og öðrum sem eru í svipuðum hugleiðingum, ferli sem tæki þig annars fimm til tíu auka ár.“



Að komast í gegnum þetta – eða ekki

Helgi Þorgils var teiknandi frá því hann man eftir sér, þó honum félli ekki verk úr hendi við sveitastörfin enda snemma fengin störf fullorðins fólks, að eigin sögn. Bændahjónin á Höskuldsstöðum þar sem hann dvaldi hálf tít frá 7-13 ára aldri voru fædd á 19. öld og bæði ólust þau upp á bæjum sem enski listamaðurinn W.G. Collingwood kom við á í Haukadal þegar hann ferðaðist um landið árið 1897. „Þegar Collingwood ferðaðist um landið þá teiknaði hann oft börnin á bæjunum, þannig að það er möguleiki að það sé einhvers staðar til portrett af hjónunum sem börn eftir Collingwood,“ bætir Helgi við kíminn. „En ég vann öll helstu verk og ég

held að þegar maður er svona einn við harða vinnu frá sjö ára aldri til fermingar, hér um bil, þá fellurðu í flokk annarrar af tveimur manngerðum; sú sem kemst í gegnum það og þroskast af því eða sú sem upplifir dvölina með neikvæðum hætti. Og ég var sem betur fer alltaf frekar einrænn. En þegar ég horfi til baka, þá man ég að fullorðnu fólk fannst ávallt gaman að tala við mig. Það er svolítið sérstakt. Það voru ekkert svo margir jafnaldrar til að leika sér við í sveitinni. En með myndlistina þá var það þannig hjá mér að ég hef alltaf lesið mjög mikið og skrifað mjög mikið, og ferillinn hefði jafnvel getað þróast í þá átt. Að hluta til þakka ég skrifunum vegna þess að þetta víxlast mjög vel

þannig að það þróar margt í myndlistinni, jafnvel meira en ef þetta væru bara skrifin. Þetta held ég að sé ástæða þess að ég hef frekar víða sýn á list og galleristinn minn á Ítalíu sagði einu sinni, sem mér þótti vænt um: Þín list er þannig að maður sér alla lista-söguna, alla mannkynssöguna í því sem þú ert að gera.“

„Gangur lífsins“ frá einum stað til annars

Í meira en 44 ár hefur Gallerí Gangur fylgt Helga Þorgils, heima hjá honum inni á gangi, vel að merkja. Á vef Listasafns Íslands segir: „Gallerí Gangur er listamannarekið sýningar-rými sem stofnað var



af myndlistarmanninum Helga Þorgils Friðjónssyni árið 1979 og er líklega elsta einkarekna gallerí landsins sem starfað hefur samfelld frá stofnun.“ Starfsemin hófst í janúar 1980 að Laufávegi 79 og hefur farið víða um Reykjavík síðan, alls óslitið og allt eftir búsetu Helga, meira að segja með tímabundnu útbúi að Kárastíg 9 á Hofsósi fyrir nokkrum árum. Galleríið er því á sinn hátt gangur lífsins hjá Helga.

„Núna er Bernd Koberling að sýna hérna,“ segir Helgi en Gangurinn hefur frá upphafi haft að markmiði að kynna myndlist erlendra samtímalistamanna hér á landi. „Gallerí Gangur hefur haft mjög mikið að segja í listalífinu hér heima, miklu meira en menn gera sér grein fyrir held ég. Margir erlendir listamenn hafa stigið þar sín fyrstu skref á Íslandi,“ bætir hann við. Á meðan listamenn hafa löngum barist við að koma sjálfum sér á framfæri hefur Helgi jöfnum höndum unnið að því að koma öðrum á framfæri. Hann er ekki frá því að þessi samvinnuhugsjón eigi sér rætur í sveitalífi æskustöðvanna.

„Þetta er nú bara úr sveitinni eins og hún var, og ég hef aldrei þegið neitt fyrir sýningarhald eða sölu verka í Ganginum og hef aldrei hlotið neina styrki fyrir starfsemi Gangsins. Ég ákvað það strax að þetta myndi aldrei koma nálægt peningum. Öll þessi nýfrjálsbyggja, það verður litið á hana sem tímabundið bull í framtíðinni. Sú hugsun er ekki tileinkuð lífinu á neinn hátt. En Gangurinn, hann er lífið sjálft.“ Að sögn Helga hafa gallerí og sýningarstaðir, sem í framhaldi hafa sýnt sömu listamenn sem áttu sína fyrstu sýningu á Íslandi í Ganginum í gegnum persónuleg vínatengsl hans við listamennina, ekki öll minnst á Ganginn í kynningum sínum á ferli viðkomandi listamanna hérlendis. „En það er í lagi,“ segir hann og brosir út í annað. „Ég hef alltaf sagt öllum nemendum mínum og hverjum sem er: Forðist að verða bitrir listamenn vegna þess að þú ert sá eini sem þjáist fyrir biturð þína. Hinum er alveg skítsama.“ Helgi hlær við. „Og ég hef engan áhuga á að eyða mínu stutta lífi í biturð.“



Að mæta fyrir framan tröurnar

Helgi Þorgils hefur verið sérlega iðinn við sýningarhald, hér heima og erlendis. Einkasýningarnar eru orðnar á annað hundrað og samsýningarnar vel á þriðja hundraðið. Hann segist vanafastur við vinnu sína og auðheyrir að hann reidur sig ekki alfarið á að innblástur vísiteri hann og fylli andagift. „Ég er alltaf mættur fyrir framan strigann snemma morguns. Við Kólur hérna förum alltaf út í morgungöngu á slaginu fimm og ég er kominn aftur hingað inn um kortér fyrir sex, fæ



mér þá kaffi og er svo sestur fyrir framan tröurnar. Fyrst er að skrifa niður, einhverjar hugsanir með sjálfum mér. Svo byrja ég að vinna.“

Helgi lýsir því hvernig hugmyndir og mótíf málverka, einkum hinna stærri, séu oft fleiri mánuði að „grassera“ í undir-meðvitundinni, áður en kemur að því að strekkja strigann. „Svo horfir maður á strigann, krotar með kolum og svona, fram og til baka, og þá er þetta farið að líta frekar vel út og orðið skýrt. Svo byrja ég að vinna í verkunum og sumum finnst myndirnar mínar jafnvel fallegastar þá, þegar þær eru ófullgerðar og expressíónískar. En svo kemur að því að grafa smám saman inn eftir endanlegri mynd, og það er ekki alltaf endilega skemmtilegt. En svo allt í einu kemur eitthvað og þá er sú vinna kannski vika eða hálfur mánuður. Þá veit maður nokkurn veginn hvernig myndin endar hér um bil. En í málverki er það náttúrulega þannig að ein pensilstroka getur breytt heildarmynd,“ bætir hann við, íbygginn á svip.

Fimm sýningar á næsta ári – þar af ein á óvæntum stað

Talandi um heildarmynd – það er vissara fyrir Helga Þorgils að hafa góða yfirsýn yfir heildarmynd líðandi stundar því það er nóg um að vera hjá honum framundan. Í meðalári setur hann jafnan upp tvær til þrjár sýningar á ári en árið 2025 verða þær hvorki fleiri né færri en fimm talsins.

„Ein sýningin verður á óvæntum stað og ekki tímabært að segja frá því alveg strax, en hún verður í júní á næsta ári. Í janúar verð ég með einkasýningu í Silkeborg, sem er jú staðurinn hans Asger Jorn, og svo verð

ég í Gautaborg með aðra einkasýningu. Þá tek ég þátt í samsýningu í Þýskalandi sem opnar í byrjun ágúst og svo væntanlega annarri í borginni Trento á Ítalíu.“ Þá er ótalið að Gangurinn mun skarta verkum merkra listamanna allt næsta ár eins og vant er. Þar á meðal má nefna hina þekktu áströlsku listakonuna Jenny Watson úr annarri bylgju fémínista, en hún hefur sýnt einu sinni áður í Gallerí Gangi.

Að síðustu sest Helgi upp í sófanum og styður olnbogum á hné, með spenntar greipar. Hann er þögull um stund en tekur svo til máls. „Mig langar að nefna Hrein vin minn Friðfinnsson, sem er nýdáinn, og ég ætla að segja þér frá síðasta verkinu okkar saman. Morguninn sem Hreinn dó, sendi ég honum tölvupóst þar sem ég bauð honum að setja upp sýningu í Ganginum, eins og við höfðum alloft talað um. En Hreinn hefur dáið í þann mund sem ég ýtti á hnappinn til að senda skeytið. Stefán, eiginmaður Báru, bróðurdóttur Hreins, kom til mín klukkan tíu þennan morgun í spjall og kaffi. Hann var varla kominn inn úr dyrunum þegar Bára hringdi og þá sagði Stefán að hann þyrfti að fara með það sama, það væri eitthvað áriðandi sem kallaði að. Þegar hann var farinn opnaði ég tölvupóstinn minn í símanum og þar var skeyti frá aðstoðarmanni Hreins. Hún þakkaði mér tölvupóstinn sem ég hafði sent fyrr um morguninn og tjáði mér um leið að Hreinn hefði látist þá um morguninn. Rétt á eftir fékk ég svo skeyti frá Stefáni þar sem hann sagði mér frá andláti Hreins. Þessi hringrás er eiginlega fjórða sýning Hreins í Ganginum.“

Texti: Jón Agnar Ólason



„VIÐ EIGUM AÐ STANDA VÖRÐ UM SAMSPIL BYGGÐAR OG NÁTTÚRU“

Miðborg Reykjavíkur. „Það má eiginlega segja að borgir séu lífrænt fyrirbæri, þetta er eiginlega lífvera. Þetta er svo flókið fyrirbæri að mannhugurinn ræður varla við að taka inn alla þá þætti sem skipta máli,“ segir Pétur Ármannsson.



Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun

Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun, er með fróðari mönnum um byggingarsögu Íslands, strauma, stefnur og stórvirki í arkitektúr hérlendis. Þar sem mikið er um framkvæmdir í borgarlandinu um þessar mundir ákvað blaðamaður að setjast með Pétri og ræða skipulagsmál í viðum skilningi, skoða þá vegferð sem Reykjavík og nágrenni er á í þeim efnum og margt annað sem lýtur að hönnun húsa og umhverfis okkar hérlendis.

„Skipulagsmál eru sennilega eitt af flóknustu viðfangsefnum sem mannskepnan glímir við, það er að móta sitt umhverfi,“ segir Pétur þegar við setjumst yfir snarpheitt

kaffi á krús í húsakynnum Minjastofnunar sem eru í gullfallegu húsi við Suðurgötu 39, en þar starfar Pétur sem sviðsstjóri Húsvendrar-, umhverfis- og skipulags-sviðs. Spjall okkar hefst á vangaveltum um hvað það er sem einkennir vel skipulagt íbúðahverfi og hvernig skipulagsmál hafa þróast í sögulegu samhengi. „Ef maður lítur á hvernig borgir hafa orðið til í gegnum söguna þá eru það nú bara oft á tíðum sjónarmið eins og hernaðarsjónarmið sem hafa valdið því. Ef við tökum svo til dæmis staðsetningu borga þá urðu þær gjarna til þar sem til staðar voru brýr yfir ár eða árósar, þar sem hafnir voru og unnt var að innheimta tolla. Það voru oft slíkar ástæður sem lágu til grundvallar þessu. Svo má ekki gleyma því, ef við erum að tala um Evrópu, að þar voru oft varnarsjónarmið sem réðu, og herforingjar sem skipulögðu borgir í upphafi, byggðu virkismúra og voru stöðugt að hugsa um öryggi sitt,“ bætir Pétur við. „Þannig að borgir urðu til innan virkismúra og urðu mjög þéttar, eins konar borgvirki. Saga skipulags er löng og flókin en oft á tíðum er einhverjar meginlínur í þróun samfélagsins sem liggja til grundvallar þessu. Síðan þróast borgir oft stig af stigi, það má eiginlega segja að borgir séu lífrænt fyrirbæri, þetta er eiginlega lífvera. Þetta er svo flókið fyrirbæri að mannhugurinn ræður varla við að taka inn alla þá þætti sem skipta máli.“

Arkitektúr er meira en 2000 ára gömul grein

Pétur heldur áfram. „Persónulega finnst mér auðveldast að hugsa um þetta – bæði húsa-gerð og skipulag – sem reynsluvísindi, það sem kallast á ensku empirical science. Að minni hyggju þá er það svona rauði þráðurinn í því bæði hvernig skipulag þróast og húsa-gerð hefur þróast gegnum aldirnar; það er þessi hugsun að menn uppötva eitthvað nýtt, allt á sér einhverjar rætur. Við getum þar talað um klassísku byggingarlistina í Grikklandi sem á sér rætur í höllinni í Knossos á Krít. Þar byrja menn að þróa það sem við þekkjum sem klassíska byggingarlist. Arkitektúr er svo gömul grein – menn átta sig ekki á því að hún er meira en 2000 ára gömul. Fyrir þessum 2000 árum voru menn að fást við viðfangsefni sem í fagurfræðilegu tilliti eru að mörgu leyti sambærileg við það sem menn eru að fást við í dag, semsé að móta umhverfi mannsins, móta form og rými og leysa ákveðnar

tæknilegar lausnir miðað við það. Þetta er svo gömul grein, og í upphafi, og allar götur síðan, fól hún í sér að samþætta list, tækni og félagslega hugsun.“

Eins og Pétur útskýrir var þessi þekking á húsa-gerðarlist lengi vel á einni hendi en með iðnbyltingunni koma til sögunnar nýjar stéttir; það verður meiri sérhæfing, verkfræðingar taka forystuna í því að þróa nýjar tæknilausnir og arkitektinn verður á tímabili hálfpartinn viðskila við framþróunina. „Í dag er þetta orðið mjög flókið því það eru svo margir sem koma að því að móta umhverfið,“ bætir Pétur við. „Talandi um að móta umhverfið. Kynslóð Guðjóns Samúelssonar, sem mótast í lok níttjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu, á tímabili þegar mannkynið trúði því að það væri búíð að ná einskonar fullkomnun – það var komin ný tækni með endalausum möguleikum, frjáls viðskipti og ófriðarbal liðinnar aldar að baki og menn sáu fyrir sér að þeir væru komnir á lygnan sjó með þróun siðmenningarinnar – þessi kynslóð trúði því að það ætti að hanna og skipuleggja borgir eins og heildstæð listaverk. Belle Époque væri komin til að vera og maður finnur þetta bæði í því sem Guðjón Samúelsson skrifar, að það að skapa og móta borg í fagurfræðilegu tilliti með velferð íbúanna í huga – það sé æsta viðfangsefni byggingarlistar. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari talaði líka um að það að móta borg sé hápunktur þrívíðrar listsköpunar – borgin sem samfelld listaverk.“

Róttækur hugmyndir sem hafna því gamla

Þetta reyndust á sinn hátt ákveðin lokaorð því þessi göfuga hugsjón beið vitaskuld skipbrot í fyrri heimsstyrjöldinni og heimsmyndin fallega um meinta fullkomnun mannkyns hrundi með það sama. Í kjölfarið sneru menn baki við ákveðnum hlutum úr fortíðinni og leitundu þess í stað nýrra leiða til að nýta tæknina og framþróun í fjöldaframleiðslu til að búa til eitthvað annað en drápstæki, eins og Pétur útskýrir. „Upp úr þessu sprettur Bauhaus skólinn í Weimar og ýmsar þær hreyfingar þar sem menn vilja gjarnan bara snúa baki við fortíðinni, alfarið, og á þessum tíma koma fram mjög róttækur hugmyndir um borgarskipulag – að hafna gamla tímanum.“

Þessar hugmyndir eru á sinn hátt skiljanlegar, í ljósi hörmunga hildarleiksins sem



Nýja miðborgin í Reykjavík. Það hefur sumpart verið framkvæmt í takt við byltingarkenndar hugmyndir Le Corbusier frá því á 3. áratugnum; hluti miðborgar rifinn og háhýsi byggð í staðinn.



Horft eftir Austurstræti. Sumt hefur verið rífið, en gamla Morgunblaðshöllin stendur enn í hjarta Grjótaþorpsins.



Gömlu verkamannabústaðirnir í Vesturbænum, „þar sem sjónarmið fagurfræði og að skapa manneskjulegt og gott umhverfi fara saman í tiltölulega þéttri byggð, þó þannig að húsin eru ekki of há og standa jöfn,“ eins og Pétur bendir á.

fyrri heimsstyrjöldin var, en hafa aftur á móti ekki allar elst vel. Pétur nefnir í þessu sambandi einn nafntogaðasta arkitekt 20. aldar, hinn svissnesk-franska Charles-Édouard Jeanneret, sem betur er þekktur undir nafninu Le Corbusier. „Hann setti til að mynda fram hugmyndir á 3. áratugnum um að rífa hluta af miðborg Parísar og reisa þar háhýsi.“

Það er ekki laust við að blaðamaður hvái og Pétur brosir í kampinn. Ekki hugnaðist mönnum þessi róttæka nálgun of vel í þá daga og láí þeim hver sem vill; fæstir myndu vilja skipta á 2. og 3. hverfi Parísar eins og við þekkjum það, og fá í staðinn blokkarþyrpingu á við þá sem Bauhaus-frömuðurinn Walter Gropius teiknaði sem stendur í Berlín og kölluð er Gropiusstadt, einna þekktust fyrir að vera heldur ömurlegt söguvið bókarrinnar Dýragarðsbörninn. En það er önnur og verri saga.

„Hafa verður í huga að hugmyndin er kannski sett fram á sínum tíma sem ákveðin ögrun gagnvart því sem honum þótti gömul og úrelt gildi. Le Corbusier var byltingarsinni á þessum tíma og allt voru þetta jaðarhugmyndir en það tókst að þróa þær. Það voru byggðar mjög skemmtilegar fúnksjónarlískar byggingar á árunum fram

að seinni heimsstyrjöld en ekki þannig að það væri verið að rífa heilu borgarhlutana til að koma þeim fyrir. Það var verið að byggja ný hverfi fyrir verkamenn og bæta hýbýli þeirra, og þá kemur þessi fallega hugsjón – að megin viðfangsefni framsækinna byggingarlistar eigi ekki að vera það að þjóna andlegu og veraldlegu valdi og búa til leiktjöld fyrir þá sem hafa völd og peninga, heldur ætti það að vera að leysa húsakost almennings, og nýta nýja tækni til að allur almenningur verði gert kleift að eignast fallegt og heilsusamlegt húsnaði.“

Furðanlega framsýnir Íslendingar

Þetta er mjög göfug hugsjón, eins og Pétur bendir á, ekki síður en aldamótahugsjónin um borgina sem heildstætt listaverk með kirkjum og skrautbyggingum, breiðgötum og þvíumlíku. „Þar var líka kominn ákveðinn móðernismi, má segja, því menn eins og Guðjón Samúelsson arkitekt og Guðmundur Hannesson læknir lögðu áherslu á sólarbirtu og heilsusamleg sjónarmið, gróður, hús ættu ekki að vera of há og annað slíkt.“

Á daginn kemur að Íslendingar voru býsna framsýnir þegar kom að arkitektúr og

skipulagi á þessum tíma. „Þegar menn hér á landi byrja að hugsa um skipulag byggðar og þéttbýlis á Íslandi – í kjölfarið á skrifum Guðjóns, og bókark Guðmundar sem kom út 1916 sem er ákaflega merkileg bók enda grunnurinn að fyrstu íslensku skipulagslögjöfni – voru samþykkt lög árið 1921 um skipulag bæja og sjávarþorpa,“ bendir Pétur á. „Þetta var mjög framsækin löggjöf, meira að segja í norrænu samhengi. Íslendingar voru þarna á tímabili nokkuð framsæknir í þessum efnum. Skipulagsnefndin var svo skipuð í kjölfarið með þeim Guðjóni og Guðmundi ásamt Geir Zoëga vegamálastjóri, og þetta þríeyki vann alveg ótrúlega merka vinnu á tímabilinu fram undir seinni heimsstyrjöld, og lagði þá í rauninni grunninn að skipulagi Reykjavíkur og annarra helstu bæja.“

Það var og. Það voru semsagt komnar á borðið hugmyndir hér á landi fyrir hundrað árum síðan um heppilegt skipulag og arkitektúr. Hefði ekki mátt ætla að þaðan í frá yrði vinna af því taginu á beinu brautinni? Að því gefnu að hér sé um að ræða „reynsluvísindi“ eins og Pétur talaði um hér að framan? Ekki er það nú svo einfalt. „Ég hef oft haft orð á því við kollega mína og

aðra sem hafa með skipulagsmál að gera, að segjum sem svo að við séum að skipuleggja nýtt hverfi í útjadhri Reykjavíkur, til dæmis á Geldinganesi, hvar eigum við þá að leita fyrirmynda? Þá myndi ég segja, bíddu við – það hafa verið byggð hverfi í Reykjavík eins og þar sem var byggt innan Hringbrautar á 3. áratugnum, það er að segja hverfið í kringum Landakotskirkju, Ásvallagatan, í kringum elliheimilið Grund, Hringbrautin og gömlu verkamannabústaðirnir, þar sem sjónarmið fagurfræði og að skapa manneskjulegt og gott umhverfi í tiltölulega þéttri byggð, þó þannig að húsin eru ekki of há og standa jöfn. Þetta er byggðarmynstur sem er mjög heppilegt með tilliti til skjólmyndunar og sólarljóss – af hverju notum við ekki þetta sem grunn til frekari þróunar frekar en að koma með eitthvað alveg nýtt? Af hverju byggjum við ekki á þessum grunni og þróum það áfram miðað við forsendur nútímans? „Í nafni reynsluvísinda?“

Dæmi um vel skipulagt hverfi

Því eins og Pétur nefnir, þá er það að byrja frá grunni mannsheilanum eiginlega ofviða. „Þetta er bara of flókið fyrirbæri til þess! Í þessu sambandi bendi ég á eitt sem mér finnst



Í Grjótaþorpinu hefur oft verið tekið á um húsavörndun, og einna heiftarlegastar urðu deilurnar um húsið sem nefnt var Fjalakötturinn. Honum varð þó ekki bjargað.

athyglisvert. Þegar hinn þekkti skipulagsmaður frá Danmörku, Peder Bredsdorff, var kallaður hingað til lands árið 1960 til að vinna nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík, þá sá hann gæðin í þessum hverfum, til dæmis í gömlu verkamannabústöðunum í Vesturbænum sem Gunnlaugur Halldórsson teiknaði, tveggja hæða byggð, samfelld, lágreist. En um háu blokkirnar við Sólheima og Austurbrún sagði hann: það á ekki að byggja fleiri háhýsi í Reykjavík. Það hentar ekki loftslaginu, og er ekki heppilegur byggingarmáti. Horfið frekar aftur til þess sem var gert í Vesturbænum á 3. og 4. áratugnum. Hann beitti sínum áhrifum þannig að í skipulagi Neðra-Breiðholts og í Árbænum var unnið mjög manneskjulegt skipulag af Stefáni Jónssyni arkitekt og Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt sem var innblásið af gamla Vesturbænum. Skjólmyndun, garðsvæði, og svo framvegis – þetta vil ég meina að sé fallett dæmi um hvernig menn þróuðu eitthvað nýtt í takt við sína samtid út frá því sem reynst hafði vel við íslenskar aðstæður.“

Þétting byggðar hefur villst á sérkennilegar brautir

Pétur bendir í framhaldinu á Fossvoginn sem vel heppnað hverfi hvað skipulag varðar, „Hann var að einhverju leyti hugsaður fyrir tekjuhærri hópa en þar er samt sem áður ákveðin blöndun og þar er þessi hugsun um þétta og lága byggð mjög í hávegum höfð. Hugmyndafræðin þar gekk út á að það væri hægt að fara gangandi um allt hverfið án þess að fara yfir bílagötu, og auk þess eru raðhúsin mörg hver ekki við bílagötu heldur við gangstíg. Það má segja að gangstígakerfið sé aðal umferðarkerfið í hverfinu. Þarna er á ferðinni falleg hugsjón sem mér finnst í seinni tíð hafa fennt yfir.“

Hér erum við Pétur komnir í samtímann og það sem hefur verið að gerast hin seinni ár. Eins og hann bendir á er einn anginn af þessu viðfangsefni – að reyna að skilja og móta borgina – hin margtalaða „þétting byggðar“ sem er að hans sögn ekki alveg rétt þýðing á enska

hugtakinu sem er „Urban Renaissance“ sem merkir að endurvekjja hefðbundna borgarmynd að einhverju leyti. „En í upphaflegu hugmyndafræðinni eins og hún er sett fram af breska arkitektinum Richard Rogers, þá talar hann um að taka fyrir ónýtt svæði innan borga – iðnaðarsvæði, járnbrautarteina sem eru hætti að þjóna tilgangi sínum og byggja þar upp borgarhverfi. En þar er alveg skýrt kveðið á um að það eigi að verða til þess að auka gæði borgarinnar, skapa félagslega fjölbreytni og fagurfræðilega mótun og þar talar hann um að byggja randbyggð, með einhvers konar verslunar- og atvinnustarfsemi á götuhæð og húsið sé alls ekki hærra en fjórar hæðir. Hann setur mörkin skýrt við það.“

Pétur bendir á að umrætt hugtak hafi síðan þróast inn á mjög sérkennilegar brautir hér á landi, með kynningum um að byggja eigi sjö, átta og jafnvel níu hæða randbyggingar sem standa alveg úti við götu. Hann minnir á hina merku bók Guðmundar Hannessonar – frá 1916, vel að merkja – og að þetta nákvæmlega það sem hann er að vara þar við; að Íslendingar eigi að varast að byggja eins og menn höfðu gert þar sem voru þá nýjustu hverfin í Kaupmannahöfn, 19. aldar húsin í kringum vötnin, á sjö eða átta hæðum með skrautlegri framhlið en svo eru einhverjir skuggalegir bakgarðar þar sem fátæka fólkið bjó. „Þvert á móti hvatti Guðmundur til þess að byggt yrði lægra, svo allar íbúðir njóti sólar og skjóls. En það sem við erum að sjá bara á allra síðustu árum hér á landi, til dæmis Héðinsreiturrinn í Vesturbæ Reykjavíkur og hverfið fyrir ofan Smáralind, eru átta til níu hæða hús við þröngar götur. Maður sér ekki lengur landslagið og fjöllin, í hverfi sem manni virðist drifið áfram af hagnaðarsjónarmiðum og þarna finnst mér bæði upphaflega hugsjónin aldámótamannanna um borgina sem listaverk og eins hugsjónin um að skapa gæðahúsnæði fyrir þá sem minnst eiga, mér finnst þær hafa farið fyrir bí hérna.“

Frekar tekið mark á fasteignasölum

Hluti af vandanum er sá að sögn Péturs að að byggingariðnaðurinn í dag er ekki að framleiða íbúðir til að búa í heldur sem hjárfestingarvöru. Þetta sé alþjóðlegt vandamál í fjörmörgum borgum erlendis þar sem heilu háhýsahverfin séu að rísa þar

sem ekki sé búið nema í litlum hluta af íbúðunum. „Íbúðirnar eru bara bankahólf – þetta eru hjárfestar sem eru að geyma fé sitt í fasteignum. Þeir sem byggja blokkirnar hafa meira upp úr þessu en að byggja íbúðir fyrir almenning, og pólitíkin hefur að mínu viti ekki áttað sig á þessu. Mannlífð geldur fyrir.“ Pétur bætir við að það sé með ólíkindum sem er að gerast í dag, í nafni stefnu sem kölluð hefur verið „þétting byggðar“, og að þarna hafi eitthvað farið mikið úrskeiðis. „Þessi þéttingarstefna er í grunninn, eins og allar aðrar, byggð á góðri hugsun, en leiðin til heljar er vörðud góðum ásetningi, eins og þar stendur. Ég bara skil ekki á hvaða vegferð menn eru, að reisa svona skuggaborgir.“

Að mati Péturs má segja að hin húmaníska hugmyndafræði í skipulagi annars vegar og fagurfræðileg hugsun hins vegar, það hafi allt verið látið vikja fyrir hagnaðardrifnum sjónarmiðum. Frekar sé þarna tekið mark á fasteignasölum en fólki sem er búið að vera mörg ár í háskóla að læra að móta umhverfi. „Ég held að þarna sé á ferðinni skortur á gagnrýnni umræðu. Ég hef oft sagt við skipulagsfólk að það á að vera stöðugt gæðamat þegar byggt er nýtt hverfi, nýr borgarhluti, þá eiga menn að setjast niður og skoða hverjar voru forsendurnar fyrir þessu hverfi, hugmyndafræðin, áherslurnar, hvernig tókst til og hverskonar umhverfi hefur tekist að skapa. Náðust þau markmið sem lagt var upp með eða eru þau að einhverju leyti takmörkuð – hvað getum við lært af þessu hverfi? Og svo lærum við af því fyrir næsta hverfi. Í nafni reynsluvísinda ætti þannig hvert hverfi að verða örlítið betra en hverfið á undan, frekar en að við séum að finna upp hjólið endalaust.“

Fallett umhverfi hefur áhrif á vellíðan

Að endingu geldur Pétur varhug við erlendum hugmyndum og tískustráumum, og hann ítrekar að þó hann geti tekið undir margt í hugmyndinni um þéttingu byggðar, þá telji hann hana á villigötum eins og hún er í dag. „Það held ég að sé af því að einhvern veginn hafa hagnaðardrifin sjónarmið þeirra sem eru að framleiða byggingarnar algerlega tekið yfir og þeir sem eru að tala fyrir fagurfræði og félagslegum sjónarmiðum hafa bara orðið undir í umræðunni og þar með í mótuninni. „Fallett umhverfi snýst um lífsgæði, eins og Guðjón Samúelsson sagði forðum



Hinn þekkti skipulagsmaður frá Danmörku, Peder Bredsdorff, sá gæðin í gömlu verkamannabústöðunum í Vesturbænum sem Gunnlaugur Halldórsson teiknaði.

í sinni fyrstu grein – að fallett umhverfi hefur áhrif bæði á andlega og líkamlega vellíðan almennings,“ bendir Pétur á. „Þess vegna skiptir skipulag og byggingarlist svo ótrúlega miklu máli, vegna þess að almenningur hefur lítið um það að segja hvernig umhverfi hans er. Hann verður að treysta kjörnum fulltrúum fyrir því að beita áhrifum sínum og það er alltaf að minnka og minnka að fólk geti haft áhrif á umhverfi sitt, því miður. Það er mikill ábyrgðarhluti að teikna byggingar og móta umhverfi fólks. Hönnunar- og þróunarvinnan er afar mikilvæg og mér finnst hún hafa verið vanrækt hér á landi. Við höfum vanrækt tenginguna við náttúruna, sem er það sem erlendir gestir taka eftir og tala um þegar þeir koma til Reykjavíkur, það er samspil byggðar við náttúruna allt um kring. Að sjá út á sundin blá af og til þegar gengið er niður Laugarveginn, eða sjá glitta í Reykjanesfjallgarðinn þegar staðið er niðri við Reykjavíkurtjörn. Það er tengingin við þetta lífræna sem við eigum að leggja áherslu á og standa vörð um.“

Texti: Jón Agnar Ólason



Horft frá Seltjarnarnesi á Regnboga yfir Eiðisgranda í Reykjavík



Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.



BLÖNDUÐ BYGGÐ OG BETRI ALMENNINGSAMGÖNGUR

Óhætt er að segja að Reykjavíkurborg hafi tekið talsverðum breytingum síðustu 15 ár eða svo. Ný hverfi verða til um leið og miðborgin hefur á margan hátt tekið stakkaskiptum. Land & Saga settist niður með Ólöfu Örvarsdóttur, sviðsstjóra Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, til að fara yfir verkefnið, ávinninginn fyrir íbúana og – síðast en ekki síst – hvað er framundan í náninni framtíð.

Á könnu Umhverfis- og skipulagssviðs er svo að segja allt sem viðkemur hinu manngerða umhverfi borgarinnar. Þar með talið eru skipulag, byggingar, samgöngur, loftslags- og umhverfismál, sorphirðan, Grasagarðurinn, Vinnuskólann og allar framkvæmdir og viðhald, svo fátt eitt sé nefnt. Verkefnið eru því ærin og margvísleg.

Byggjum inn á við – ekki út á við
„Meðal helstu áskorana okkar um þessar mundir er að auka framboð íbúðarhúsnæðis, það er að líkindum viðamesta verkefnið í dag. Í raun er mikilvægt að halda því til haga að við erum með mjög mikið af tilbúnu

deiliskipulagi sem hægt er að fara byggja eftir. Á móti þurfa svo auðvitað lánakjör og annað að vera hagstæð.“ bendir Ólöf á. „Svo er það stefna Reykjavíkurborgar er að byggja inn á við en ekki út á við því það eru vaxtarmörk á höfuðborgarsvæðinu, rétt eins og hjá hinum sveitarfélögum en það er leið til að nýta innviði betur og gera borgina sjálfbærari.

Að efla hágæða almenningssamgöngur
Ástæðan fyrir þessum mörkum í svæðis- skipulagi frá árinu 2015 er að sögn Ólafar fyrst og fremst að aðallega er möguleiki á því að búa á einum stað í borginni en vinna annars staðar. Þá eykst þörf fyrir

frekari samgönguinnviði og göturnar þola varla meiri umferð eins og flestum ætti að vera ljóst. „Svo eru borgir almennt sjálfbærari ef blöndun íbúða og atvinnu- tækifæra er til staðar. Til þess að mæta þörf fyrir samgönguúrbætur og ekki síst vegna loftslagsmála hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gert samgöngusáttmála við ríkið þar sem ákveðið var að efla hágæða almenningssamgöngur. Þetta

hangir allt saman, að geta unnið nálægt heimilinu sínu, búið nálægt vinnu- staðnum, sótt þjónustu í göngufjarlægð og að til staðar séu hágæða almenningssamgöngur svo ekki sé talað um þétt net hjólastíga. Þetta bætir heilsu og almenn lífsgæði borgarbúa. Gleymum því ekki að það er dýrt að eiga bíl og þann kostnað ætti með réttu að reikna með inn í búsetukostnað. Við þurfum að tryggja

fjölbreytta framtíð húsnæðis sem er samt í samræmi við okkar umhverfisáherslur í gegnum skipulagsgerð, í samvinnu við hagaðila og byggingarbransann. Það er ákveðin áskorun.“

Samgönguás frá úthverfum til miðborgar

Hér erum við Ólöf komin inn á það brúna viðfangsefni sem ítrekað hefur ratað í

fréttir undanfarin ár og í daglegu tali kallast þétting byggðar.

„Já, hugtakið yfir þetta er líka svokölluð Samgöngumiðuð borgarþróun (e. Transport-Oriented Development) og birtingarmynd þess er öllum sýnileg sem þessi samgönguás sem nær núna frá miðborginni alla leið upp á Keldur, sem er næsta stóra úthverfið í Reykjavík,“ útskýrir Ólöf. Um þennan ás mun aka Borgarlínan.



„Ef við rekjum þennan ás frá austri til vesturs þá mun hann verða frá Keldnaholti þar sem rísa mun fjölbreytt og vistvænt hverfi. Við tekur Ártúnshöfðinn þar sem við erum að byggja nýtt innan um gamalt til að þétta og blanda byggð. Það er verkefni sem komið er vel af stað og mun breytast í nýtt hverfi þó í bland við það sem þar er fyrir en þar munu rísa íbúðir, skólar, menningarhús, skemmtileg úti-rými og torg og allskonar fleira,“ segir

Ólöf. „Þetta hverfi verður tengt með brú inn í nýja hverfið í Vogabyggðinni þar sem mikil uppbygging hefur verið í gangi og þar er einmitt ný afstaðin hönnunarsamkeppni um skóla og grunnskóla þar sem skólabyggingin brúar hverfin tvö. Svo er áformað að setja Sæbraut í stokk og þá er hægt að tengja hverfin á yfirborði betur við okkar gamla og góða Vogahverfi.“

Þá erum við komin niður á Suðurlandsbraut, þar sem Mörkin er, og í

Skeifunni er töluverð uppbygging í gangi og nú þegar er risið stórt íbúðarhús að Grensásvegi 1.

Við höldum áfram sýndarferðalaginu undir leiðsögn Ólafar og komum að Orkureitnum svokallaða þar sem Orkúhúsið var. Þar er mikil uppbygging yfirstandandi og meira til í Álheimunum þar sem til stendur að byggja upp íbúðir á bensínstöðvarlóð.

„Ef við förum aðeins lengra í vestur erum við með Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla,“

bætir Ólöf við. „Þar erum við að gera þróunaráætlun þar sem við ætlum að hækka húsin lítilliga til að bæta við íbúðum á efri hæðum til að breyta reitnum í meiri blöndu af atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Fyrir aftan Nordica-hótelíð er svo deiliskipulag í vinnslu þar sem geta bæst við íbúðir. Þá er nýtt fjögurra stjörnu Hyatt-hótel í byggingu þar sem gamla Sjónvörpshúsið er og þar skammt undan er Heklureitur með fleiri hundruð íbúðum

og svo erum við komin niður á Hlemm. Þar er verið að taka allt í gegn með fallegu útisvæði og göngugötum.“

Þá liggur leiðin niður Hverfisgötuna þar sem mikil þétting byggðar hefur þegar átt sér stað með nýjum húsum og íbúðablokkum og að endingu ber okkur niður á Hafnartorgi og við Austurhöfn þar sem fjölmargar íbúðir hafa verið byggðar. „Að þessu samanlögðu erum við þarna með þéttingarárs meðfram

almenningssamgöngum. Framangreint liggur allt meðfram Borgarlínunni,“ segir Ólöf. Fjöldi íbúða er meiri en í hefðbundnu skólahverfi, að hennar sögn.

Hóflæg hæð á húsunum

Það er gömul saga og ný að á meðan byggingarfélög vilja gjarna hámarka hagnað með því að byggja upp á sem flestum hæðum – til að koma eins mörgum íbúðum fyrir á lóðarreit eins

LAND & SAGA

og mögulegt er – þá er almennt talið mannvænna að byggja ekki of hátt upp svo sólar megi njóta og útsýni sem ekki of skert. Affarasælast fyrir alla hlutaðeigandi telst því væntanlega að fara bil beggja, en hvernig verður þessu háttað í framangreindum verkefnum, þar sem verið er að þetta byggðina og byggja nýtt?

„Það er ekki verið að byggja tiltakanlega hátt í neinu af þessum verkefnum sem ég nefndi hér að framan. Við Hlíðarenda er verið við að fara upp í fimm hæðir. Kannski sex í einhverjum tilvikum. Á Heklureitnum erum við að fara upp í sex til átta hæðir, og þá inndregið. Það er það með því hæsta sem við erum að gera.

Almennt er verið að vinna með þrjár hæðir upp í fjórar til fimm. Á völdum stöðum upp í sex, sjö og aðeins hærra í kringum áformaðar borgarlínustöðvar.“

Borgarhönnunarstefna á borðinu

Ólöf bætir því við að gerð sé krafa um birtu í görðum samkvæmt útreikningum sem settir hafa verið inn í aðalskipulag Reykjavíkur „til að hafa eitthvað í höndunum þegar við erum að tala við uppbyggingaraðila. Hvað varðar birtu í íbúðum langar okkur oft að ganga lengra en byggingareglugerð segir til um – sem er mest lítið. Reyndar vildi ég óska að byggingareglugerð væri aðeins strangari

þar,“ bætir hún við og kímir. „Dagsbirta og sól er svo dýrmæt á okkar breiddargráðu.“

Að sögn Ólafar er núna í vinnslu, og komin nokkuð langt, svokölluð Borgarhönnunarstefna. „Þar erum við að tryggja, í þessari hröðu uppbyggingu sem hefur átt sér stað, að það séu jafnvel forgarðar fyrir framan nýbyggingar og nóg af grænu á hverjum einasta stað. Ef það eru byggðir bílakjallarar þá sé krafist jarðvegsþykktar þar ofan á svo gróður geti vaxið og dafnað. Þegar upp er staðið snýst mótun borgar líka um blómin og býflugurnar. Þegar byggt er nýtt innan um gamalt er byggt á hagkvæmari hátt fyrir sveitarfélög og umhverfið því innviðir



eru þegar til staðar, eins og göturnar, lagnirnar, skólarnir – þó líklega þurfi að stundum að byggja við – þannig að fótspor uppbyggingar í nýju úthverfi er svo miklu stærra að öllu leyti, bæði hvað varðar umhverfið og notkun fjármuna.“

Umferðarþunginn minnkar tæpast úr þessu

Allir sem nota bíl í Reykjavík og nágrenni þekkja þann umferðarþunga sem er allsráðandi að morgni dags, þegar fólk ekur til skóla og vinnu, og svo aftur síðdegis þegar haldið skal heim aftur. Með hliðsjón af þeirri samgöngubót

sem Borgarlínunni er ætlað að vera, hvaða breytingum mega íbúar Stór-Reykjavíkursvæðisins búast við þegar hún er komin í gagnið? Er raunhæft að ætla að bílum fækki á götunum?

„Nei, við munum ekki sjá færri bíla,“ segir Ólöf. „Ég held að það sé óraunhæft að ætla það. En hinsvegar verðum við með Borgarlínunni komin með valkost. Okkur er stöðugt að fjölga og fólk hættir tæplega að keyra. En við erum vonandi að draga úr fjölgun bíla á götunum og koma í veg fyrir þennan vöxt sem hefur verið gríðarlegur á undanförunum árum. Bílum má ekki fjölga í samræmi við

fólksfjölgun því það er hreinlega ekki pláss fyrir þann vöxt og áhrif á umhverfi og lýðheilsu yrðu slæm. Borgarlínan, sem mun koma á sjö mínútna fresti og fara óhindrað um, verður skilvirkur valkostur fyrir fólk að komast á milli staða og svo hafa samgönguhjólreiðar aukist gríðarlega á undanförunum árum. Þessar breytingar ásamt vel útfærðri þéttingu byggðar eru lykillinn að góðri borgarþróun til framtíðar – sem er besta leiðin til að bregðast við núverandi ástandi að mínu mati.“

Texti: Jón Agnar Ólason



Silfursmári 12



Borgarhöfði

BORGARHÖFÐI

— UMBREYTING FRÁ IÐNAÐI Í ÍBÚÐABYGGÐ

Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu mikill skortur hefur verið á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu hin seinni ár. Góðu heilli eru heilu hverfin að verða til og eitt af þeim áhugaverðari hlýtur að teljast svokallaður Borgarhöfði – nýtt, nútímalegt og blómlegt hverfi sem rís á stað sem undanfarnar kynslóðir hafa þekkt sem iðnaðarhverfið Ártúnshöfða.

Síðustu áratuginna hefur Ártúnshöfðinn og nágrenni hans einkennst af ýmis konar iðnaðarstarfsemi enda var hann í útjafri borgarinnar. Á þeim tíma sem hefur liðið frá því höfðinn var skipulagður sem slíkur hefur Reykjavík vaxið gríðarlega, svo mjög að nú er svo komið að svæðið liggur beinlínis miðsvæðis í borgarlandinu. „Við höfum lengi unnið eftir því að tímabært væri að skila þessu einstaka og frábærliga staðsetta svæði aftur til íbúanna,“ segir Ingvi Jónasson, framkvæmdastjóri fasteignaþróunarfélagsins Klasa sem hefur unnið að skipulagi svæðisins í samstarfi við Reykjavíkurborg undanfarnar ár, og er lóðarhafi hluta svæðis. Umbreyting svæðisins hefur gengið vel

á Höfðanum, að sögn Ingva, og hann bendir á að umbreytingin hafi verið tímabær því lóðir hafi verið illa nýttar í gegnum árin og víkjandi hjárfesting því minni en annars. Þau fyrirtæki sem hafa flutt starfsemi sína hafa undirbúið þá flutninga lengi og því gefist gott ráðrúm í að finna hentuga staðsetningu í nýju umhverfi þar sem hægt er að þróa starfsemi til lengri tíma. „Borgarhöfði verður sjálfbær borgarhluti, fjölbreytt notkun bygginga með alla þjónustu í göngufæri. Þarna rís svæði með framtíðarheimili á besta stað en fyrsti hluti uppbyggingar gerir ráð fyrir um 3.500 íbúðum auk þess að rúma vinnustaði fyrir allt að 1.500 starfsmenn í blönduðu borgarumhverfi,“ bætir hann við.



Ingvar Jónasson framkvæmdastjóri Klasa

Stutt í allt og aftur heim

Á Borgarhöfða verður blómlegt mannlíf í hverfi sem hugsað er frá grunni með tilliti til allra sem þar munu búa—með áherslu á lífsgæði allra aldurshópa. „Það má alveg segja að Borgarhöfði sé hverfi þar sem kynslóðirnar mætast því þar verða íbúðir við allra hæfi fyrir þá sem vilja búa miðsvæðis í borgarhverfi. Þá mun svæðið uppfylla öll viðmið um svokallað 15 mínútna hverfi



Silfursmári 12, framkvæmdir

þar sem öll þjónusta verður í göngufæri og jafnvel vinnustaðurinn. Fyrsti áfangi Borgarlínu fer um svæðið frá Krossamýrartorgi sem er í hjarta hverfis. Þar er því hægt að miða við bílléttari lífstíl samhliða því að hafa þjónustu við höndina,“ útskýrir Ingvi. Samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir fleiri en einum skóla í hverfinu og þar verður öll önnur almenn þjónusta sem sveitarfélag veitir.

„Mikilvægt er að það fari saman, að búa til aðstæður þar sem minni áhersla er á einkabílinn, og þá að samgöngur og skólar og leikskólar séu í göngufæri. Við vinnslu deiliskipulags þá voru innviðir kostnaðarmetnir og gjald á uppbyggingu reiknað út frá því, þannig að í raun má segja að innviðir séu sjálfbærir, þ.e. fjármögnun innviða kemur uppbyggingunni sjálfri en ekki úr ótengdum sjóðum borgarinnar.“



Nýtt miðsvæði

„Í hjarta hverfisins verður ýmis þjónusta í boði. Þar er gert ráð fyrir stórra matvörubúð ásamt annarri verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir skrifstofuhúsnæði en auk þess er í skoðun að á einni lóðinni verði lífsgæðakjarni með hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðum fyrir 60+ ára í tengslum við það heimili,“ segir Ingvi. „Verkefnið er nú þegar hafið og eru framkvæmdir við um 250 íbúðir farnar af




Borgarhöfði



Borgarhöfði



Silfursmári 12



stað og annað eins gæti farið af stað á næstu mánuðum. Við sjáum fyrir okkur að eftir um þrjú ár verði 600 íbúðar komnar í notkun og því geti hátt í 2.000 manns búið í þessum nýja borgarhluta.“

Önnur verkefni Klasa.

Klasi stendur að uppbyggingu á fleiri svæðum en á Borgarhöfða. Í Kópavogi, sunnan við Smáralind, hefur félagið staðið að uppbyggingu á íbúðum í því sem kallast hefur verið 201 Smári. Það verkefni hófst árið 2015

með vinnslu deiliskipulags fyrir um 700 íbúðir og er gert ráð fyrir að íbúðahlutinn klárast að mestu á árinu 2024. Um þessar mundir er Klasi að byggja 4ra hæða skrifstofuhús á svæðinu sem verður Svansvottað, byggt úr CLT einingum, stáli og steypu. Framkvæmdir hófust vorið 2024 og er gert ráð fyrir að þeim ljúki næsta vor. Gert er ráð fyrir auknu framboði atvinnuhúsnæðis og íbúða á lóðum Klasa. „Miklu skiptir að nýta vel það land sem við höfum til þróunar, og þá sérstaklega þau miðsvæði sem eru vel tengd stofnbrautum og

hafa mikið þjónustuframboð,“ bendir Ingvi á. „Í Smáranum var verkefnið að móta byggð í þegar grónu hverfi, sem er talsvert annað verkefni en að byrja á grunni eins og við erum að gera á Borgarhöfða. Klasi hefur einnig í vinnslu skipulag í Norður- Mjódd, á svokölluðum Garðheimareit sem svipar að miklu til uppbyggingar í Smáranum, með tilliti til tenginga en þar er einnig ýmsa þjónustu að finna þó það sé í öðrum mæli en í Smáranum.“

Texti: Jón Agnar Ólason



Krossamýrarborg



Borgarhöfði

HÖFUM VERIÐ FARSÆLIR Í OKKAR STARFSEMI -BYGG Í 40 ÁR



Gunnar Þorláksson, húsasmíðameistari (t.v.) og Gylfi Ómar Héðinssyni, múrarameistari.

Fá byggingarfélag eiga jafn tilkomu- mikið fótspor af framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og BYGG – Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. Félagið fagnar 40 ára afmæli um þessar mundir og þeir félagar eru hvergi nærri hættir; þvert á móti eru ýmis víðamikil verkefni í farvatninu. Bláamaður Lands & sögu tók hús á þeim Gunnari Þorlákssyni, húsasmíðameistara og Gylfa Ómari Héðinssyni, múrarameistara – mönnum á bakvið nafnið – í höfuðstöðvunum og í spjallinu var farið vítt um svið á meðan 40 ára starfsemi var rífuð upp.

„Við stofnuðum fyrst sameignarfélag árið 1984,“ útskýrir Gylfi þegar þeir félagar rífa upp árdaga BYGG, en ef frá er talið þegar þeir breyta rekstrarforminu um

1990 hefur félagið frá upphafi verið rekið á sömu kennitölunni. Aðspurðir hvort fyrsta verkefnið sem þeir afhentu undir merkjum félagsins sé þeim alltaf kærast segja þeir það ekki endilega vera tilfellið. Ekki er laust við að tónninn gefi til kynna að hér sé verið að biðja foreldri um að gera upp á milli barnanna.

Horfum frekar á stóru myndina

„Fyrstu skrefin eru alltaf stór, óneitanlega,“ samsinnir Gunnar og hugsar sig nánar um. „En maður dvelur ekki um of við það. Það þýðir ekkert annað en að halda áfram og það er svo margt sem við höfum gert á þessum tíma, sumt mjög stórt og jafnvel heilu hverfin. Ég nefni sem dæmi Naustavörina á Kársnesi í Kópavogi,

hverfi sem er með yfir 400 íbúðum og allt byggt af BYGG, sem er nú líklega eitt fallegasta hverfið sem við höfum komið að. Svo er vitaskuld Sjólandið í Garðabæ sem við byggðum að stærstum hluta, og Lundarhverfið í Kópavogi en það hverfi byggðum við að öllu leyti með rúmlega 400 íbúðum. Einhvern veginn horfir maður alltaf frekar á stóru myndina en einhver einstök verk.“

Fyrsta stóra verkefni þeirra félaga var Grandavegur 41, 43, 45, og 47, alls 100 íbúðir og var eitt stórt og mikið fjölbýlishús með 71 íbúðum fyrir 60 og eldri sem byggt var árið 1989. „Þær lóðir keyptum við af Lýsi og þá héldu menn nú að við værum alveg orðnir snarrugl- aðir,“ segir Gunnar kíminn. Gylfi bætir

Lundarhverfið í Kópavogi. Það hverfi byggðu Gylfi og Gunnar að öllu leyti með rúmlega 400 íbúðum

við: „Þetta var svo stórt á þessum tíma. Meistarinn sem ég lærði hjá, Haukur Pétursson heitinn, sagði við mig þegar ég hittti hann í byggingavörverslun í Ármúlanum og kaup okkar á lóðinni höfðu kvisast út; Gylfi minn, ef ég væri þú þá myndi ég nú bara skila þessu.“ Þeir vinirnir hlæja við. „En við höldum okkar striki og það má alveg segja að þetta verk hafi verið innspýtingin inn í stórhuga framkvæmdir hjá okkur árin í kjölfarið.“ Það vakti líka athygli þegar þeir félagar ruddu brautina hvað ákveðið lyklatríði varðaðir; að íbúðirnar í umræddu fjölbýli við Grandavegin voru afhentar fullbúnar, en í þá daga tíðkaðist almennt að afhenda kaupendum nýjar íbúðir tilbúnar undir tréverk.

Tímamót í Sjólandshverfinu

Í framhaldi af þessu og fleiri vel heppnuðum verkefnum keyptu þeir félagar fyrirtækið Stálvík við Arnarnesvog í Garðabæ og meðfylgjandi lóð. „Það voru talsverð tímamót í okkar starfsemi. Þarna var skípasmíðastöð, brautir sem gengu út í sjó ásamt höfn,“ rifjar Gylfi upp. „Mikið af svæðinu við fjöruna þarna var heldur ókræsilegt á þessum tíma en við tókum svæðið og umbreyttum því öllu, og talsvert uppsóp sem við leystum þarna af hendi fyrir Garðabæ. Í dag stendur þarna Sjólandshverfið, eitt fallegasta hverfi bæjarins, að mínu viti,“ bætir Gunnar við.

Samhliða Sjólandsframkvæmdinni voru Gunnar og Gylfi í nokkurs konar frumkvöðlastarfi við að byggja upp



Lundabverfið er vestast í Fossvogsdal, Kópavogsmegin.



Lundabverfið er einstaklega vel skipulagt með góðu útvistarsvæði milli fjölbýlishúsanna.



Sjáländshverfið í Garðabæ fellur vel að sjávarsíðunni.

Kópavogsdalinn, en þeir sem hafa aldur til muna hver gríðarleg umbreyting hefur orðið á því svæði síðustu 30 árin eða svo; á árunum kringum 1995 var fátt húsa við Dalveginn nema áhaldahús Kópavogskaupstaðar, þar sem byggðin við Lautasmára er í dag. „Það er þá sem við byrjum að kaupa upp lóðir, á þessu svæði, og það er þá sem Smáralindin verður til dæmis til en við stöndum fyrir henni frá upphafi,“ rifjar Gunnar upp. „Menn ætluðu að reisa þar einhvers konar húsaþyrpingu með mismunandi atvinnurekstri, en Gunnar Birgisson, sem var drifkrafturinn á bakvið uppbyggingu Kópavogs á þessum árum þvertók fyrir það og sagði: Það verður moll!“ Gunnar brosir við minninguna. „Hann hafði þessa sýn og þess vegna er Smáralindin til í dag.“ BYGG reisti sömuleiðis Turninn við

Smáralind (Norðurtturninn) ásamt fjölmörgum íbúðarblokkum og má segja að verk þeirra Gunnars og Gylfa séu þar upp eftir öllum dalnum. Í held hefur BYGG byggt yfir 4 þúsund íbúðir ásamt skrifstofu- og atvinnuhúsnæði.

Mannleg samskipti það sem telur mest Þegar talið berst að því hvað standi upp úr, frá undanförunum árum, hugsar Gunnar sig stuttlega um. „Það er eitt sem hefur einkennt okkur í okkar starfsemi, og það er að við erum með býsna háan meðalstarfsaldur hjá fólkinu okkar. BYGG hefur frá upphafi haldið vel á starfsfólki, oft í allt að 30 ár, og það er ekki svo algengt í þessum bransa. Ég held að það segi svolítið um það hvernig er að vinna hjá okkur. Mannleg samskipti er það sem telur hvað mest þegar maður lítur til baka.“ Þeir kumpánar líta hvor á annan



Ársalir 1-3 í Kópavogi



Sjáländið hefur verið eftirsótt hverfi frá upphafi enda byggðin hæfilega há.



Sandvíkin við Sjalandshverfið í Garðabæ. Hverfið byggði BYGG að stærstum hluta.

og ekki er laust við glettnisblik í augum. „Við höfum nú deilt sömu skrifstofunni í 40 ár.“

Og aldrei borið skugga á? „Ja, við getum alveg ræðst við, sko!“ Þeir skella upp úr.

„En að gamninu slepptu þá gefur það manni óneitanlega mikið að taka að sér verk og koma að öllum hliðum þess frá upphafi til enda,“ bætir Gunnar við. „Að hanna skipulag, teikna húsin, og klára hverfið með götum og lýsingu. Bærinn tekur bara við hverfinu fullbúnu.“

Mikilvægt að vera úr Húnavatnssýslunni Þegar talið berst að því hvað þurfi til að ná viðlíka árangri bendir Gunnar á að

augljóslega þurfi verkvit, ásamt því að kunna skil á peningahliðinni. „Svo þarf ákveðna áræðni,“ bætir Gylfi við. „Það má ekki bakka út úr verkefnum þó meistarinn mæti manni og vari mann við því að taka að sér Grandavegin,“ bætir hann við og enn er hlegið. „Svo held ég að það sé afskaplega mikilvægt að menn séu úr Húnavatnssýslunni,“ skýtur Gunnar kankvís inn í. „Við eigum báðir ættir að rekja þangað norður og þegar að er gáð þá eru allir þessir byggingamenn, sem eitthvað hefur kveðið að undanfarna áratugi, þeir eru meira eða minna að norðan úr Húnavatnssýslunni!“



Smáralind séð að innan


Einhverjir myndu sjálfsgat halla hæginda-stólnum aftur að loknu svo drjúgu dagsverki en það er ekki á dagskránni hjá þeim Gunnari og Gylfa, nema síður sé. Að endingu spyr ég þá félagar hvort maður venjist því að sjá öll verkefni standa hér og þar í borgarlandslaginu þegar maður keyrir þar hjá? Hættir maður að taka eftir öllum byggingunum?

„Nei,“ segir Gylfi ákveðinn. „Það er alltaf gaman að sjá það sem vel er gert. Það minnir okkur á að við höfum verið farsælir í okkar starfsemi og það hvetur mann áfram í næstu verkefni.“

Texti: Jón Agnar Ólason



Gunnar Þorláksson, húsnámsmáttameistari (t.v.) og Gylfi Ómar Héðinsson, múrarameistari.



„NÝSKÖPUN SKEMMTILEGRI EN SKIPULAGSMÁLIN“

Gestur Ólafsson er maður sem lætur sér fátt mannglegt óviðkomandi, hafi það á annað borð með velferð og vellíðan þegnanna að gera. Eftir áratuga starf sem arkitekt og skipulagsfræðingur er hann um þessar mundir á kafi í áhugaverðri frumkvöðlastarfsemi og hefur sem fyrr bæði nóg fyrir stafni og sterkar skoðanir á hlutunum.

„Það stendur upp á þá sem standa að opinberum framkvæmdum að fara vel með fjármuni almennings. Það er bara grundvallaratriði,“ segir Gestur þegar talið berst í byrjun að skipulagsmálum. „En ítrekað gerist það að fólk sem hefur komið sér í valdastöður heldur því fram alveg þukrunarlaust, að það sé enginn munur á því annars vegar að teikna hús, og hins vegar að stjórna dýnamísku og síbreytilegu kerfi sem er borgarsamfélagið, sem er miklu flóknara fyrirbrigði heldur en að teikna hús – þó það geti verið nógu flókið út af fyrir sig – og þetta bara viðgengst óáreitt.“

Ábyrgðarleysi og hagsmunir

Það sem helst plagar skipulagsmálin um okkar daga er að mati Gestu ábyrgðarleysi. „Það er enginn sem vill taka ábyrgð á sig lengur. Í gamla daga vorum við með starfsgreinina bartsкера, eða rakara. Það voru menn sem kunnu að fara með hnífa og tóku því að sér að gera allt mögulegt annað en hárskurð og skeggsnyrtingu.“ Þarna á Gestur við hinar ýmsu aukavinnur sem rakarar fengust við í eina tíð með rakníf og önnur áhöld, meðal annars tanndrátt, blóðtökur, jafnvel minni háttar skurðaðgerðir og aflimanir. „Svo kom að því að ákveðið var að þetta fyrirkomulag gengi ekki lengur, menn yrðu að kunna almennilega til verka áður en þeir fengu að spreyta sig með hnífinn á mannlíkamanum. Við erum því miður ekki komin jafnlangt í skipulagsmálunum og þetta ástand er núna farið að kosta okkur tugi milljarða á hverju ári – að nauðsynjalausu“

Og hvernig skyldi standa á því? Ekki stendur á svári hjá Gestu. „Hagsmunir, peningar. Líttu á Borgarlínuna og þann

tíma og fjármuni sem sú vitleysa er búin að taka. Ég held að það séu tvær eða þrjár verkfræðistofur sem eru búnar að sjúga sig fastar á þetta verkefni og geta verið með fjölda manns í vinnu við það, og senda svo stóran reikning fyrir þá vinnu í hverjum mánuði. Jafnmargar eða fleiri arkitektastofur eru að hanna mismunandi útfærslur á dótinu og það fær enginn að sjá þetta. Það erum samt við, almennigur, sem erum að borga þetta – þetta eru okkar peningar – en það er enginn stjórnmaðmaður sem stendur upp og segir krakkar mínir, hingað og ekki lengra.“

Best að leggja þessa stofnun niður!

Slíkir hagsmunir ráða ekki bara verkefnum, að sögn Gestu – þeir geta hreinlega ráðið niðurlögum mikilvægra, opinberra starfseininga. Dæmi um það eru t.d. örlög Húsnæðisstofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarinnar og Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins sem Gestur veitti forstöðu. „Við tókum fyrir ákveðin mál á Skipulagsstofnunni, og það reyndist lærdómsríkt. Fyrst er að nefna frárennismál á höfuðborgarsvæðinu, sem við bentum á að væru í ólestri, og ekki forsvaranlegt fyrir okkur sem samfélag að láta þetta vera svona. Ástandið var skelfilegt og kvartað var undan því á Akranesi að í sunnanátt fylltust fjörurnar þar af smokkum sem sturtað hafði verið niður í klósettin í Reykjavík. Við tókum þetta mál fyrir og lögðum fram tillögur til úrbóta. Mörgum fannst að þarna værum við að skapa útgjöld fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Hitt málið var að við fengum mjög góðan jarðfræðing, Jón Jónsson, til að gera jarðfræðiúttekt á berggrunni höfuðborgarsvæðisins sem við erum að byggja á. Hann benti á að rétt austan við höfuðborgarsvæðið er einn af fjórum, stórum sprungusveimum sem liggja yfir Reykjanesskagann. Við áttuðum okkur á því að þetta væri alvörumál og því óvarlegt annað en að taka tillit til þessa við frekara skipulag og framkvæmdir.

Það varð allt vitlaust, og í kjölfarið var snarlega ákveðið að leggja þessa Skipulagsstofu niður, fyrir að benda á svona óþægileg mál sem gætu kostað peninga!“

Gestur bendir í framhaldinu á að engum dytti í hug að láta aðila sjá um jafn flókið verkefni og heilaskurðaðgerð nema viðkomandi hefði til þess menntun, kunnáttu og tilhlýðilegt próf. Samt sem áður viðgangist hér á landi að fólk er að fást við svo flókið verkefni sem skipulagsmál eru án þess að hafa til að bera grundvallarmenntun í skipulagsfræðum. Fyrir bragðið fái að hans mati margs konar vitleysa að viðgangast sem skoða þyrfti miklu betur. Þá skorti einnig víða langtímahugsun þegar ráðist er í hin ýmsu verkefni. „Tökum dæmi. Kaldárbotnar er eitt af stóru vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins, og því mjög dýrmæt auðlind. Með það í huga tel ég rétt að athuga talsvert betur þessa kolefnisniðurdælingu sem verið er að skoða núna í landi Hafnarfjarðar. En hagsmunirnir eru bara svo fyrirferðarmiklir að ég veit ekki hvernig við eigum að vinna okkur út úr þeim ógöngum sem skipulagsmálin eru víða komin í, án þess að ég sé nokkuð að minnast á staðarval Landspítalans og Sundabraut.“

Úr skipulagsmálum í nýsköpun

Það er meðal annars að samanlögðum framangreindum umræðuefnum sem Gestur er meira eða minna orðinn afhuga skipulagsmálum hér á landi og finnst þau heldur leiðinleg viðfangs. Ungt fólk sem fer með stórfé í að læra skipulagsfræði við bestu háskóla, austan hafs og vestan fær oft lítið að nýta þessa sérfræðipækkingu hér á landi. Það þýðir þó engan veginn að hann sitji auðum höndum nú um stundir. „Þess vegna ákvað ég á gamals aldri að fara út í þörungarækt, sem er oft miklu skemmtilegri. Ekki síst vegna þess að þörungar bregðast alltaf við með rökréttum hætti,“ segir hann kíminn. „Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, Bjarni Bjarnason tryggingasérfræðingur og ég stofnuðum í þessum tilgangi fyrirtæki sem heitir Hyndla og höfum verið að rækta þörunga uppi á landi, bæði til manneldis, en einnig innihalda þeir ýmis verðmæt efni. Okkar ræktunaraðferð er einnig umhverfisvæn og hefur engin neikvæð áhrif á vistkerfið. Til þessa fengum við aðstöðu hjá Hafró, á Stað, rétt vestan við Grindavík.“

Vítamínrikur og notadrjúgur

Gestur bendir á að í þörungum sé að finna efni með geysimikla möguleika fyrir mannkynið. „Þetta er virkilega spennandi viðfangsefni og við erum sannfærð um að þetta verður framtíðarfæða manna í umtalsvert vaxandi mæli. Áður en mannkynið tók að klifra upp í trén, með ákveðnum afleiðingum, þá vorum við að öllum líkindum í fjörunni og lifðum á þessum gróðri sem við fengum í flæðarmálinu. Við höfum mikið verið að rækta íslenskan rauðþörun sem heitir klóblaðka. Hann vex vel og margfaldar vigt sína á einum til tveimur mánuðum. Hann fannst seint hér á landi, bara fyrir nokkrum árum, er afar sérstakur og svipaður þörungur vex ekki nema á tveimur öðrum svæðum í heiminum. Fyrir utan að vera auðugur af vítamínum þá er að finna í honum litarefni sem mun koma sér vel í matvælaíðnaði, nú þegar verið er að banna alls konar gervilitarefni. Þannig er notagildið margvíslegt og ótvírætt. Hér er um framtíðarverkefni að ræða og þó ég sé kominn á níræðisaldur þá munu aðrir taka við þegar þar að kemur. Þetta er ekkert minna gaman þó ég átti mig á því að ég lifi að líkindum ekki nógu lengi til að sjá þetta verkefni klárast að fullu.“

Eins og í öllum frumkvöðlaverkefnum eru engu að síður áskoranir í þörungaræktinni sem Gestur og samstarfsfólk hans eru að fást við þessa dagana. „Þetta er dálítið flókið mál. Við viljum meðal annars ná tökum á því hvernig þörunarnir fjölga sér. Við ræktum þörunguna uppi á landi, í borholusjó sem dælt er upp af 20 til 30 metra dýpi. Þessi borholusjór er fullur af öllum þeim næringarefnum sem þörunarnir þurfa og eru stöðug yfir allt árið. Hann er því ekki eins og sjórinn sem er fullur af næringarefnum á vorin en næringarsnaður í kjölfarið. Þarna getum við því verið með margar uppskerur af þörungum á hverju ári, ef við náum tökum á fjölguninni – sem við erum smám saman að gera.“

Þegar velferðin rekst utan í kerfið

Þörungaverkefnið er semsé vel á veg komið og auðhryrlega er hugur í Gesti um að sjá það ná fram að ganga svo markmið þess náist. En hann hefur komið að annars konar velferðarverkefnum sem ekki náðu fram að ganga, eins og byggingu heilsuþorpa bæði hér á landi og erlendis – hvað sem síðar kann að verða.

„Hér áður fyrr, fyrir hundrað árum, þá bjuggu fjölskyldur líka saman víða

um land. Þá á ég við að foreldrar, börn, ömmur og afar bjuggu saman í einu húsnaði. Með þessu móti gat eldri kynslóðin kennt þeim sem yngri voru ansi mikið svo þekking og kunnátta glataðist ekki, auk þess sem foreldrar höfðu barnagæslu frá hendi ömmu og afa og því mikið um góða samveru. Fyrir um ári síðan teiknaði ég einbýlishús í Blesugróf sem var hannað á þeirri hugmyndafræði að þar gætu húsráðendur tekið inn foreldra sína, það er foreldra þeirra beggja, og búið með börnunum líka, og ef börnin tækju nú upp á því að skjóta sig í einhverjum gæti unnustinn eða unnustan búið þar líka. Þetta byggir á þeirri grundvallarhugmynd að þannig vistarverur, sem fólk bjó þá í hér á landi fyrir hundrað árum út um allt land hafði ýmsa kosti. Svefnherbergin í þessu einbýlishúsi voru rúmgóð, aðstaða til að hita te og kaffi á hverjum stað, salerni og sturta sem fylgdi öllum herbergjum.

Fjölskyldan skal ekki fá að búa saman

Hugmyndin fannst okkur góð og við höldum ekki að þetta yrði neitt stórmál. En þegar kom að því að fá þetta húsnaði samþykkt var þetta kolfellt hjá Reykjavík, með þeim rökum að þarna væri verið að laumast til að útbúa hótél. Tæplega tvöhundrað fermetrar í Blesugróf,“ segir Gestur og hristir höfuðið. „Samt var sameiginlegt eldhús og sameiginleg borðstofa, bara eins og á hefðbundnu heimili. Húsráðandi, sem er Vestfirðingur eins og ég og lætur því ekki bjóða sér hvað sem er, kærði það til Úrskurðarnefndar skipulagsmála. Úrskurðarnefndin sagði að athugun lokinni að þetta væri bara bull-afgreiðsla hjá Reykjavíkurborg – þetta væri einbýlishús! Svo málið er um þessar mundir hjá Reykjavíkurborg, sem reynir að halda fast við sinn keip og teifa málið eins og þau geta. Þetta er bara Ísland í dag.“

Ekki er því útséð um hverjar málalyktir verða með fjölskylduhúsið að Blesugróf en í millitíðinni er þörungaræktin ofarlega á blaði hjá Gesti – það er að segja þangað til fleiri hugðarefni banka upp á síkvikan og frjóan huga hans. Verði eitthvað á vegi hans sem varðar skipulag, velferð og almannaheill er ekki að vita nema hann láti til sín taka á þeim vettvangi.

Texti: Jón Agnar Ólason





HEIMILI ER SKÖPUN ÞEIRRA SEM ÞAR BÚA

Hönnunarsafn Íslands er lifandi safn sem heldur á lofti íslenskrri hönnun með því að safna, varðveita, rannsaka og sýna íslenska hönnun frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag. Land & Saga fékk fylgd hjá forstöðumanni safnsins, Sigríði Sigurjónsdóttur, um yfirstandandi fastasýningu safnsins sem nefnist Hönnunarsafnið sem heimili.

„Safnið samanstendur af fimm rýmum,“ útskýrir Sigríður meðan við göngum um húsakynninn á Garðatorgi í Garðabæ. „Það er fyrst aðalsýningarsalurinn þar sem fastasýningin okkar stendur til ársins 2026, svo er rými fyrir hönnuði til að vera í opinni vinnustofudvöl, og við erum líka með sérstakt rými tileinkað rannsóknum á sviði hönnunar. Pallurinn er lítið en skemmtilegt rými við tileinkum nútímahönnun og að lokum er hér rekin falleg safnbúð við innganginn sem sýnir og selur verk um það bil 30 íslenskra hönnuða.“

Sýning sem grunnmynd af íslensku heimili

Á fastasýningunni, Hönnunarsafnið sem heimili, má finna í kringum 200 dæmi um íslenska hönnun en heildarsafneign Hönnunarsafns Íslands telur í allt um 5000 muni frá árinu 1900 til dagsins í dag. „Þegar maður setur upp svona fastasýningu þá er eitt markmiðið að sýna eins mikið og hægt er af safnkostinum,“ bendir Sigríður á. „Sýningin er sett upp sem eins konar grunnmynd af heimili, með svefnherbergi, fataherbergi, eldhúsi, stofa og svo framvegis,

og alveg eins og raunveruleg heimili fólks samanstanda af munum frá mismunandi tímum þá má sjá hér muni frá mismunandi tímabilum hlið við hlið.“ Sýningarstjórar fastasýningarinnar eru þau Anna Dröfn Ágústsdóttir, Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir og Sigríður sjálf.

Með því að raða saman húsgögnum, fatnaði, bókum, borðbúnaði og textíl frá ólíkum tímum varpar safnið trúverðugu ljósi á hluta af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað síðan árið 1900.

„Heimsóknir“ inn í heimilislífið

Inn í hina viðamiklu fastasýningu fléttast svo aukasýningar sem verða reglulega settar inn. „Þar hafa hönnuðir og listamenn tímabundnar „heimsóknir“ inn á sýninguna, og sú fyrsta af þessum heimsóknum er sýningin Skilaboð,“ segir Sigríður. Þar skoða grafisku hönnuðirnir Katla Einarsdóttir og Una María Magnúsdóttir ýmis skilaboð sem heimilisfólk hefur sent sín á milli á samskiptamiðlum og eru margvíslegar spaugilegar hliðar sérstaklega dregnar fram.

„Skilaboðin sem tilheyra þessari sýningarheimsókn eru sýnd á prenti, og lögð á viðeigandi staði inn í föstu sýninguna,“ útskýrir Sigríður. „Til dæmis eru skilaboðin sem hafa með kvöldmat að gera staðsett í



borðstofunni á meðan skilaboðin sem tengjast fötum á einhvern hátt eru í fataherberginu og þar fram eftir götunum. Allt ljær þetta birtingarmyndum heimila sköndinn og um leið raunsannan blæ því það sem hefur ratað í þessi skilaboð eru oftast en ekki hugleiðingar og meiningar sem við tengjum flest við úr daglega heimilislífinu.“

Lifandi ferli án endapunkts

Þegar fram í sækir mun ný sýningarheimsókn svo fléttast inn í fastasýninguna og setja sinn svip á hana. Sigríður bendir á að sýningin, rétt eins og heimili, sé í lifandi og stöðugt í þróun. „Við erum að færa til, skipta út og breyta og sýningin endurspeglar þannig sköpun raunverulegs heimilis sem er jú lifandi ferli án endapunkts. Heimilið er sköpun þeirra sem þar búa.“

Texti: Jón Agnar Ólason

HEIMSÓKN Í SMÍÐSHÚS

— Manfræð Vilhjálmsson arkitekt í viðtali



Manfræð Vilhjálmsson arkitekt

Manfræð Vilhjálmsson er fortakslaust í hópi virtustu arkitekta Íslands fyrr og síðar. Eftir hann liggur fjöldi bygginga af ýmsu tagi sem margar teljast með því fegursta í íslenskum arkitektúr og hafa auk þess markað skil á marga lund. Manfræð bauð blaðamanni Lands & Sögu í heimsókn heim til sín í Smíðshúsi á Álftanesi þar sem margt var rætt, reifað og rífað upp enda ferillinn langur og verkin mörg.

Það er heldur þungt yfir þetta hásumarsíðdegið þegar undirritaður knýr dyra á hinu nafntogaða Smíðshúsi, heimili Manfræðs. Einhvern veginn hefur tíðin þó engin áhrif á ásýnd hússins; þetta einbýlishús sem reist var árið 1961 er ekki einasta tímalaust hvað varðar útlit og yfirbragð, heldur er það á sinn einstæða hátt óháð umhverfi sínu og gildir einu þó blýgrár himininn hótí gusum. Hin sígilda hönnun stafar af byggingunni. Húsið er hvorki tiltakanlega stórt né er það á mörgum hæðum, en það er engu að síður afskaplega áhrifaríkt að sjá, og ekki síður eftir að inn er komið.

Tímalaust frá fyrsta degi

„Nafn hússins er til heiðurs föður mínum, smiðnum. Þaðan er nafnið,“ segir Manfræð þegar hann heilsar með virktum og býður mér inn. Það er ekki laust að ég finni til forréttinda að ganga um húsið, sem ég hef lesið svo mikið um og skoðað svo oft á myndum. Sem fyrr sagði er það byggt 1961 en óhætt er að fullyrða að væri hulu svipt af húsinu og innanstokksfyrirkomulagi í fyrsta sinn í dag þætti það jafn ferskt og jafnvel framúrsteftnulegt og það þótti þá. Við fáum okkur sæti við borðstofuborðið og Manfræð býður upp á malt & appelsín. Úti er skollin á húðarrígning en inni í Smíðshúsi er hlýtt og notalegt – nokkuð sem sumir efuðust um



Árbæjarkirkja, eftir Manfræð og Þorvald S. Þorvaldsson, var byggð á árunum 1973 til 1987 og vígð 29. mars það ár.

að yrði þegar þeir litu teikningarnar fyrst augum fyrir sex og hálfum áratug.

„Hann smíðaði nefnilega húsið,“ heldur Manfræð áfram þegar við höfum komið okkur fyrir með malt í glasi, um leið og hann bendir mér um öxl á portrett af föður sínum, Vilhjálmi Jónssyni, húsasmíðameistara. „Hann byggði húsið eftir mínum teikningum og það voru nú sumir vinnufélagar hans sem léist ekki of vel á þegar þeir skoðuðu þær, segir Manfræð kíminn. „Þeir sögðu sem svo við þabba að nú væri hann að vinna eftir einhverri vitleysu í syninum.“

Annað kom á daginn og húsið hefur vart elst um dag. Sama er að segja um húsið við hliðina á Smíðshúsi, sem kallast Vesturbær, en þau voru samstarfsverkefni Manfræðs og Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekts.

Margs konar nýjungar prófaðar

Ytra útlit þessara húsa er mjög svipað en þau eru ólík að innan. Þó þessi hús teljast

fyrir löngu sígildur íslenskur arkitektúr voru sumir iðnararmannanna efins á sínum tíma, sem fyrr segir. Smíðshús er nefnilega það sem heita má tilraunahús – þar vildi Manfræð láta reyna á ýmsar nýjungar áður en hann prófaði þær í annarra manna hýbýlum. Má þar einna helst nefna að aðeins undirstöður eru steypar á meðan annað er úr léttum efnum. Til móts við stofurýmið eru til að mynda samfelldir gluggar frá gólfi og upp í loft, sem bjóða upp á stórfenglegt útsýni í suður að Reykjanesinu þar sem Keilir blasir við. „Þessu fyrirkomulagi höfðu menn ekki nokkra trú á og sögðu að krakkarnir í hverfinu yrðu búnir að brjóta rúðurnar á fyrsta degi,“ segir Manfræð og brosir við tilhugsunina. Ekki fór það nú svo og glerið hélt.

Manfræð heldur áfram: „Svo er húsið með flatt þak, sem þeir fullyrtu að myndi aldrei ráða við íslenskt tíðarfar. En þetta

er vel byggt og hefur aldrei lekið dropa. Karl faðir minn benti þá vinnufélögnum á það að hús Háskóla Íslands væri líka með flatt þak. Hann vann nefnilega líka við þá byggingu. Og þar með var það útrætt.“ Engir hefðbundnir húshitunarfarnar eru heldur í Smíðshúsi heldur er þar lofthitakerfi og Manfræð bendir mér í því sambandi á litlar, ílangar ristar í gólfinu undir gluggaflekunum.

Mér verður hugsað til frægra orða annars áhrifamikils arkitekts þegar ég virði fyrir mér þessa stórmærkilegu þætti í byggingu Smíðshúss. Sá goðsagnakenndi Le Corbusier skrifaði nefnilega árið 1927 – ári áður en Manfræð fæddist – að hús væru vélar til að búa í, og átti þar við að í vel heppnuðum hýbýlum væri hugsað fyrir öllu þannig að sem best færi um íbúana. Það má að einhverju leyti til sanns vegar færa en mennskan og hlýjan er samt svo umlykjandi í Smíðshúsi að ég bægi þessari

tilhugsun frá mér, þó hér virðist sannarlega hugsað fyrir öllu.

Við virðum fyrir okkur suðurhliðina á Smíðshúsi um stund. Svo lítur hann aftur um öxl á myndina af smiðnum, Vilhjálmi, og ítrekar hve mikið áhrif faðir hans hafði á hann. „Ég ætlaði að verða smiður og var meira að segja kominn á samning við hann, og vann fyrir hann í ein þrjú eða fjögur sumur. En svo bara villtist ég svona af leið,“ bætir hann við og kímir. „En þessi reynsla kenndi mér að skilja betur fag smiðsins, og auðveldaði vonandi samskiptin við þá í framhaldinu,“ bætir hann við og brosir út í annað. „Annars er ég svosem ekki dómbær á það. En þetta var góð kunnátta að hafa á bakvið eyrað.“

Námsárin í Gautaborg

Hús Manfræðs bera með sér höfundar-einkenni, hvort sem um ræðir opinberar byggingar eða hýbýli fyrir einstaklinga,



Mávanes 4, Gardabæ.



Þjóðarbókhlaðan stendur á Melunum í Vesturbæ Reykjavíkur og opnáði 1. desember 1994.

mannvirki í þaulskipulögðu þéttbýli eða náttúrulegra umhverfi. Hann vill þó síður meina að hann hafi lagt upp með eina ákveðna nálgun hvenær sem hann hófst handa við nýtt verkefni í gegnum tíðina. Þvert á móti sé mest um vert að hafa víðsýni til að bera svo gera megi hvert viðfangsefni sem best úr garði. Í því sambandi bendir hann á að það sé að hans mati mikilvægt fyrir íslenska arkitekta að læra líka erlendis og víkka þannig sitt sjónsvið. Sjálfur lærði hann í Svíþjóð, nánar tiltekið í Chalmers Tekniska Högskolan í Gautaborg. Manfred lætur ljómandi vel af tíma sínum í Gautaborg og ekki laust við að það birti yfir svip hans þegar háskólaárin þar ytra eru rifjuð upp. Á daginn kemur að hann valdi Svíþjóð einkum af praktískum ástæðum þegar kom að því að skoða skóla erlendis.

„Þetta er skömmu eftir stríð, árið 1949, á þeim tíma eru flest löndin í Vestur-Evrópu löskuð. Það eru ekki svo mörg lönd sem koma bærilega út úr þeim hildarleik nema Svíþjóð, og Sviss, og svo Bandaríkin. En svo kom valið og það var ódýrast að fara til Svíþjóðar,“ útskýrir Manfred. „Það var nú eiginlega ástæðan. Ég ráðfærði mig líka við eldri kollega hér heima, eins og Sigvalda [Thordarson] sem ég kannaðist vel við og hafði lært í Danmörku. En í grunninn hafði ég ekki ráð á að fara til Bandaríkjanna og Sviss var líka dýrt, eins og það hefur alltaf verið,“ bætir hann við kíminn.

„Ég var í sex ár þarna í Gautaborg, fimm ár í skólanum og svo vann ég hjá einum af prófessorunum mínum í eitt ár. Og ég hefði alveg eins getað sest að í Svíþjóð, en ætli konan hafi ekki bjargað mér heim,“ segir Manfred og hlær við. „En ég kunni ljómandi við mig í Svíþjóð. Dálidið merkilegt samt að nú eru yfir sjötíu ár síðan og ég hef ekki talað sænsku í sjötíu ár!“ Aftur er hlegið og malti bætt í glösin. „Það er nú ekki alveg satt en svona allt að því.“

Aðlögun húsbygginga að hverjum tíma

Aðspurður segist Manfred hafa komið nokkrum sinnum til Gautaborgar eftir að náminu lauk og nefnir í því sambandi að við undirbúning Þjóðarbókhlaðunnar við Arngrímsgötu hafi hann brugðið sér í námsferðir til nokkurra áfangastaða, meðal annars til Svíþjóðar og Danmerkur, Englands og Bandaríkjanna. Þjóðarbókhlaðan er að líkindum þekktasta verk Manfreds og vafalaust það víðamesta,

en það var í byggingu frá 1972 til 1994. Þess má geta að Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt var með í upphafi við hönnun byggingarinnar meðan meginhugmyndin var að mótast en endanleg útfærsla var í höndum Manfreds. Undirbúningurinn og byggingartíminn skilaði sér þegar til kastanna kom því byggingin er úthugsuð og eftir því framúrskarandi vel heppnuð—þaðan á undirritaður ótal góðar minningar frá háskólaárum sínum 1994 til 1996 þegar ófáum klukkustundum var þar varið í lestur og lærdóm og ósjálfrátt leitar hugurinn aftur til þeirra góðu tíma. Minningarnar einkennast af einstakri hljóðvist, góðri birtu og ljósum viði.

„Ég vona þessi vinna hafi skilað einhverju,“ segir Manfred, rétt eins og hann hafi lesið hugsanir blaðamanns. „Það er eiginlega meginpunkturinn að það er hægt að breyta nýtingu húsnæðisins, það er að segja, það er

hægt að breyta hvernig bókhlaða og bókasafn er byggt upp, hvernig það vinnur. Það hefur breyst svolítið á liðnum öldum – en maður veit aldrei. Svo húsið á að geta mætt þeim óskum og kröfum. Þetta er viðhorf sem hefur verið svolítið ráðandi í öllum lausnum hjá mér.“

Að sama skapi er þarna eiginleikum Smiðshúss einmitt rétt lýst, þó það sé á flesta lund gerólíkt Þjóðarbókhlaðunni, jafnt að hlutverki sem umfangi. Til marks um það er sú staðreynd að þó Manfred búi einn í húsinu í dag—eiginkona hans til 70 ára, Erla Sigurjónsdóttir, lést árið 2022—þá bjuggu þar átta manns þegar mest var og segir það sitt um aðlögunarhæfni og notagildi hússins. „Það voru ég og konan mín, við eigum fimm börn, og svo bjó tengdamóðir mín hér líka um skeið. Þetta var ógurlega skemmtilegur tími.“ Það hýrnar yfir Manfred við tilhugunina. „Nú er ég bara einn að dingla hérna,“ segir hann svo

og hlær við. „En það hefur verið einstaklega gott að búa hérna.“

Við sitjum og spjöllum um stund meðan maltið rennur sitt skeið, sína leið. Það er stytta upp og nývökvaður Keilir blasir við. Manfred sýnir mér um stofur Smiðshúss og segir frá hinum ýmsu listaverkum sem þar er að finna, flestöll eftir persónulega vini hans og Erlu heitinnar, meðan hann fylgir mér til dyra. Nú þegar létt hefur til bendir Manfred aftur á stóru gluggana. „Ég hugsaði þetta svolítið eins og um hross í haga væri að ræða, þegar ég teiknaði stóra glugga í suður en litla í norður. Maður vill opna sig á móti sumri og suðursól, en snúa rassinum upp í nordankulið.“ Enn er hlegið og við Manfred Vilhjálmsson kveðjumst með bros á vör á dyraþrepi hússins sem hann teiknaði og faðir hans smíðaði.

Texti: Jón Agnar Ólason



Bardavogur 13, einbýlishús teiknað 1967 fyrir Kristján Davíðsson listmálara.



AÐ SKAPA VIRÐI TIL FRAMTÍÐAR Í MEIRA EN 40 ÁR

Eitt af nýlegum byggingaverkefnum Búseta, íbúðarhús við Keilugranda 1-11, séð úr lofti.



Bjarni Þór Þórólfsson, framkvæmdastjóri Búseta.

Búseti er húsnæðissamvinnufélag að norrænni fyrirmynd. Félagið hefur vaxið ört á síðustu árum og hefur fjölgað íbúðum í eignasafni sínu um ríflega 100 íbúðir á ári síðustu sex árin. Nú býður samstæða félagsins alls upp á ríflega 1.400 íbúðir. Félagið á farsæla sögu og fagnaði á síðasta ári 40 ára afmæli.

Í dag eru um 1.000 íbúðir á vegum Búseta húsnæðissamvinnufélags og um 400 íbúðir eru leigðar út með hefðbundnum hætti á vegum dótturfélags Búseta sem kallast Leigufélag Búseta, útskýrir Bjarni Þór Þórólfsson, framkvæmdastjóri. „Félög eins og Búseti eru í eigu allra félagsmanna og opin öllum óháð aldri og búsetu. Félagið þjónar þannig mjög breiðum hópi fólks um leið

og sjálfbærni og langtímahugsun eru samofin rekstri og menningu Búseta.“

Búseti vinnur að hagsmunum félagsmanna, tryggir umsjón, viðhald, endurnýjun og fjölgun fasteigna með hagkvæmum hætti, eins og Bjarni útskýrir. „Félagsmenn fá úthlutað félagsnúmeri þegar þeir ganga í félagið og er það hagur hvers og eins að skrá sig snemma í félagið því lægra félagsnúmer hefur forgang á

það sem hærra er. Þegar ákveðið er að sækja um búseturétt þá ræður félagsnúmerið m.ö.o. hvar viðkomandi lendir í röð umsækjenda,“ bætir hann við.

Hvað er Búseturéttur?

„Búseturéttur er þín skilgreinda eign sem íbúa og búseturéttarhafa,“ bendir Bjarni á. „Á Norðurlöndunum, þar sem þetta fyrirkomulag er algengt, talar fólk gjarnan um að kaupa íbúð þegar það kaupir búseturétt því búseturétturinn er ávallt bundinn sömu íbúðinni. Einungis eigandi búseturéttarins getur ákveðið að selja búseturéttinn.“

Markmið félagsins er að byggja, reka og viðhalda íbúðarhúsnæði til langs tíma í þágu félagsmanna, útskýrir Bjarni. Félagið gætir hagsmuna félagsmanna með sjálfbærni og langtímahugsun að leiðarljósi. „Byggt á nútímalegum og faglegum stjórnarháttum lætur félagið gott af sér leiða og framtíðarsýnin er að skapa félagsmönnum og búseturéttarhöfum virði til framtíðar í formi húsnæðis af gæðum og góðrar þjónustu.“

Farsæll kostur fyrir fyrstu kaupendur

Félagið hefur í gegnum árin reynst fyrstu kaupendum farsæll kostur, bendir Bjarni

á. „Í síðustu nýbyggingarverkefnum félagsins hefur verið að finna minni íbúðir á hagkvæmum kjörum sem höfða til þessa hóps. Búseti býr að mikilli reynslu og þekkingu hvað varðar fasteignapróun og hefur tekist að mæta búsetuþörf félagsmanna sinna í víðu samhengi.

Þessa dagana standa yfir framkvæmdir við Hallgerðargötu í Reykjavík, skammt frá Kirkjusandi. Verkefnið, sem hefur að geyma 42 íbúðir, gengur vel og verða íbúðirnar afhentar nýjum íbúum í nóvember.“ Um er að ræða tvískipta byggingu með bílakjallari sem er staðsteypt og klædd að utan. Íbúðirnar eru fjölbreyttar að stærð og

gerð, tveggja til fimm herbergja og verða góð viðbót við eignasafn Búseta á svæðinu. „Við hjá Búseta erum mjög spennt að byggja á þessu svæði sem er í nálægð við fjölmörg úti- og náttúrusvæði í Lauganeshverfi og Laugardal. Stíll húsanna rímar við útlit þeirra húsa sem fyrir eru og þau sem áformað er að byggja við Kirkjusand, samkvæmt gildandi skipulagi svæðisins,“ segir Bjarni Þór. Það eru Gláma-Kím arkitektar sem eiga heiðurinn af hönnun húsa við Hallgerðargötu en þau samrýmast viðmiðum um algilda hönnun þar sem áhersla er á gott aðgengi fyrir alla. „Innréttingar og eldhústæki eru af vandaðri gerð og byggingarnar eru í



Tölvugerð mynd af nýbyggingarverkefni Búseta við Hallgerðargötu 24-26 í Reykjavík, skammt frá Íslandsbankalöðinni á Kirkjusandi í Laugarnesinu. Íbúðirnar verða afbentar í nóvember á þessu ári.



Nýleg hús Búseta við Tangabryggju í Bryggjubverfinu.



Bjarni Þór (til vinstri) ásamt vel búnu starfsfólki og stjórnarmönnum Búseta á vettvangi nýbyggingar.



Framkvæmdastjórn og Frumberjinn: Bjarni Þór og Páll Gunnlaugsson arkitekt blaða í fyrsta eintakinu af bókinni Búseti 1983-2023: Baráttusaga sem Páll skrifaði og kom út á síðasta ári. Páll nam í Lundi í Svíþjóð á sínum tíma og kynntist þar fyrirkomulagi húsnæðissamvinnufélaga. Eftir heimkomuna barðist hann fyrir stofnun slíks félags hér á landi og var bæði í hópi stofnfélaga Búseta og einn af fyrstu stjórnarmönnum.



Nýleg hús Búseta við Tangabryggju í Bryggjubverfinu, skammt frá Gullinbrú við Grafarvog.



Búseti er þátttakandi í uppbyggingunni á Höfðanum og á þessari tölvugerðu mynd sést hús Búseta, Eirhöfði 1, en það er stærsta húsið á litada reitnum, efst fyrir miðju.

samræmi við stefnu Búseta um vandaðar og endingargóðar íbúðir þar sem fólki líður vel," segir Bjarni Þór.

Nálægð við hafid – fallegar gönguleiðir

Fyrir skömmu keypti Búseti 133 nýlegar íbúðir af leigufélaginu Heimstaden og tók þá við gildandi leigusamningum með það í huga að selja íbúðirnar til félagsmanna þegar þeim er skilað af leigjendum. Íbúðirnar, sem eru staðsettar við Tangabryggju í Reykjavík eru fjölbreyttar að stærð og gerð, með vönduðum

innréttingum og allar með stæði í lokaðri bílageymslu. „Mikil eftirspurn hefur skapast þegar búseturéttir hafa verið auglýstir, enda um skemmtilegar íbúðir að ræða í fallegu og vaxandi hverfi á góðum stað í borginni," útskýrir Bjarni. „Þar sem áður var athafnasvæði fyrirtækisins Björgunar rís nú íbúðabyggð og mannvænt borgarhverfi í góðum tengslum við aðra borgarhluta. Í hverfinu er einstök nálægð við hafid og fallegar gönguleiðir.“

Skóflustunga að 46 nýjum íbúðum sem Búseti byggir við Eirhöfða 1 á Ártúnshöfða

Reykjavíkur var tekin í nóvember 2023. Sérverk sér um byggingu íbúðanna og ASK arkitektar sáu um hönnun húanna. Fyrirhugaðar framkvæmdir á Ártúnshöfðanum munu gjörbreyta ásýnd þessa rótgróna atvinnu- og iðnaðarhverfis. Fjöldmenn íbúðabyggð mun rísa á höfðanum þar sem áður hafa verið bílasölur og iðnfyrirtæki. „Á byggingarreitnum sem um ræðir verða samtals byggðar 148 íbúðir í fjórum húsum af fyrirtækinu Sérverki. Íbúðirnar verða fjölbreyttar að stærð og gerð. Um er að ræða sex hæða

hús með tveimur stigagöngum sem áætlað er að verði tilbúið til afhendingar í lok árs 2025," segir Bjarni Þór að endingu.

Að skapa fólki falleg og vönduð heimili

Rekstur Búseta gengur mjög vel og hefur félagið vaxið og dafnað á síðustu árum. Á undanförunum sex árum hafa heildaræignir samstæðu félagsins vaxið úr um 39 milljörðum króna í yfir 90 milljarða. Nýframkvæmdir hafa gengið vel sem og rekstur félagsins og er fjárhagsstaða þess sterk. Á þessu sama tímabili hefur verið

mikil eftirspurn eftir íbúðum félagsins og ekki útlit fyrir að breyting verði þar á.

Bjarni segir að uppbygging og framþróun félaga eins og Búseta byggja á líðsheild og traustum mannaúði. „Við búum svo vel að í okkar teymi starfsfólks eru sumir starfsmenn búnir að vera mjöglengi hjá okkur og þetta er svo góð blanda af fólki sem er með mikla þekkingu og reynslu og nýrra starfsfólki sem kemur inn með nýja strauma. Það sem skiptir öllu máli er kjarnahæfnin, líðsheildin og andinn sem ríkir í teyminu. Bjarni bætir

við að mikilvægt sé að hlúa vel að starfsfólki og skapa jákvætt hlaðna menningu og dýnámík í öllu samstarfi. Þetta er svölitið eins og að þjálfa hóp íþróttafólks. Við þurfum að hafa sameiginleg markmið, það þurfa allir að vita hvert við stefnum og svo má aldrei gleyma að fagna sigrunum. Það er hvetjandi fyrir starfsfólki að fagna þegar markmiðum er náð. Enda málstaðurinn góður, að skapa fólki falleg og vönduð heimili.”

Texti: Jón Agnar Ólason



NÁBYLI VIÐ NÁTTÚRUVÁ

Trausti Valsson - Prófessor emeritus

Hafi eldsumbrotin á Reykjanes-skaganum – sem hófust þann 19. mars 2021 og ekki sér enn fyrir endann á – kennt okkur eitthvað þá er það að Ísland er land í sífelltri mótun. Landið okkar er staðsett á flekaskilum, sem liggja skáhallt frá suðvestur-horninu til norðausturs og víkkunar-hreyfingarnar sem eiga sér stað undir þessum samskeytum á flekaskilum jarðskorpunnar opnar smám saman leið fyrir kviku, sem skilar sér reglulega upp á yfirborðið með misjafnlega áþreifanlegum hætti.

Síðustu þrjú árin höfum við Íslendingar verið minntir rækilega á þessa návist við náttúruöflin mjög nærri byggð og mannvirkjum, þ.e. á sjálfu Reykjanesinu. Síðan yfirstandandi hrina eldsumbrota þar hófst vorið 2021 með gosi í Geldingardölum við

Fagradalsfjall hafa alls níu eldgos átt sér stað á Reykjanesi. Fyrstu eldsumbrotin voru fjarri byggð og þóttu því skemmtileg, og drógu að sér fjölda ferðamanna, heimamenn sem erlenda gesti. Talað var um „túristagos“ og farið með sem hvert annað aðdráttarafli fyrir ferðamenn. En jarðhræringar og eldgos frá desember 2023 hafa aftur á móti orðið nægilega nærri byggð, nánar tiltekið Grindavík, til að meiri háttar röskun hefur orðið þar á búsetu, og er þá ónefnt hörmulegt banaslys sem varð þar við jarðvinnu í kjölfarið. Í fyrsta sinn í 50 ár er byggð á Íslandi í raunverulegri hraunvá.

Ekki forsvaranlegt að byggja á hættusvæðum

En hversu mikið mátti yfirstandandi eldgosatímabil á Reykjanesi koma okkur

á óvart? Var engin leið að sjá fyrir að möguleiki væri á óróa af því tagi sem raunber vitni? Flestum kom atburðarás undanfarinnar missera heldur í opna skjöldu en þó ekki öllum. Allt frá því Vestmannaeyjagosið átti sér stað fyrir rúmlega hálfri öld hefur Trausti Valsson, skipulagsfræðingur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands, talað fyrir því að taka þurfi tillit til mögulegrar náttúruvá við heildarskipulag byggðar á Íslandi – því ekki sé forsvaranlegt að byggja á hættusvæðum án varúðarráðstafana.

„Hrollkaldur raunveruleikinn er sá að hér á landi verðum við að fara taka tillit til aðstæðna og hætta að byggja umhugsunarlaust á sprungusvæðum þar sem líkur eru á jarðskjálftum og á gliðnun misgengis og jafnvel hraunrennsli. Jarðskjálftar er tengjast þessu eru ekki stórir, en stórir skjálftar

tengjast hins vegar flekahreyfingunum“ segir Trausti í viðtali við Land & Sögu. Þó hann hafi hætt kennslu við HÍ fyrir tæpum áratug er auðheyrð að hann brennur fyrir málefnið og honum er hjartans mál að vekja athygli á aðsteðjandi ógn. „Ég hef bent á staðreyndir þessa máls í áratugi, og þó fólk hafi ekki taki tekið mig nógu alvarlega þá ættu atburðirnir við Grindavík og nálæga innviði að megna það að vekja ráðamenn til vitundar um hver hættan er. Þetta hefur nú þegar gerst, en heildarúttekt þarf að framkvæma, landsúttekt á öllum náttúruvátum tólf“ bætir hann við.

Sem fyrr segir hefur Trausti verið óþreytandi við að benda fólki í opinberum ábyrgðarstöðum á þessa yfirvofandi vá, en oftast er ekki hafa hagsmunir trompað skynseminna, ef svo má að orði komast.



Einar Þorsteinn Ásgeirsson, Trausti Valsson, Pétur H. Ármannsson

„Höfuðborgarsvæðið og flugvöllurinn yst á Reykjanesinu hafa dregið að sér fólk af öllu landinu og Í dag er svo komið að um 80% þjóðarinnar býr á suð-vestur horni Íslands, þar sem hætta vegna náttúruvá hefur nú sýnt sig vera mjög raunverulega,“ bendir Trausti á. Þarna er því jarðváið mjög alvarlegt mál en Trausti hefur bent á að jarðvá skiptist í hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálfta og hreyfingar tengdar virkni í sprungum.

Engin leið að útiloka hin kerfin á Reykjanesi

En hvar eru þá helstu hættusvæðin á höfuðborgarsvæðinu? „Það er óhætt að segja að nýtt eldvirknitímabil er hafið á Reykjanesi eftir 780 ára „hvíld“ og ekki er hægt að útiloka að virkni ná í einhverjum tímabili til allra eldstöðvakerfanna sex sem á skaganum er að finna,“ útskýrir Trausti. „Nú þegar hafa Fagradalsfjalls- og Svartsengissvæðið minnt á sig svo um munar, en forstigs virkni hefur líka orðið vart í Krýsuvíkurkerfinu og Brennisteinsfjöllum. Við verðum að hafa í huga að úr þessum kerfum kom hraunið sem er að finna í landi Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og endurtekningu á þeim atburðum er engin leið að útiloka, segja jarðfræðingar.“

Fyrir bragðið þurfi að huga að vörnum fyrst Reykjanesið er vaknað, að því er Trausti segir.

„Það er einfaldlega ekki hægt að fullyrða um framtíðina, hvorki á annan veginn hér hinn, en það er nauðsynlegt að búa í haginn ef allt fer á versta veg. Það mun til dæmis kosta sitt að verja byggðina á Völlumum syðst í Hafnarfirði, hverfi sem byggt er á nýju hrauni í jarðsögu-legu tilliti, en það verður miklu dýrara að fást við afleiðingarnar ef hverfið verður látið óvarið. Það verður ekki komist hjá því að byggja leiðgarða til að verja Vallahverfið, það verkefni blasir við, en erfiðara er að finna leið út úr þessari hvílt fyrir hraunið að renna til sjávar. Hugsanlega mætti leiða það eftir vegstæði Krýsuvíkurvegar. Þetta að fjárfesta í varnaðgerðum er eins og að tryggja bílinn þinn. Þú fjárfestir í bílatryggingu en vonar eftir sem áður að ekkert komi fyrir. Skakkaföll koma stundum fyrir, en það er sá ótryggð – sá sem hefur ekki búið sig undir áfall – sem hlýtur versta skellino.“

Trausti bendir á að staðan á höfuðborgarsvæðinu sé um þessar mundir sú að byggingarland sveitarfélaganna sem þar eru teygir sig inn á sprungusvæði og hugsanleg hraunflóðssvæði í auknum mæli. Þarna sé nauðsynlegt að hafa varann á og huga vel að því hvar skal byggja, ásamt því að leggja í áður nefnda heildarúttekt. „Með því móti væri hægt að fyrirbyggja slys á fólki og minnka tjón af völdum hamfara í framtíðinni.“

Texti: Jón Agnar Ólason

HIN SAM-MANNLEGA LEIT AÐ GLÖTUÐUM TÍMA



Gufunes / RVK Studios – Studio 1

Ein vinsælasta mynd ársins í íslenskum kvikmyndahúsum er Snerting eftir Baltasar Kormák, gerð eftir vinsælustu bók ársins 2020 eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Blaðamaður hitti Baltasar í kaffi í hinum tilkomumiklu húsakynnum Rvk Studios í Gufunesi og ræddi við hann myndina, aðdráttarafl sögunnar og hvernig meginstef hennar endurspeglar okkur flestum á einn eða annan hátt – ekki síst hans sjálfs.

Baltasar Kormákur er sá leikstjóri okkar Íslendinga sem hvað mestum frama hefur náð á erlendri grund og myndir hans hafa skartað sumum af stærstu stjörnum samtímans í aðalhlutverkum. Undir hans stjórn hafa Jake Gyllenhaal og Josh Brolin lagt á tind Everest, Idris Elba fengist við

blóðþyrst Ijón og Denzel Washington mundað byssur sínar, svo aðeins sé gripið niður í þann sæg heimsfrægra leikara sem hann hefur starfað með undanfarna tvo áratugi eða svo. Nýjasta mynd hans, Snerting, sem byggir á samnefndri metsölubók Ólafs Jóhanns Ólafssonar, hefur fengið frábærar viðtökur, hér heima sem erlendis, og ólíkt þeim myndum sem minnst er á hér að framan – Everest, Beast og Two Guns – þá er stigandinn hægur, knúinn miklum tilfinningum sem eiga sér djúpar rætur í sannsögulegum atburðum.

„Dóttir mín gaf mér bókina og strax og ég fór að lesa hana – ég verið kannski á blaðsíðu 100 – þá veit ég að þetta er eitthvað sem ég er að fara detta inn í. Sagan

hans Ólafs Jóhanns hefur þann eiginleika að hún byrjar laust, ef við getum orðað það þannig, en svo herðir hún bara takið hægt og rólega, verður þéttari og þéttari, og þegar upp er staðið hefur eitthvað gerst innra með manni sem maður sá ekki fyrir,“ útskýrir Baltasar. „Bæði tilfinningalega og frásagnarlega þá þéttist hún mjög mikið þegar líður á. Það fannst mér áhugaverður eiginleiki sem hreif mig rosalega.“

Gott samstarf við Ólaf Jóhann

Baltasar beið ekki boðanna heldur setti sig þegar í stað í samband við Ólaf Jóhann Ólafsson, höfund bókanna. Í framhaldinu vörðu þeir tveir um ári í að skrifa handritið að kvikmyndinni. Í þann

mund sem þetta er ritað berast fregnir af því að myndin sé tilnefnd til kvikmynda-verðlauna Norðurlandaráðs 2024, að því er segir í tilkynningu frá Norræna kvikmynda- og sjónvarpsþjóðnum. Á þeim tímapunkti hafa um 42 þúsund manns séð myndina hér heima og við blasir að Snerting verður aðsóknarmesta íslenska myndin á árinu og meðal vinsælustu mynda þegar árið er úti. Út frá helstu viðmiðum má því fullyrða að vel hafi tekist til.

„Það má segja að við Ólafur Jóhann séum báðir mjög virkir menn, og við unnum bara stöðugt í þessu verkefni þangað til það var tilbúið,“ segir Baltasar um handritsgerðina. „Samstarfið var virkilega ánægjulegt, ekki síst þegar haft er í

huga að almennt er talað um að maður eigi ekki að vinna með bókarrhöfundum að gerð handrits. Það hefur ekki alltaf gengið vel þegar ég hef reynt það,“ bætir hann við með glettnisglampa í augum. „En við Ólafur fórum í þetta á réttum forsendum. Það er bara eitthvað sem gerist og þetta varð alveg óskaplega auðvelt samstarf. Við köstuðum hugmyndum stöðugt á milli okkar og ef ég lagði til eitthvað sem var frávik frá bókinni, eins og gerist þegar færsla yfir á hvíta tjaldið á sér stað, þá greip hann það og vann með mér. Þetta hjálpaði tvímælalaust við að tryggja að tóninn í bókinni væri alltaf til staðar í myndinni. Hans höfundareinkenni eru þarna en samstarfið varð aldrei þannig að hann væri ekki tilbúinn að leyfa mér að aðlaga söguna að kvikmyndaforminu. Fyrir bragðið held ég að það séu meiri breytingar á sögunni eins og hún kemur fyrir í myndinni heldur en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Kjarninn í sögunni er það sem skiptir mestu máli, hann er trúr bókinni og hann er til staðar.“

Stjörnuleikur tveggja kynslóða

Mikið hefur þegar verið rætt og ritad um frammistöðu Egils Ólafssonar í hlutverki Kristófers í samtímanum og óhætt að segja að hann vinni leiksigur. Þegar blaðamaður sá myndina vakti leikarinn sem túlkari Kristófer á árum áður ekki minni athygli hans, en þar er á ferðinni sonur Baltasars, Pálmi Kormákur, í sínu fyrsta stóra hlutverki. Hvað sem líður reynslu, sjálfstrausti og hæfileikum Baltasars sem leikstjóri, var hann ekkert smeykur við að kasta syninum rakiðis í hinu djúpu laug burðarhlutverks í kvikmynd í fullri lengd? Þabbinn brosir út í annað við tilhugsunina. „Það var upphaflega ekki mín hugmynd að Pálmi léki þetta hlutverk – Selma Björnsdóttir kom með hugmyndina. Hún benti mér á strákana mína tvo, Storm og Pálma, fyrir þetta hlutverk og mín fyrstu viðbrögð voru þau að annar þeirra væri ekki rétta týpan í hlutverkið þó hann sé frábær leikari, og hinn væri það reyndar en sá hefði bara engan áhuga á að leika því hugur hans er í myndlist, og óvíst hvort hann yfirleitt hefði þetta í sér þrátt fyrir einstaka smáhlutverk þegar hann var yngri. En ég bað Selmu bara að setja sig í samband við strákana og boða þá í prufur og leyfa svo bara

prósessnum að eiga sér stað, frekar en að ég væri að þvælast þar fyrir.“

Það kom á daginn að Stormur var ekki rétti karakterinn fyrir hinn viðkvæma og tilfinninganæma Kristófer, og Baltasar var ekki einu sinni viss um að Pálmi myndi mæta í prufurnar. Sjálfur dró Pálmi lappirnar fyrst um sinn en afréð að endingu að taka slaginn, ögra sjálfur sér svoltið og mæta í prufurnar. Það reyndist mikið lán. „Ég kíki á prufurnar og eins og við manninn mælt, strákurinn steinligger í þessu, mér til jafnmikillar undrunar og til ánægju. Allir sem sjá prufurnar í framhaldinu eru sama sinnis og segja að hann sé sá rétti í þetta. Sama gerist með fólkið hjá Focus Features [framleiðslufyrirtæki myndarinnar] og það er þá fyrst sem ég fer að hugsa hvað nú? Ég vissi að það kom enginn annar til greina í hlutverkið en ég vissi líka að þetta yrði erfitt fyrir mig, því hvað ef þetta gengi nú ekki upp á endanum? Það er eitt er að gera mistök við gerð kvikmynda en annað að gera mistök með líf barnsins þíns. Það hefði geta valdið honum langvarandi erfiðleikum hefði hlutverkið ekki tekist nægilega vel upp hjá honum og ef ég á að segja alveg eins og er þá var þetta mér ekki auðvelt. En við mættumst í þessu eins og tveir fullorðnir einstaklingar og það er ekkert skemmtilegra en að kynnst börnunum þínum í vinnu. Það er alveg ótrúlega gefandi, ekki síst af því hann stendur sig svo vel, strákurinn.“



Baltasar Kormákur Portrait – Ásdís Ásgeirsdóttir



Lilja Jóns fyrir RVK Studios

Liðin tíð sem yfir upp gömul sár

Í meðförum Pálma kynnumst við söguhetjunni Kristófer sem námsmanni á Lundúnarárum sínum, seint á 7. áratugnum, og hvernig það verkast að hann hefur störf á japönskum veitingastað, verður ástfanginn og lífir brosir við honum, áður en örlögin grípa í taumana þegar atburðir úr fortíðinni minna á sig. Án þess að fara ítarlega í saumana á framvindu sögunnar þá kemur þar fyrir hugtak úr japanskri tungu sem nefnist hibakusha og reynist mikill órlagavaldur í ævi Kristófers. Hugtakið verður til upp úr þeim atburðum þegar kjarnorkusprengjum var varpað á japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki undir lok Seinni heimsstyrjaldar og lýsir þeim sem urðu fyrir áhrifum af völdum sprengjanna; orðið hi merkir sá sem þjáist, baki þýðir sprenging og sha er persóna – persóna sem þjáist vegna sprengingar.

Hér er ekki átt við þau sem fórust í hamförunum heldur fólkið sem lifði af, og lifði í skugga langvarandi áhrifa geislunar og annarra lengri tíma áhrifa. Í kjölfar sprengjuárásanna fór nefnilega að bera á stimulun þeirra sem höfðu lifað af og fordómum í garð þeirra og afkomenda sömuleiðis. Talið var að blóð eftirlifenda væri mengað af geislun og almennt ekki búist við að

hibakusha gæti getið af sér heilbrigð börn. Slíka einstaklinga vildu fæstir fá í sínar fjölskyldur. Þannig verður til annar þögull og grimmur harmleikur, ofan á hörmungarnar sjálfar sem sprengjurnar voru.

„Þessi Hiroshima-saga er svo fátánlega vel sett inn í framvinduna hjá Ólafi, hvernig fiðrildaáhrif frá löngum liðnum vodaverkum hafa svo afdrifarík áhrif í samtímanum. Þetta gefur sögunni miklu meiri stærð og dýpri tón,“ segir Baltasar og það er auðheyrð að þessi hlið sögu Kristófers hreyfir við honum. „Þetta er að koma meira og meira upp á yfirborðið í seinni tíð og það var grein í Guardian um þetta vegna heimildarmyndarinnar Atomic People sem fjallar um þetta fólk – hibakusha.“

Baltasar þagnar um stund og er hugsí. Svo tekur hann til máls á ný.

„Ég ætla að leyfa mér að segja þér svolítið. Svólítið magnað. Ég fékk bréf fyrir svona viku síðan frá leikara sem leikur í myndinni sem segir mér þar að hann sé afkomandi hibakusha. Það hafi breytt lífi hans mikið að hafa tekið þátt í þessari mynd og hann biður mig afsökunar á að hafa ekki þorað segja mér þetta þegar við vorum að gera myndina. Þetta er það djúpt í japanskri þjóðarvitund að þó hann sé bara afkomandi hibakusha þá þorir

hann ekki að hafa orð á þessu því þar af leiðandi gæti hann hugsanlega borið í sér einhvern genetískan galla. Og þetta er bara fullorðinn maður, japanskur leikari sem býr í Þýskalandi, og hann treystir sér ekki til að segja frá þessu!“

Við sitjum þögglir og hugleiðum þetta um stund. Svona þrúgandi er þá stimulunin og fordómarnir gagnvart þeim sem lifðu bomburnar af enn þann dag í dag – næstum 80 árum seinna.

„En mér þótti ótrúlega vænt um að fá þetta bréf, þar sem leikarinn kemur á framfæri einlægu þakklæti og af því Snerting fjallar um þetta viðkvæma mál-efni sem hefur legið svo þungt á hópi Japana – sem unnu ekkert til saka annað en að lifa af stríðsglæpi – þá langar hann til að hjálpa til við að vekja meiri athygli á myndinni, ef hann getur, í Japan og víðar.“

Alveg eins og foreldrar Baltasars hittust ... Þöggunartilburðir og jaðarsetning sem umlykur þá er töldust til hibakusha er vitaskuld stef sem við Íslendingar þekkjum mætavel gegnum tíðina. Fordómarnir gagnvart íslenskum stúlkum sem áttu vingott við hermenn setuliðsins hér á landi í Seinna stríði lifðu áratugum eftir að stríðinu lauk og hermenn allir á burt. Ekki má gleyma því að hér sem annars staðar veigraði fólk sér lengi vel við að vera í sama herbergi og HIV-jákvæðir einstaklingar. Það er kannski ástæða þess að fólk hér á landi tengir svo vel við söguna – ásamt þeirri staðreynd að öll erum við á einhvern persónulegan hátt í leit að glötuðum tíma?

„Ég held að þetta sé algengur rétt, og þetta er mjög sam-mannlegt efni,“ segir Baltasar. „Hér er kannski á ferðinni stærri og víðfeðmari saga en flestir eiga í þessum efnunum. Og þó...“ Baltasar brosir við einhverri tilhugsun og tekur svo aftur til máls. „Foreldrar mínir, þau hittust reyndar algengur eins og Kristófer og Miko. Á Mokka kaffi. Bara nákvæmlega eins. Þabbi, Spánverji sem bjó í Noregi, var bara á leið hér í gegn áleiðis í síldarvinnu á Siglufirði til að vinna sér inn pening, og ætlaði að kaupa sér olíu og striga í bænum, og hann vissi að lókal listamaður hittust á Mokka. Svo þangað lagði hann leið sína. Mamma var



Gufunes – framtíðarplön

nýkomin í bæinn úr sveitinni og var að vinna á Mokka. Þabbi sér hana, stendur upp og labbar til hennar og spyr hana að nafni og hefur ekki yfirgefið landið síðan. Þessar sögur eru allstaðar og ég áttaði mig ekki einu sinni á þessari sögu foreldra minna fyrir en eftir að ég var búinn að gera myndina.“

Tilbúinn í næsta verkefni – með Hollywood stórstjórn

Aðspurður hvort hann þurfi aðeins að safna kröftum í kjölfar Snertingar – sem var að sögn eitt flóknaasta verkefnið sem hann hefur tekist á hendur, með tókum í tveimur heimsálfum, í þremur löndum og á þremur tungumálum – segist Baltasar að því sé fjarrí. Þvert á móti sé hann fullur orku og vinna í þann mund að hefjast við næstu stórmýnd. Það er spennumyndin Apex, með Charlize Theron í aðalhlutverki. Þar segir frá útivistarkonu sem kemst heldur betur í hann krappan í óbyggðum því þar leynist fleira hættulegt en bara náttúruöflin. „Þessi mynd er vissulega ólík Snertingu, þriller sem gerist úti í náttúrunni, en í grunninn er ég að segja áhugaverða sögu,“ skýtur Baltasar inn í. Fyrst er samt að klára sjónvarpsverkefnið The King & The Conqueror, 8 þátta seríu sem fyrirtæki

Baltasars, Rvk Studios, vann ásamt BBC og CBS og fjallar um bardagann mikla við Hastings árið 1066 – gríðarmikið verkefni sem tekið var upp í Gufunesi. Við erum sumsé komin á þann stað í dag að geta haldið utan um framleiðslu af þessari stærðargráðu?

„Já, absólútt,“ svarar Baltasar ákveðinn. „Þetta er draumur sem ég átti mér, algengur síðan ég kom hingað og sá þessar byggingar hér fyrir um 20 árum. Ég treysti mér ekki í þetta þá en þetta hefur alltaf blundað í hausnum á mér. Svo kom augnablikið þar sem ég sagði við sjálfan mig að nú ætlaði ég að gera þetta og 2016 lét ég loks verða af því. Ég skal segja þér eins og er, að fólk hélt að ég væri búinn að tapa vitinu, og ég er ekki að grínast með það, sannfært um að nú myndi ég reisa mér hurðarás um öxl. En þetta er að ganga, og ganga vel. Það er búið að taka hér stór verkefni og fullt á döfinni, og þetta er búið að skapa algengur nýjan vettvang í íslenskrum kvikmyndagerð.“

Þar með klárum við úr kaffibollunum, næsti fundur bíður Baltasars. Hann þarf að hitta fólk svo hann geti haldið áfram að gera það sem knýr hann áfram hvern dag – að segja sögur.

Texti: Jón Agnar Ólason



Baltasar Breki Samper fyrir RVK Studios



Gufunes / Skrifstofa RVK Studios



FRAKKLAND / ÍSLAND

Nice

Eitt af skemmtilegri orðum í íslensku er peysa. Paysan á frönsku er bóndi, en þegar frakkar verður sú erlenda þjóð sem sækir mest á íslandsmið að veiða þorsk milli 1850 og 1914, eru milli 200-300 skútur staddir við íslandsstrendur frá maí fram í október, með hátt í fimm þúsund fiskimenn í skútum. Þegar komið er í land, bentu þeir á heimamenn, og spurðu á frönsku, paysan, eða bóndi. Bóndinn misskildi spurninguna hélt að væri verið að benda á peysuna, og orðið festist í íslensku máli. Á þessum tíma komu frakkar sér upp bækistöðum, eins og í Reykjavík og Vestmannaeyjum, en Fáskrúðsfjörður austur á fjörðum var þeirra helsta bækistöð. Þar finnur maður enn fyrir frönskum áhrifum, enda voru þeir stórtækir, meðal annars reistu þeir þar myndarlegan spítala og kaþólska kapellu. Samskipti þjóðanna hafa verið góð og farsæl í gegnum aldirnar, í dag samkvæmt Ferðamálastofu voru frakkar árið 2023 fjórðu fjölmennustu

ferðamennirnir sem komu til landsins, eða 99.208 talsins. Frakkland er okkar næst stærsti kaupandi sjávarafurða, en útflutningurinn þangað nam 40 milljörðum á síðasta ári, og hefur tvöfaldast á föstu verðlagi á tíu árum. Samkvæmt tölum frá Utanríkisráðuneytinu er Frakkland fjórði stærsti útflutningsmarkaður Íslands, en samtals var fluttar út vörur þangað fyrir 63 milljarða. Frakkland er í áttunda sæti með vörur sem við kaupum inn, við fluttum inn vörur fyrir 34 milljarða frá Frakklandi á síðasta ári. Menningarsamskipti milli þjóðanna hafa verið öflug í aldana rás, og eitt af fyrstu sendiráðum Íslands var stofnað í París árið 1946. Icelandic Times hefur komið út á frönsku allt frá árinu 2012, eða nú í 12 ár, og brá því undir sig betri fætinum og heimsótti Frakkland, þessa miklu menningar- og matarþjóð. Hér eru nokkur sýnishorn.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Cannes



Marseille



Cannes



Cannes

ANNA MARÍA Design

Innblástur frá íslenskri náttúru

Anna María Sveinbjörnsdóttir er íslenskur skartgripahönnuður sem rekur sína eigin skartgripaverslun, Anna María Design, á einni af helstu verslunargötum borgarinnar, Skólavörðustíg 3, í hjarta Reykjavíkur. Anna María lærði bæði á Íslandi og í Danmörku og hefur rekið eigið fyrirtæki í meira en þrjá áratugi.

Hönnun Önnu Maríu er í senn hrein, tímalaus og nútímaleg. Hún leggur mikla áherslu á smáatriði og handbragð og hefur næmt auga fyrir minnstu smáatriðum.

Skartgripirnir eru fyrir bæði konur og karla og innihalda silfur, gull, hvítt gull, íslenska steina sem og eðalsteina eins og demanta. Í versluninni má finna eitt stærsta úrval landsins af skartgripum með íslenskum steinum s á borð við agat, mosagat, jaspis, basalt og hraun.

Þegar kemur að áherslum og stíl nefnir Anna María frjálsar og lífrænar formgerðir sem byggja á íslenskri náttúru. Ísland er umlukið Atlantshafi, og öldur þess veita skartgripahönnuðinum innblástur sem sést í mörgum skartgripum hennar þar sem öldulögun birtist á hringum, hálsmenum, armböndum eða eyrnalokkum.

Filigree er fingerð gerð af skartgripavinnslu sem venjulega er úr silfri og er þekkt í tengslum við íslenska þjóðbúninginn. Í sumum hönnunum Önnu Maríu má finna þessa einstöku fingerðu vinnu sem endurspeglar íslenskar hefðir. -SJ



Anna María Design
Skólavörðustígur 3 - 101 Reykjavík
+354 551 0036
annamaria@annamariadesign.is
www.annamariadesign.is



„LEIKHÚSIÐ ER HEIMILI MENNSKUNNAR“

Borgarleikhúsið er heimili Leikfélags Reykjavíkur, sem er eitt elsta menningarfélag landsins, 127 ára á þessu ári. Leikárið framundan býður upp á ferskar nýjungar í bland við verðlaunada klassík, íslenskt efni í bland við erlent og þegar líður á leikárið mun landskunn þjóðargersemi ljóstra því upp hver viðkomandi í raun og veru er.

„Við leggjum náttúrulega alveg ómælda vinnu í að stilla upp leikári sem höfðar til okkar áhorfenda,“ segir Brynhildur þegar hún er spurð út í það árlega verkefni að setja saman dagskrá vetrarins. „Við stillum árinu upp af kostgæfni. Að reka leikhús – að selja andlega upplifun

– það þýðir það að við þurfum að ná augum og eyrum fólks og við vitum að við erum í samkeppni við alla afþreyingu og sömuleiðis í samkeppni um tíma fólks og þá peninga sem það hefur milli handanna.“

Aðspurð að því hvernig best sé að bera sig að við þetta verkefni hugsar Brynhildur sig um og bætir svo við: „Það er alltaf farsælla að lesa salinn þegar kemur að því að setja saman leikár. Leikhúsið er óhjákvæmilega á sinn hátt uppeldisstofnun og við nærum gesti okkar en gleðjum þá líka. Við getum aldrei verið hér til að stappa einhverju ofan í kokið á fólki. Við predikum ekki og getum ekki

sagt fólki hvernig eitthvað á að vera. Við segjum hins vegar söguna og það kemur í hlut þess sem situr í salnum, hvar sem hann kann að vera á sínu ferðalagi í sínu lífi, að taka það inn og melta það, ganga svo út og hugsanlega skipta um skoðun. Það er galdurinn við listina. Þess vegna verður listin að fá að rífa stundum í, hún þarf að fá að vera óþægileg. Hún getur ekki alltaf verið bara flauel og silkihanski. Stundum þarf listin að vera harkaleg. Þá upplifir maður heiminn á annan hátt.“

Stærsti leikhússalur landsins

Borgarleikhúsið hóf sýningar í húsi sínu við Kringluna árið 1989 og hefur því

starfað þar í tæp 35 ár. „Stærsti salurinn okkar, sem jafnframt er víðasta, stærsta, og best tækjum búna svið landsins, tekur 550 áhorfendur. Þarna erum við að keyra stóru söngleikina sem við erum sérfræðingar í, einnig stóru barna-sýningarnar og svo er ákveðinn hópur áhorfenda sem sækist eftir góðri klassík. Við höfum verið með hana á stóra sviðinu.“

Borgarleikhúsið er vinsælasta leikhús landsins og tekur á móti hátt í 200.000 manns á ári. Undanfarin ár hafa hafa margar sýningar verið settar þar á svið sem ganga út leikárið og halda svo áfram að hausti. „Hér hefur það gerst hjá okkur, ef við tökum sem dæmi sýninguna 9 líf, sem hætti hér fyrir fullu húsi á 250. sýningu,“ bendir Brynhildur á. „Það þýðir það að 30% þjóðarinnar komu og sáu einu og sömu sýninguna.“

Annað gott dæmi er hin rómaða sýning Elly, sem sló á sínum tíma öll met

og snýr aftur á Stóra sviðið vegna fjölda áskorana. „Best er ef við erum í upphafi leikárs að taka með okkur eitthvað efni frá fyrra ári eða jafnvel fyrri árum, og það erum við að gera núna því Elly er komin aftur, fimm árum síðar. Við frumsýndum verkið fyrir sjö árum síðan og það var leikið í tvö ár. Nú er það á sviðinu aftur og áhuginn leynir sér ekki því við erum búin að selja upp á 13 sýningar.“

Það hlýtur að teljast nokkuð gott á ekki stærri markaði en raun ber vitni og Brynhildur samsinnir því, með skýringu á reiðum höndum. Hana er að finna í erfðæfni okkar Íslendinga. „Við erum sérstök, við erum sagnþjóð og við elskum að láta segja okkur sögur, og ég held að þetta sé í DNA-inu okkar – við erum ennþá fólkið í baðstofunni sem þurfti bara að láta segja sér sögu til að komast annað í huganum og þannig í gegnum lífið.“



Hulunni swift af Ladda

Það er nefnilega það, og sögunar sem Borgarleikhúsið ætlar að segja í vetur ættu að flytja leikhúsgesti á öllum aldri vítt um lönd. „Tökum Ladda til að mynda. Snillingurinn, ljúflingurinn og þjóðargersemin hann Laddi, sem er búinn að gleðja kynslóðir Íslendinga – áratugum saman – hann ætlar að koma og vera hjá okkur á stóra sviðinu frá og með mars án næsta ári og beinlínis ljóstra því upp hver Laddi er. Sýningin heitir Petta er Laddi og er nýjasta smíð Ólafs Egils Egilssonar sem skrifaði og leikstýrði hinu áður nefnda og geysivinsæla verki 9 líf.“

Hátíðasýningin Borgarleikhússins að þessu sinni er svo Ungfrú Ísland, byggð á samnefndri verðlaunaskáldsögu sem sem er ein vinsælasta bók Auðar Övu Ólafsdóttur. Þetta magnaða verk Auðar Övu fjallar um ungt fólk í Reykjavík árið 1963, á tímum þegar karlmenn fæddust skáld og konum var boðið að verða ungfrú Ísland. Þetta er ógleymanleg saga sem gerist fyrir 60 árum síðan en hefur engu að síður svo sterka skírskotun og talar inn í samtímann. Hér er fjallað um sköpunarþrána og þörfina til að skapa en samfélagið býður þér ekki upp á það. Þetta er alveg veruleiki margra. Þjórninn er ekki unninn, hvorki í kvennabaráttu né málefnum hinsegin fólks þar sem við höfum séð ákveðið bakslag hin seinni ár.“





Gullaldarklassík og forboðin ást á fjöllum

„Svo erum við með bandaríska gullaldarklassík, Kött á heitu blikkþaki eftir Tennessee Williams, þar sem stórafmælisveisla snýst upp í eldfimt ástand allskonar tilfinningaspennu, sígilt og mikið drama í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar, og þetta er aðeins í annað sinn sem þetta sögulega verðlaunaverk er sett upp af atvinnuleikhúsi hér á landi. Í beinu framhaldi af klassíkinni langar mig svo að nefna nýtt og bráðfyndið bandarískt leikrit, Óskaland. Þar segir frá sjötugum hjónum sem hafa verið saman í 50 ár en nú er svo komið að þau ætla að skilja. Það neita hins vegar synirnir og tengdadóttirin að sætta sig

við!“ Brynhildur hlær við tilhugsunina. „En þetta er ekki leikrit um gamalt fólk heldur um frelsi fólks og eignarhald uppkominna barna á foreldrum sínum.“

Fjallabak nefnist leikgerð Borgarleikhússins á hinni geysivinsælu kvikmynd Brokeback Mountain frá 2005. Þar segir frá kúrekunum Ennis Del Mar og Jack Swift sem kynnast við smölun í fjallahéruðum Wyoming um miðbik síðustu aldar og þvert á öll gildi samtíma síns laðast þeir hvor að öðrum. „Hér erum við að stíga svolítið fallett skref, að okkur finnst, að segja sögu af karlmönnum sem búa við þær aðstæður að þeir hafa ekki einu sinni hugmyndaflug í að láta sér detta í hug að þeir gætu hugsanlega

fallið hvor fyrir öðrum. Tilfinningar sínar geta þeir ekki látið í ljós því slíkt væri upp á líf og dauða. Þarna erum við með tvo af fremstu karlleikurum hússins í tímalausri sögu um ást í meinum.“

Að skilja eftir fallett fingrafar á sálinni

Borgarleikhúsið er sjálfseignarstofnun, ekki á ríkisstyrk en á 40% styrk frá Reykjavíkurborg eins og Brynhildur útskýrir. „Í þeim samningi felst meðal annars að við bjóðum hingað 4500 börnum úr grunnskólum og leikskólum Reykjavíkur, endurgjaldslaust í leikhús á hverju einasta ári, á sýningar sem eru sérsniðnar fyrir hvern aldurshóp. Og

það er burðugt leikhús en ekki bara eitthvað húllumhæ. En að vera með 60% sjálfsafla í leikhúsi, það er satt að segja hálfgerð sturlun. Svo mikið hefur verið sagt á menningarsíðum dagblaðanna, einhvern veginn gerum við þetta,“ bætir hún við og kímir. „Það sem knýr okkur áfram í Borgarleikhúsinu er að sýna fólki hvað gerist það situr í fullum sal og upplifir eitthvað sameiginlegt því leikhúsið getur búið til þessa töfra. Það er upplifun sem skilur eftir sig fallett fingrafar á sálinni og getur opnað inn í áður óþekktar óravíddir og skilið okkur þar eftir – orðlaus, en samt með öll orðin tilbúin.“

Texti: Jón Agnar Ólason





MIKIL FRUMSKÖPUN, MIKLAR TILFINNINGAR, OG SÖGUR SEM STANDA NÁLÆGT OKKUR



Þjóðleikhúsið er að sigla inn í tíma-
mótaár en það fagnar 75 ára afmæli
sínu árið 2025. Um leið og áhugaverð
ný verk bíða þess að tjaldíð verði dregið
frá, þar sem gaman og drama koma bæði
við sögu, sýnir leikhúsið áfram fjögur
geysivinsæl sviðsverk frá síðasta leikári—
meðbyr sem Magnús Geir Þórðarson
Þjóðleikhússtjóri tekur fagnandi.

„Skemmst er frá því að segja að það er
alveg ótrúlega fjölbreytt dagskrá hjá okkur
framundan, margt í boði og sjaldan meira,“
segir Magnús Geir þegar talið berst að
leikárinu framundan. „Eitt af því sem
einkennir leikárið hjá okkur að það eru
óvenju margar sýningar eru á gríðarlega
miklu flugi frá síðasta ári og halda því
áfram hjá okkur í vetur. Þar á meðal eru

Grímuverðlaunasýningin Saknaðarilmur, stórsöngleikurinn Frost og svo Orð gegn orði. Að ógleymdu uppstandssýningunni Á rauðu ljósi sem sló í gegn. Af nýjum sýningum langar mig að nefna drepfyndið íslenskt gamanleikrit sem heitir Eltum veðrið sem verður frumsýnt strax í byrjun október. Þar eru margir helstu gamanleikarar landsins samankomnir og við finnum mikinn spenning fyrir þessu verki þar sem við sjáum íslensku þjóðina í hnotskurn að elta veðrið.

Jólasýning Þjóðleikhússins er að þessu sinni leikritið Yerma – gríðarlega kraftmikið verk að sögn Magnúsar. „Þetta er nýtt nútímavark sem Gísli Örn Garðarsson ætlar að setja á svið með Nínu Dögg Filippusdóttur í aðalhlutverki, og ég á von að muni hreyfa við áhorfendum með áþekkingu hætti og Mayenburg-þrúleikurinn sem við sýndum í fyrra, sella minninga, enda verk á svipuðum nótum.“ Að auki nefnir Magnús Geir nýtt verk eftir Hrafnhildi Hagalín, sem nefnist Heim. „Þetta er feikilega vel skrifað verk um íslenskt fólk, íslenska fjölskyldu í dag.“ Magnús nefnir einnig

Taktu flugið beibi, Jólaboðið og Blómin á þakinu sem er eitt af sex barnaverkum sem verða á boðstólum í vetur.

Íslenskur veruleiki og saga sem hreyfir við okkur


Eftir áramót verður svo nýr íslenskur söngleikur frumsýndur. Hann nefnist Stormur og byggir á lögum hinnar vinsælu tónlistarkonu Unu Torfadóttur. „Þetta er saga sem Unnur Ösp Stefánsdóttir skrifar og leikstýrir, og vinnur í samráði við Unu. Þetta er saga sprottin beint úr íslenskum veruleika, saga sem við tengjum öll við og hreyfir við okkur, með þessari dásamlegu tónlist Unu,“ segir Magnús Geir. „Ég held mér sé óhætt að fullyrða að leikarið einkennist af sögum sem standa nálægt okkur. Mikil frumsköpun í gangi, miklar tilfinningar og frábærir leikarar.“

Maður gæti ætlað að erfitt væri að fylgja eftir svo sterku leikari sem hið síðasta var í Þjóðleikhúsinu, með vísan til þess að fjórar sýningar eru enn á fjölnum, en Magnús Geir segir það öðru nær. Þvert á móti gefi það ótvíræðan byr í seglin í haust og

vetur. „Þetta er í reynd alger lúxusstaða og við erum ákaflega glöð með það hvað við komum sterk og stolt út úr síðasta leikari. Mörg verk með metaðsókn og sýningarnar okkar komu um leið afskaplega vel út á Grímuverðlaununum. Þegar við þurfum að hætta sýningum fyrir fullu húsi þá gefur auga leið að við förum inn í nýtt leikár með troðfulla sali og allt komið á fleygiferð strax í lok ágúst. Þetta snýst jú alltaf um áhorfendur og það er alltaf skemmtilegra í leikhúsi þegar maður finnur að áhuginn er ótvíræður og fullt á sýningum. Öðru fremur er staðan okkur mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.“

Leikhúsið endurspeglar alltaf samtímann

Eins og vera ber tekur lifandi leikhús mið af sínu ytra umhverfi – dregur dóm af tíðarandanum, ef svo mætti að orði komast. Magnús Geir tekur heilshugar undir þetta. „Leikhúsið er alltaf ákveðinn spegill samtímans hverju sinni. Í aðra röndina fjallar svo leikhúsið um eitthvað sem er sam-mannlegt og eilíft—mannlegar



tilfinningar, ást og kærlegik, hatur og átök, fjölskyldur, elskhugar og þannig mætti lengi telja og það er partur af því sem við erum að gera. Þess vegna eru leikhús almennt enn að sýna Shakespeare, Chekhov, klassísku Grikkina.“

En um leið eru Magnús Geir og samstarfsfólk hans stöðugt að reyna að tengja leikhúsið lífi fólks í dag og láta verkefnavalið endurspeglar málefni sem brenna á fólki. „Það sem er kannski svolítið áberandi hjá okkur í vetur er að við erum að velta fyrir okkur samböndum fólks og fjölskyldunni sem kjölfestunni í þessu öllu saman,“ bendir Magnús Geir á. „Svo erum við líka að taka á málum sem hafa verið ofarlega á baugi og þar nefni ég kannski fyrst Orð gegn orði en við erum að fara sýna 70. sýninguna innan skamms. Þetta er verk sem við frumsýndum í fyrra, ótrúlega kröftugt og flott verk þar sem Ebba Katrín Finnsdóttir fer með aðalhlutverkið. Þar er verið að fjalla um kynferðislega áreitni og hvernig réttarkerfið vinnur úr slíkum málum. Þetta er feikilega klókt verk þar sem við komumst mjög nálægt þessu máli og kynnumst því á allt annan hátt en þann sem við erum að sjá í fjölmiðlum alla daga.“

Annað verk sem er að sögn Magnúsar með báða fætur í samtímanum er áður nefnt verk með tónlist Unu Torfadóttur, Stormur. „Þetta verk fjallar um líf ungs fólks sem er að klára háskóla og er að stíga inn í líf fullorðna fólksins og fóta sig í þeim heimi. Þar ber margt á góma sem tengist lífinu á Íslandi í dag og þessu fólka umhverfi sem við lifum í. Ég get sagt þér að það var samlestur á þessu verki í gær og hér hreinlega táraðist fólk yfir ýmsu sem hefur svo ríka skírskotun akkúrat í dag út af því sem við erum að upplifa allt í kringum okkur.“

Kúnstin að setja saman nýtt leikár

Það er viðbúið að virðuleg stofnun eins og Þjóðleikhúsið þarf að koma til móts við sem flesta og gæta að víðtæku hlutverki sínu í menningarlífi landsmanna en vera um leið nýtt og ferskt og með puttann á púlsinum þegar kemur að efnisvali. Hvernig ber ábyrgðarmaðurinn —sjálfur Þjóðleikhússtjórninn—sig að þegar kemur að því að leggja drög að nýju leikari? Magnús Geir kímur við. „Það er rétt, þetta er snúið verkefni en alveg ótrúlega

skemmtilegt. Í leikhúsinu hér vinnum við á þann hátt að þó leikhússtjóri beri endanlega ábyrgð og leiði vinnuna þá vinnur hann með öflugum teymi, verkefnavalsnefnd sem er að störfum allt árið. Og við erum alltaf að reyna að lesa í—hvaða sögur vilja áhorfendur heyra og hvaða sögur þurfa áhorfendur að heyra, og hvað er það sem skiptir máli fyrir samfélagið að borði sé á borð. Með þetta í huga erum við stöðugt að fálma út í umhverfið, með því að fylgjast með því sem er að gerast í leikhúsunum úti í heimi, lesum nýttkomnar skáldsögur, erum í stöðugu sambandi við höfunda. Við erum alltaf með ótal hugmyndir og ótal verk í skoðun og umræðu. Hægt og rólega þrengist þetta niður og á endanum erum við með leikar.“

Og það er einmitt það sem Magnús Geir og samstarfsfólk hans ber á borð fyrir landsmenn nú í haust og vetur. Það er ekki annað að sjá og heyra en að Þjóðleikhúsið fari inn í 75. árið á fullu stími, ferskt og framsækið.

Texti: Jón Agnar Ólason



NÁTTÚRUFEGURÐ, SAGAN OG SÆLKERAMATUR Í DÖLUM



Dalir bjóða ekki aðeins upp á nokkra af merkustu sögustöðum Íslands frá landnámsöld heldur er þar að finna einstaka náttúru þar sem kjörð er að jarðtengja sig, njóta kyrrðar og upplifa endurbeimt frá hraða og erli nútímans.



nýtur ljúffengs matar úr héraði, kannar söguslöðir eða skoðar náttúruna.

Sagan í Dölunum frá landnámi

Það er ekki ofmælt að sagan búi í nánast hverri þúfu í Dölum. Hér nam Auður djúpúðga land og reisti sér höfðingjasetur sitt, og að Eiríksstöðum er hægt að heim-sækja fæðingarstað Leifs heppna Eiríkssonar sem fann Ameríku fyrstur Evrópumanna um leið og hægt er að sjá og upplifa lífshætti og aðstæður fjölskyldu hans á landnámsöld. Þá má ekki gleyma að ættfaðir Sturlunga, Hvamm-Sturla Þórðarson bjó að Hvammi í Dölum, en hann var afkomandi Auðar djúpúðgu og þar fæddust synir hans Þórður,

Í Dölunum upplifir fólk jafnvægi og nánd við náttúruna. Takturinn í héraðinu er almennt rólegur og notalegur, því þannig vill heimafólkið hafa það og við finnum að gestir kunna að meta það,“ segir Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri í Dölum. „Þó að hringvegurinn sé skammt undan þá bjóða Dalir upp á einstakt umhverfi til að kúpla sig út um stund frá amstri og hávaða borgarlífsins. Það höfum við heyrt bæði frá Reykvíkingum og erlendum gestum frá stórborgum víða um heim.

Stigið af hringekjunni og slakað á Jóhanna hefur lög að mæla. Sé kort af Íslandi skoðað sést að Búðardalur, sem er stærsti þéttbýliskjarninn í Dölum, er aðeins í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá Þjóðvegi 1. „Við lítum svo á að í nútímanum er kyrrðin orðin aðdráttarafl út af fyrir sig, nokkuð sem fólk sækir í til að hlaða orkuna aftur. Hér í Dölunum er upplagt að finna ró og næði, stíga af hringekjunni um stund og anda djúpt inn. Við finnum glögg að fólk kann að meta það, um leið og það



Dalabótel



Eiríkstaðir

Sighvatur og Snorri. En fólk og staðir í Dölum er ekki eingöngu bundið við söguöldina. Vert er að nefna að kirkjan fallega í Hjarðarholti er eftir fyrsta íslenska lærða arkitektinn, Rögnvald Ólafsson, eins og Jóhanna bendir á. „Við eigum líka allmörg skáld sem komu úr Dölunum og þar á meðal eru til dæmis Steinn Steinarr, Jóhannes úr Kötlum, Theódóra Thoroddsen og Stefán frá Hvítadal. Svo má líka nefna að myndlistarmennirnir Ásmundur Sveinsson og Hreinn Friðfinnsson eru ættaðir úr Dölunum.“

Áfangastaður fyrir sanna sælkera

Eins og Jóhanna bendir á er ekki bara kjörð að næra andann í Dölum með nálægð við söguna og náttúruna, heldur eru Dalirnir sannkölluð matarkista og því tilvalinn áfangastaður fyrir sælkeruferð. „Dala-ostarnir eru auðvitað landspekktir og hér í héraðinu er ræktaður hvítlaukur sem ég fullyrði að á sér engan líka,“ segir



Jóhanna. „Það eru einstök berjalönd víða um Dalina og Rjómabúið að Erpsstöðum er sívinsæll áfangastaður fyrir sælkera enda er framleiðslan einstök og gestir ávallt velkomnir. Heimsókn í Dalina er sannkölluð veisla fyrir bragðlaukana.“

Kyrrð og slökun í náttúrulegu umhverfi

Sem fyrr segir eru Dalirnir kjörnir fyrir það sem kalla mætti „hæglætis-ferðamennsku“ þar sem markmiðið er að komast í ósnortna náttúru og upplifa þar kyrrð og vellíðan.



Klofningur á Skarðsströnd

„Hér í Dölunum lífið afslappað og gott. Það er gaman að segja frá því að við tókum jafnan eftir því að gestir, hvort sem þeir eru Íslendingar eða erlendis frá, eru oftast fljótir að aðlagast andrúmsloftinu í Dölunum og finna ákveðna ró í hinu einstaka náttúrulega umhverfi. Ferðamenn hafa líka oft haft það á orði við heimafólk hvað þeir finni mikla afslöppun á svæðinu. Þetta er nokkuð sem við lítum á sem verðmæti og munum alltaf standa vörð um. Dalirnir eru og munu verða gridastaður, fjarri ys og þys nútímans.“

ÓSVÖR, ÓSHÓLAVITI & ÖLVER

Þrátt fyrir að hafa verið verstöð í aldir, varð ekki föst búseta í Ósvör austast í Bolungarvík, vestur við Ísafjarðardjúp á Vestfjörðum þar til árið 1905 og síðan næstu tuttugu árin. Bolungarvíkurkaupstaður, ákveður að endurbyggja verstöðina árið 1980, verkefni sem tók tíu ár, og opnar þar safn þegar framkvæmdum er lokið árið 1990. Ósvör samanstendur af verbúð, salthúsi, fiskireit og síðan þurrkhjalli auk þess sem sexæringurinn, báturinn Ölver er

þarna í fjörukambinum. Báturinn var smíðaður árið 1941 af Bolvikingnum Jóhanni Bárðarsyni, eftir Bolvísku lagi sem byggir á góðri sjóhæfni, og er bæði hraðskreiður og með góða lendingu. Gefur hann góða mynd af þeim skipum sem notuð voru til fiskveiða fyrir vestan frá miðri níttjándu öld. Ósvör er fágætur staður til að skyggnast inn fortíð sem er svo nálæg, en samt svo framandi.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



Frá Ósvör



Frá Ósvör



Frá Ósvör



Frá Ósvör



Frá Ósvör



Óshólaviti, byggður 1937, rétt austan við Ósvör. Frábært útsýni er frá vitanum um allt Ísafjarðardjúp



Frá Ósvör



Guðmundur Ármann Sigurjónsson

ENDALAUSS INNBLÁSTUR Í EYJAFIRÐI

Listmálarinn og kennarinn Guðmundur Ármann Sigurjónsson hélt sína fyrstu sýningu á Mökkakaffi 1961 og hefur stundað list sína síðan ásamt kennslu. Hann heldur þá hefð í heiðri að halda út fyrir hússins dyr þegar veður er gott og fanga nærumhverfi sitt í nágrenni Akureyrar, árstíðirnar og birtuna á blað með vatnslitum.

„Ég fluttist hingað 1972, til Akureyrar, og var þá nýlega búinn að ljúka mínu myndlistarnámi í Svíþjóð. Eiginlega var það Hörður Ágústsson [myndlistarmaður, hönnuður, kennari og fræðimaður á sviði sjónlista] sem sendi mig hingað norður til að kenna myndlist. Stuttu seinna stofnaði ég Myndlistaskóla Akureyrar – sem þá hét Myndsmiðjan – og gerði það í samvinnu við Myndlistafélag Akureyrar. Hér hef ég unnið með mína myndlist, grafík og olíumálverk, ásamt því að kenna nánast stanslaust frá þessum tíma.“

Helst ekki rigning og helst ekki frost 2014 fer Guðmundur svo á eftirlaun. „Það má segja að um það bil þá fer ég að mála með vatnslitum utandyra. Nú er það orðin hefð hjá mér að drífa mig út og mála, ef þannig viðrar – það má helst ekki rigna, sko,“ segir hann sposkur – „og hitastigið má helst ekki vera í mínus. En ég nýti tímann þegar færi gefst að fara út og hef mjög gaman af því, milli þess sem ég vinn á vinnustofunni minni í stórum olíumálverkum, og grafík.“



Hörgá og Stadarhnjúkur



Eyjafjarðará

Fallegasti dalur á Íslandi

En hvað er það sem gerir umhverfið við Eyjafjörðinn svona sérstakt? Svo virðist sem hreinlega allt á svæðinu verði Guðmundi að innblæstri.

„Já, það er alveg rétt. Ég þarf ekki að fara nema í hæsta lagi hálf tíma leið til að vera kominn í Svarfáðardalinn, og sá staður býður upp á ótæmandi verkefni. Ásgrímur [Jónsson, listmálarí] sagði alltaf að þetta væri fallegasti dalur á Íslandi, og hann sæi



Eyjafjarðará og Staðarbyggðarfjall



Svalbarðsvitinn og Sútur

mest eftir því að hafa ekki uppgötvað hann fyrr en hann var kominn á efri ár. Það er óendanlega mikið af fallegum mótífum í Svarfaðardal og Tröllaskaginn í heild, hann er bara ævintýri út af fyrir sig.“

Eina leiðin til að ná birtunni á blaðið

Aðspurður segist Guðmundur hafa valið sér vatnsliti til að fanga landslagið í kringum Eyjafjörðinn því þeir séu heppilegastir til að mála utandyra, eins og hann hefur gert undanfarin ár. „Það gerist allt miklu hraðar með vatnslitum. Olían og akrýllinn, það er miklu meira í kringum það, svo margt sem þú þarft að taka með þér. Ég hef notað vatnsliti frá upphafi, en það má segja að þegar ég kynntist nokkrum málurum frá Svíþjóð, Færeyjum, Noregi og Danmörku, þá sá ég að þeir notuðu vatnslitina svolítið öðruvísi en ég hafði áður kynnst. Í staðinn fyrir að bera vatnslitinn á þurran pappír með penslum eru notaðir penslar sem halda miklu vatni og oft er þá málað á votan pappír, litirnir látnir flæða og blandast án þess að pensla mikið. Ég er þá ekki að nota penslana til annars en að stjórna flæðinu og litnum sem passar við þá birtu sem ég er að fást við hverju sinni, að mála himinn eða speglun í vatni eða annað.“

Slíkt flæði kallast vott í vott aðferðin, að sögn Guðmundar, og hana hafa norrænir listamenn á borð við Lars Lerin, Anna Törnquist og fleiri tileinkað sér. „Þessi aðferð býður upp á miklu meiri birtu. Það verður til birta sem þú nærð aldrei öðruvísi og það er viðfangsefni mitt í verkunum – að fanga landslagið, árstíðina, og birtuna.“

Texti: Jón Agnar Ólason



Eyjafjarðará



Staðarbyggðarfjall



Vesturfjöllin við Eyjafjörð



Eyðibýli við Eyjafjörð



Útsýni frá Laufási



HAMINGJAN BÝR Í EYJAFJARÐARSVEIT

Það svifur ljúfur og þægilegur andi yfir Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit sunnan Akureyrar, eins og Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, segir frá í spjalli. Engu að síður er drifandi vöxtur í samfélaginu á staðnum með aukinni þjónustu og metnaðarfullum áformum til framtíðar.

„Meiri tími með fjölskyldunni,“ svarar Finnur Yngvi án minnstu umhugsunar þegar hann er spurður að því í hverju lífsgæði þar á svæðinu felist öðru fremur. „Það er bara atriði númer eitt, fyrst og fremst. Hér ver maður miklu, miklu minni tíma í umferðinni en nokkurn tímann fyrir sunnan. Maður eyðir einfaldlega ekki miklum tíma í akstur og aðrar tilfærslur hérna í Hrafnagilshverfinu. Einhverjum kann að þykja langt að koma til okkar frá Akureyri en það er þá af því að byggðin slitnar og þú upplifir kyrrðina á milli, þetta eru samt ekki nema 12 mínútur úr miðbæ Akureyrar,“ segir Finnur og kímur við. „Við vanmetum oft hversu mikill tími fer í bara að komast á milli staða og allt sem gefur manni meiri tíma með fjölskyldunni, fleiri gæðastundir, er bara svo mikils virði.“

Finnur Yngvi nefnir íþróttaiðkun barna sem annað dæmi í þessu sambandi. „Fyrir börn í Eyjafjarðarsveit þá fer stór hluti íþróttastarfsins fram fyrir klukkan fjögur, sérstaklega þau yngri og er stílað inná að það fari saman með frístund þeirra barna. Það eru svo mikil þægindi fólgin í þessu, bæði fyrir þá sem búa hér í Hrafnagilshverfinu og eins fyrir þá sem búa í dreifðari byggð sveitarfélagsins.“

Lifandi félagsstarf fyrir alla

Að sögn Finns birtist samheldni íbúanna í sveitarfélaginu einna best í hinu viðmikla og fjölbreytta félagsstarfi sem þar er í boði. „Allir sem hafa á annað borð áhuga á að taka þátt í félagsstarfi hér á svæðinu geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við erum með mjög virka félagsmiðstöð fyrir unglingana, um

leið og félagsstarf eldri borgara er mjög flott þar sem þau hittast einu sinni í viku í skipulögðu félagsstarfi ásamt því að hittast þrisvar í viku í mismunandi líkamsþjálfun, sundleikfimi, styrktaræfingum og slíku. Hér eru rekin þrjú kvenfélög, við erum með björgunarsveit með því starfi sem því fylgir, hestamannafélag, Freyvangsleikhúsið sem er mjög lifandi áhugaleikhús, Lionsklúbbur, og svo má lengi telja. Það er bara svo mikið af starfi sem hver og einn getur tekið þátt í.“ Finnur Yngvi bætir svo við starfi íþróttafélagsins Samherja, sem nær frá yngstu flokkum barnastarfs upp í eldri borgara. „Það er mikil fjölbreytni félagsstarfs í þessu þetta og samheldna samfélagi.“

Hin dýrmæta kyrrð dreifbýlisins

Að sögn Finns Yngva er andrúmsloftið afslappað í Hrafnagilshverfinu og kyrrðin allt um lykandi, nokkuð sem nútímamaðurinn skynjar í auknum mæli sem lífsgæði. „Fólkið hér í hverfinu sækir mest af þjónustu til Akureyrar, sem er 10 mínútna akstur í



burtu, og fyrir bragðið er mjög mikil ró yfir hverfinu. Gestir sem búa á höfðborgarsvæðinu hafa lýst því sem svo að hálfur dagur hér í hverfinu sé fyrir þau svipuð upplifun og fyrir langþreyttan einstakling að fá loks hvíld. Kyrrðin einfaldlega endurnærir mann og þegar þú hefur einu sinni upplifað þau lífsgæði, sem verða dýrmætari eftir því sem atíð og asinn í nútímanum eykst, þá vill maður helst ekki sleppa höndunum af þeim aftur. Það er bara svo mikil vellíðan sem fylgir því að lifa í þessu nærandi umhverfi frá degi til dags, og það held ég að eitthvað sem sífellt fleiri sakna og sækja í auknum mæli í.“ Finnur bætir því við að í dreifbýlinu sunnan við Hrafnagilshverfið sé svo hægt að komast í alvöru kyrrð, náttúrulegt umhverfi þar sem þögnin umvefur mann. „Þar er takmörkuð umferð í stórbrotnu landslagi og lífsgæðin sem eru fólgin í því að koma þangað og draga djúpt andann – í kyrrð og nálægð við náttúruna – eru bara einstök.“

Lágrest byggð og dreifð

Sveitastjórnin í Eyjafjarðarsveit hefur um árábil, að sögn Finns Yngva, lagt á það ríka áherslu að viðhalda framangreindum lífsgæðum á svæðinu, meðal annars með því að fylgja skýrri stefnu þegar kemur að skipulagsmálum. „Hún felst einna helst í lágrestri byggð og dreifðri, frekar en að byggja upp og þéttar en við gerum hér, og það er einn búsetukosturinn. Við erum að bjóða upp á annars konar búsetukost,“ bendir hann á. „Fókusinn er algerlega á þess konar skipulagi og við vorum til að mynda nýverið að vinna sameiginlegan aðalskipulagshluta með Svalbarðsströnd í Vaðlaheiðinni, sameiginlegt svæði þar



sem við vorum að samræma skipulagið hjá okkur. Þar var þessi áhersla allsráðandi, að skipuleggja einbýlishúsabyggð með stórum lóðum þar sem væru að hámarki fjórar lóðir á hektara. Þá er lóðin í kringum 2-3000 fermetrar og unnið út frá því. Gróðursæld, friðsæld, velsæld eru þar lykilorðin og meiningin að búa til kyrrð og festa hana í sessi. Því hún er að verða, í sífellt auknum mæli, áþreifanleg og eftirsótt lífsgæði.“

Næg atvinna – fjölbreytt störf

Hér í eina tíð var það nánast öruggt mál að ungt fólk utan af landi sem flutti suður til Reykjavíkursvæðisins til að ganga í háskóla hafði í raun ekki færi á að flytja aftur heim því þar biðu svo takmörkuð tækifæri til atvinnu við þeirra hæfi. Finnur Yngvi segir þetta gerbreytt nú til dags. „Helsta breytingin er sú að allskonar möguleikar hafa opnast upp á gátt hvað fjarvinnu varðar. Sérfræðingar geta oft valið sér búsetuna núorðið, óháð því hvað höfuðstöðvar fyrirtækisins sjálfs eru. Hér á svæðinu er svo landbúnaðurinn vitaskuld afar fyrirferðarmikill enda Eyjafjörðurinn oft nefndur matarkista Íslands með hátt í 10% af mjólkurframleiðslu landsins. Ferðapjónustan lætur sífellt meira að sér kveða og til Eyjafjarðarsveitar tilheyra Skógarböðin með alla sína starfsemi, ásamt fleiri flottum ferðapjónustufyrirtækjum.“



Byggingageirinn hér er í mikilli sókn enda fyrirliggjandi deiliskipulag hér í jafri Hrafnagils með 200 íbúðum. Það er líka mikil starfsemi hjá sveitarfélaginu sjálfu enda mikil uppbygging í gangi og atvinnuframboð og fjölbreytni eykst hér stöðugt, ekki síst af því við erum jafnt og þétt að efla þjónustuna við íbúana. Meðal annars erum við að opna nýja leikskóla á næsta ári og þá margfaldast þjónustustigið við fólk með börn á leikskólaaldri. Hér er því hugsað á margan hátt til framtíðar, þó við gleymum aldrei að njóta líðandi stundar því við leggjum áherslu á að viðhalda þeim lífsgæðum sem einkenna sveitina okkar fögru“ segir sveitarstjórinn Finnur Yngvi að endingu.

Texti: Jón Agnar Ólason



Rauðinípur norður á Melrakkaslétu



Rauðfoss, í Rauðfossafföllum, Rangárvallasýslu



Rauðanes í Þistilfirði



Rauðamýri, að Fjallabaki



Rauðisandur vestur í Vestur-Barðastrandarsýslu



Rauðbólur, Reykjavík

AÐ SJÁ RAUTT

Það eru þó nokkrir staðir hér í lýðveldinu sem eru kenndir við rauða litinn, eins og Rauðhólarnir tveir, annar rétt austan við Reykjavík / Kópavog, hinn í Jökulsárgljúfri, mitt á milli Dettifoss og Ásbyrgis norður í Norður-Þingeyjarsýslu. Hér kemur myndasería frá rauðum stöðum, sem vert er að sækja heim, og þá auðvitað með myndavél við höndina.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



Rauðbólur norður í Norður-Þingeyjarsýslu



UNDIR HEIMSKAUTSBAUG

Grjótnes



Ströndin við Valbjófsstaði, rétt sunnan við Kópasker



Raufarhöfn



Miðnætursól við Leirhöfn

Melrakkaslétta er einstök. Þótt þarna sé nú hverfandi mannlíf, er náttúru- fegurðin kyrrðin þarna eitthvað sem ekki þekktist í lýðveldinu. Melrakkaslétta, er nyrsti hluti Íslands, og eins langt frá höfuðborginni eins og hægt er, hinum megin á landinu. Á Melrakkasléttunni er tvö þorp, Kópasker og Raufarhöfn, og fáeinir sveitabærir sem kyssa hafið. Fallegastur Grjótnes, þar sem fimmtíu manns bjuggu fyrir hundrað árum. Nú í eyði. Skammt suður af Melrakkasléttu eru tveir fjölfarnir ferðamannastaðir Ásbyrgi og Dettifoss. Næst þegar þú átt leið þar um, taktu nokkra klukkutíma að taka hring um Melrakkasléttuna, og kyssa heimskautsbauginn í leiðinni, sem liggur á Hraunhafnartanga, nyrsta odda Íslands.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



Rekaviður fremst og síðan ferðamenn við Njúpskötlu undir Rauðaníp




Beinn og breiður vegur á Melrakkasléttu



Dettifoss



Raudínúpur- Einar Th. Thorsteinsson



RAUÐINÚPUR

Raudínúpur er 73 metra hár klettanúpur sem stendur vestast á Melrakkaslétu. Þaðan er víðsýnt og er núpurrinn vel þekkt kennileiti á sjó.

Raudínúpur er talinn hafa verið eldstöð sem gaus seint á Ísaldartíma og fær hann lit sinn af rauðu gjalli. Við enda núpsins rísa tveir drangar úr sjó næstum til jafns við núpinn. Sá vestari nefnist Sölvanöf en hann var landtengdur með náttúrulegri steinbrú allt þar til 1962 er brúin hrundi. Austari

drangurinn heitir Karlinn en sumir kalla hann Jón Trausta eftir rithöfundinum Jóni Trausta (Guðmundi Magnússyni) er bjó um tíma í Núpskötlu. Í Rauðanúpi er mikið fuglalíf, svo sem svartfugl, lundi og súla.

Viti var reistur á Rauðanúpi árið 1929. Núverandi viti var byggður 1958 og rafvæddur 1988.

Raudínúpur er 73 metra hár klettanúpur



Gæsavötn, Bjálkur í fjarska



Staðarfjall með sína þrjá tinda



Lindarbakki í Bakkagerði, byggður 1899

AF ÁLFUM OG FALLEGUM FJÖLLUM

Borgarfjörður eystri og Víknaslóðir eyðibýggðin sunnan fjardarins er eitt fallegasta svæði Íslands. Fjörðurinn er nyrstur Austfjarðar, sunnan Héraðsflóa, norðan Seyðisfjarðar. Rúmlega eitt hundrad manns búa í dag á Borgarfirði eystri, en Víkurnar fóru í eyði árið 1974, þegar síðasti ábúandinn í Húsavík austur flutti fyrir fimmtíu árum síðan, árið 1974. Um aldamótin 1900 bjuggu vel á þriðja hundrad manns á svæðinu, auk álfa og huldufólks, en margir telja að höfuðborg þeirra á Íslandi sé í Álfaborg, við tjaldsvæðið í Bakkagerði,

þorpsins í Borgarfirði eystri. En þar er ekki bara vegleg tónlistarhátíð, Bræðslan haldin öll sumur, heldur er staðurinn, svæðið einstök náttúruperla fyrir okkur öll, alltaf, enda örstutt frá Egilsstöðum, klukkutími. Frá Reykjavík bætast bara nokkrir kílómetrar við, tæplega 800, eða 500 mílur, fyrir þá enskumælandi. Einn af stærstu sonum Íslands, listmálarinn Jóhannes Kjarval (1885-1972) bar barnskóna í Borgarfirði eystri.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



Gæsavötn lakes in Víknabeidi



Gæsavötn á Víknabeidi



Gæsir við Jökulsárlón, Austur-Skaftafellssýslu



Smá á Vopnafirði, Norður-Múlasýslu



Horft yfir Hérað, um sumarnótt í Norður-Múlasýslu



Höfuðstaðurinn Seyðisfjörður við samnefndan fjörð í Norður-Múlasýslu. Eina bílferja til landsins kemur vikulega á Seyðisfjörð, frá Danmörku, með viðkomu í Þórshöfn í Færeyjum

AUÐVITAÐ AUSTURLAND

Þar eru rúmlega 600 km / 360 mi að aka frá Lómagnúp þar sem austurland tekur við suðurlandi, í Finna fjörð, í Bakkaflóa (Bakkafirði) þar sem norðurland endar eða byrjar. Íbúar í þeim sex sveitarfélögum (+hálf Langanesbyggð) sem eru í fjórðungnum, búa um fjögur prósent af íbúum landsins, eða rétt rúmlega þrettán þúsund einstaklingar. Fæstir búa í Bakkafirði rúmlega sextíu einstaklingar, í samfélagi sem er lengst frá

höfuðborgarsvæðinu í kílómetrum talið. Flestir á Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggð, rétt rúmlega fimm þúsund í þeim báðum. En austurland státar af náttúrufergurð, og kyrrð sem er einstök, ekki bara á Íslandi. Hér eru nokkur sýnishorn að austan, sem ætti auðvitað að vera meira heimsótt af heimamönnum og erlendum ferðamönnum.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



Bustarfell í Vopnafirði, Norður-Múlasýslu, einn best varðveitti torflær landsins. Nú hluti af Þjóðminjasafni Íslands



Lónsöræfi, Austur-Skaftafellssýslu



„ÉG VEL MÉR LITI OG EITTHVAÐ KEMUR TIL MÍN“

Ragnheiður Gunnarsdóttir er kona eigi einböm, eins og sagt er. Í vinnunni sjá harkfrán augu hennar til þess að rekstrargögn stemmi og tölur passi upp á punkt og prik, en þess á milli malar hún af listfengi og finnur þar að eigin sögn ómissandi mótvægi við bókhaldið.

Ég er bókari og hef verið alla mína „hunds- og kattartíð“, segir Ragnheiður í gamansömum tón. „En listsköpun blundaði alltaf í mér og árið 2010 hófst ég handa við að mála. Þá flutti sonur minn ásamt fjölskyldu til útlanda til að leggja stund á sérnám og þegar barnabörnin voru ekki lengur til staðar þurfti að verja ömmutímanum einhvern veginn öðruvísi,“ útskýrir hún. Myndir sínar malar Ragnheiður með akrýl á striga. „Ég mátaði mig við olíuna en hún átti ekki við mig,“ segir myndlistarkonan kankvís.

Málarinn og listamaðurinn

Ragnheiður fór í kjölfarið á nokkur námskeið til að slípa tæknina til og hefur ekki litið um öxl síðan. Í dag segist hún ekki ekki getað hugsað sér lífið án listarinnar. „Ég get ekki án þess verið að mála. Ég finn

slökun og hugarró þegar ég mála og finnst það nauðsynlegt mótvægi við vinnuna.“ Ragnheiður nýtur líka dyggs stuðning frá hendi eiginmannsins því hann tekur tilbúin verk hennar og smíðar ramma utan um þau, enda handlaginn með eindæmum að hennar sögn. „Ég segi oft að ég sé málarinn og hann listamaðurinn,“ bætir hún við og hlær.

Veit ekki fyrirfram hvað kemur á strigann

Mótífin eru margvísleg í list Ragnheiðar, fólk í bland við hlutbundið myndefni á borð við blóm í vasa. „Um tíma málaði ég líka mikið af gömlum húsum, ég veit samt ekki alveg hvaðan það myndefni kom,“ segir Ragnheiður og brosir hugsu. „Ég mála líka talsvert abstrakt – ætli það sé ekki viðfangsefnið sem helst kallar í dag.“ Engu að síður er það svo að hún ákveður aldrei

fyrirfram hvað hún er að fara mála þegar hún mundar penslana. „Ég vel mér bara liti sem kalla á mig í það skiptið og eitthvað kemur til mín í framhaldinu.“

Sumar myndir þurfa pásu

Að sögn Ragnheiðar er hún yfirleitt fljót að ljúka við myndir þegar hún hefur á annað borð byrjað að mála. Flestar málverkin klárast í einni setu þó þau taki mislangan tíma að verða fullgerð. „Stundum hef ég klárað verk á tveimur klukkutímum, aðrar taka lengri tíma. Svo kemur það fyrir að ég skynja að ég er ekki að finna réttu lausnina



á tilteknu verki. Þá þýðir ekkert annað en að taka sér pásu frá myndinni og byrja á annarri. Þá bregst ekki að leiðin til að klára fyrri myndina kemur til mín og þá sný ég mér aftur að henni til að loka henni. Og ég veit alltaf upp á há hvenær mynd er tilbúin og ekki þarf að vinna við hana meir.“

Þurfti stöðugt að fylla á sýninguna

Aðspurð um sýningahald á næstunni segir Ragnheiður ekkert ákveðið í þeim efnum; hún sé hlédræg að eðlisfari og þyki frekar óþægilegt að koma sér á framfæri. Hún setti þó upp sölusýningu í veitingastaðnum

Viðvík á Hellissandi í sumar og þurfti ítrekað að fylla á veggina því verkin seldust grimmt. Ragnheiður segist vel geta hugsað sér að endurtaka þann leik. „Svo er ekki loku fyrir það skotið að ég setji nokkrar myndir upp hjá mér í bílskúrnum því þar er ég með ljómandi góða aðstöðu. Hver veit?“

Ragnheiður fær líka töluvert af beiðnum um að mála myndir eftir pöntun og hefur nóg fyrir stafni í myndlistinni. Hæfileikar hafa jú lag á að spyrjast út, óháð því hve röskur listamaðurinn er að koma sér á framfæri hverju sinni. Einföld hagfræði kveður líka á um að verð hækki jafnan með eftirspurn svo nú gæti verið lag fyrir áhugasama. Verk eftir Ragnheiði má skoða hér á meðfylgjandi myndum.

Texti: Jón Agnar Ólason



„HÖLDUM RÆTUR OKKAR Í HEIÐRI HJÁ RÆKTÓ“

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hóf starfsemi fyrir tæpum 80 árum og er enn að þó verkefni séu talsvert af öðrum toga en áður fyrr. Það sem seint mun breytast er samvinnuhugsjónin sem varð hvatinn að stofnun sambandsins, hin ramma taug til heimahaganna og hið kjarnyrta nafn – þó starfsemi hafi gjörbreytt með tímanum.

„Fáum mun þykja fagurt í Flóanum. Það vantar flest er fegurst þykir. Þar eru engin fjöll, engir skógar, engir hálsar nje hnjúkar, engir fossar nje fríðar hlíðar, en móar eru þar og moldarbörð, fen og forarmýrar.“

Þannig komst maður að nafni Sæm. Eyjólfsson að orði í greinarkorninu „Flói og Skeið“ sem birtist í dagblaðinu Ísafold þann 17. nóvember 1894. Umræddur hluti undirlendis á Suðurlandi þótti nefnilega á mörkum þess að vera byggilegur vegna bleytu, ekki síst þegar þiðnaði á vorin. Var sagt að tæplega væri hestfært á milli bæja og gefur auga leið að þaðan af síður var landið vænlegt til ræktunar. Þegar leið á 20. öldina kom að því að duglegt og framtakssamt fólk í Árnassýslunni gerði eitthvað í málunum. Bændur í sjö hreppum – á svæðinu sem í daglegu tali kallast Flóinn og Skeiðin – tóku höndum saman og stofnuðu samvinnufélag utan um þá framkvæmd að vinna að stórfelldri þurrkun lands.

Eitt elsta verktakafyrirtæki landsins

Þann 22. janúar 1946 var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða stofnað í Selfossbíói og hefur starfað síðan. Fyrirtækið telst því í dag vera eitt elsta verktakafyrirtæki á landinu, eins og Guðmundur Ármann Böðvarsson, núverandi framkvæmdastjóri bendir á. „Þarna eru bændur og búalið við stjórnmölinn í upphafi, fólk sem var að glíma við erfiðar aðstæður í sinni heimasveit. Enda var þröngt í búi hjá sambandinu framan af en alltaf gekk það þó, líklega af því aðstandendur þess létu það ganga fyrir eigin handafla og dagnaði.“

Þó ekki hafi sambandið verið fjársterkt fyrstu tuttugu árin eða svo hafði það duglegt og úrræðagott fólk innanborðs sem kom auga á tækifæri þegar þau buðust. Þegar upphaflegum markmiðum Ræktunarsambandsins var að mestu leyti náð um miðjan sjöunda áratuginn var því félagið ekki lagt niður; þvert á móti óx verktakastarfsemi stöðugt fiskur um



hrygg næstu árin og meðal annarra stórra verkefna má nefna lagningu rafmagnslínu fyrir Landsvirkjun frá Kambabrunn að Þjórsá. 1975 fékk svo Ræktunarsambandið stærsta verkefni sitt fram að því, lagningu vatnsveitu um Flóann. Næstu árin óx starfsemi enn með sífellt betri tækjakosti og 1981 fékk Ræktunarsambandið sannkallað risaverk, sem var lögnað á hitaveitulögnum frá Selfossi að Eyrbakkavegamótum.

Stöðugt meiri umsvif Ræktunarsambandsins

Á þeim tíma er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða orðið 35 ára gamalt og þó starfsemi hafi í fáu snúist lengur um að gera land ræktanlegt, og verkefni farin að ná út fyrir Flóann og Skeiðin, hélt sambandið nafni sínu enda tengt heimamönnum sterkum tilfinningaböndum. „Á 10. áratug síðustu aldar aukast umsvifin enn þegar bordeildin kemur inn í starfsemi, bara með eitt tæki í byrjun,“ útskýrir Guðmundur. Mjór er mikils vísir er máltæki sem þar á vel við því jafnt og þétt jókst þar við verkefni og tækjakostinn. Næstu árin varð reksturinn sífellt viðameiri og sambandið stækkaði mjög hratt. Efnahagshrunið síðla árs 2008 varð sambandinu aftur á móti bysna erfitt og árin í kjölfarið urðu þung.

„Það er í raun ekki fyrir en árið 2014 sem endurskipulagningu á rekstrinum lýkur þannig að jarðvinnudeildin var seld frá og starfar hún núna undir merkjum Borgarverks. Í staðinn var afráðið að áhersla Ræktunarsambandsins yrði þaðan í frá jarðboranir og þannig hefur það verið síðan,“ útskýrir Guðmundur. Jarðboranir keyptu svo allt hlutafé í Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða fyrripart ársins 2015 en þar sameinaðist mikil þekking á þessu sérsviði.

Guðmundur segir að ekki verði litið hjá þætti Ólafs B. Snorrasonar á þessum miklu umbreytingarárum Ræktunarsambandsins. Hann var framkvæmdastjóri félagsins og aðal-eigandi lengst af á fyrsta áratug þessarar aldar og leiddi Ræktó gegnum erfiða tíma áleiðis til farsælla umbreytinga. Ólafur féll svo frá vegna veikinda, langt fyrir aldur, fram árið 2012.

Starfsemi gjöful fyrir viðskiptavinina

Guðmundur bendir á að í gegnum tíðina hafi fólk oft unnið hjá Ræktunarsambandinu áratugum saman og í þeim efnum hafi ekkert breyst, þó flest annað í rekstri þess hafi tekið stakkaskiptum og það oft en einu sinni. Enn séu starfsmenn á málum hjá sambandinu með 30-35 ára starfsaldur. „Nú til dags erum við í mjög sérhæfðri starfsemi, það er að segja við borholuvinnuna þar sem til þarf færni og kunnáttu sem getur tekið tíma að öðlast til fulls. Það er því gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að starfsmenn fari ekki með þekkinguna á brott eftir nokkur ár þannig að við reynum að halda hjá okkur góðu starfsfólki eins lengi og við getum.“

Starfsemi Ræktó við boranir hefur líka verið farsæl undanfarin misseri og verkefni gjöful fyrir viðskiptavinina þess. „Í sumar komum við niður á heitt vatn á Ísafirði og gæti það gjörbreytt stöðunni hjá þeim. Þá höfum við nýlega borað 3 holur hér á Selfossi sem allar hafa skilað heitu vatni í vinnanlegu magni sem er verður til þess að uppbygging hér á Selfossi getur haldið áfram.“ Í sumar boraði Ræktó ennfremur þrjár holur á Reykjanesi fyrir Almannaávarnir vegna eldumbrotana á Reykjanesi. „Þær holur gera það að verkum að hægt verður að halda bæjarfélögum þar frostfríum ef Svartsengi dettur út vegna hraunflæðis,“ bætir Guðmundur við. Í síðasta mánuði kláraði Ræktó svo mjög góða hól á Saudárkróki. „Hún verður vonandi þess valdandi að ekki þarf að skerða þar heitt vatn eins og undanfarin ár.“



Nafnið veitir sérstöðu í dag

Enn þann dag í dag ber sambandið upprunalegt heiti sitt, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, þó starfsvettvangur og verkefnaval hafi breyst rækilega og það oft en einu sinni. Guðmundur kímir við þegar nafnið er borið undir hann. „Já, rétt áðan var einn starfsmaður að hafa orð á því að hann hefði lent í einhverjum misskilningi með þetta nafn. Það hefur alveg komið til tals hjá núverandi eigendum og stjórnendum að breyta nafninu en núorðið er alltaf talað um Ræktó í daglegu tali og það er orðið mjög þekkt nafn á okkar sérhæfða starfsvettvangi. Þar af leiðandi hefur ekki orðið af því,“ bætir Guðmundur við.

Sömu sögu er að segja af myndmerki sambandsins, sem sýnir mann sem beitt hefur uxu fyrir plóg. „Einmitt, það hefur lítið með það að gera sem við erum að fást við í dag“, samsinnir Guðmundur og hlær við. „En við munum okkar rætur og okkar uppruna, og höldum það í heiðri. Það er ekki að há okkur mikið, þetta nafn og lógó. Ef eitthvað er þá veitir þetta sérstaka nafn okkur ákveðna sérstöðu á markaði því keppinautar okkar heitir bor-þetta og bor-hitt, og fæstir greinar þar á milli eða muna hvað er hvað. En allir muna nafn Ræktunarsambands Flóa og Skeiða og það hjálpar okkur eflaust að vera þekkt undir nafninu Ræktó, alltént á okkar sérhæfða sviði.“

Texti: Jón Agnar Ólason



Fjaðrárgljúfur, Skaftárbreppi, Vestur-Skaftafellssýslu



Fjaðrárgljúfur, Skaftárbreppi, Vestur-Skaftafellssýslu

FJAÐRÁRGLJÚFUR FRÍÐAÐ OG KEYPT

Það var 2. nóvember 2015, sem Kanadíski tónlistarmaðurinn Justin Bieber frumsýndi tónlistarmyndbandið fyrir lagið I'll Show You, þar sem Fjaðrárgljúfur léku aðalhlutverkið. Tæpur hálfur milljarður manna hefur horft á þetta myndband sem kom þessu stutta en fallega gljúfri, rétt vestan við Kirkjubæjarklaustur á kortið. Eitt af stærstu ferðabjónustufyrirtækjum landsins Arctic Adventures hefur nú keypt gljúfrin og landið umhverfis þau, og ætla að setja verndun og uppbyggingu svæðisins í

forgang, en Fjaðrárgljúfur er í 250 km / 150 mi fjarlægð frá Reykjavík. Guðlaugur Þór Þórðarson friðlýsti Fjaðrárgljúfur í maí 2024. Friðlýsingin var unnin í góðu samstarfi við fyrri eigendur og sveitarfélagið. Á síðasta ári sóttu um 350 þúsund ferðamenn, Fjaðrárgljúfur heim. Arctic Adventures eiga einnig Kerið í Grímsnesi, einn af mest sóttu ferðamannastöðum landsins, og taka við Fjaðrárgljúfri, eftir kaupin þann 1. janúar 2025.

Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson




BOBBY FISCHER SAFNIÐ

Sjáðu minjagrip um 11. heimsmeistarann í skák, Bobby Fischer, Einvígi aldarinnar og Skákkfélag Selfoss.

Bandaríkjamaðurinn Bobby Fischer varð heimsmeistari í skák þegar hann sigraði sovéska stórmeistarann og hinn ríkjandi heimsmeistara Boris Spassky í Reykjavík sumarið 1972. Einvígið átti sér stað á hápunkti kalda stríðsins og er almennt nefnt Einvígi aldarinnar. Einvígið var sögulegt, ekki aðeins vegna spennandi skákar og titilsins sem var undir, heldur einnig vegna pólitískrar tákmyndar hennar, þar sem hún táknaði átök milli Bandaríkjanna og svo Sovétríkjanna sem réðu ríkjum í skákheiminum á þeim tíma og endurspegladi spennuna milli stórveldanna tveggja. Síðan 1948 höfðu sovéskir skákmenn haldið heimsmeistaratitlinum í skák – óslitið í aldarfjórðung. Fischer vann einvígið og tefldi sögufregra leiki í mótinu, eins og hinn goðsagnakennda 29... Bxh2 í fyrstu skákinni. Hann varð fyrsti Bandaríkjamaðurinn til að vinna heimsmeistaratitlinn í skák og kveikti sigur hans í kjölfarið „Fischer-æðið“, geysimikinn áhuga og vinsældir skákarinnar í Bandaríkjunum og víðar um heiminn.

Einvígið var mikið sjónarspil sem vakti gífurlega athygli um heim allan og kom Íslandi á kortið, að segja má. Á 100 ára afmæli FIDE fyrir á þessu ári var Einvígi aldarinnar árið 1972 valið Mesti skákviðburður FIDE allra tíma, sem gerir heimsókn á Bobby Fischer safnið enn áhugaverðari. Á sýningunni í Bobby Fischer safninu á Selfossi má meðal annars sjá skákblöð Spasskys og Fischers, útprentun af geislaáhrifum sem sendinefnd Spasskys krafðist eftir 17. skákina og eftirlíkingu af skákborðinu sem notað var í einvíginu sem fram fór í Laugardalshöll í Reykjavík. Einnig eru mörg forvitnileg atriði sem tengjast dvöl Bobby Fischers á Íslandi á síðustu æviárum hans (2005–2008), til dæmis stóll hans úr bókabúðinni Bókin í Reykjavík. Hann lést 17. janúar 2008, 64 ára að aldri. Síðasta hvílastaður Bobby Fischer er í kirkjugarðinum í Laugardælum, nokkur hundruð metra frá Bobby Fischer setrinu.



Á SPRENGISANDI

Hestalest á ferð yfir Sprengisand



Retur Hofsjökuls



Horft niður í Eyjafjörð af Sprengisandsvegi

Miðja Íslands landfræðilega er Sprengisandur, örfoka háslétta á miðju miðhálandinu. Um Sprengisand liggur forn fjallvegur sem tengir Norður- og Suðurland, nú jeppavegur sem er fær yfir hásumarið, og liggur frá Þjórsárdal í suðri og norður í Bárðardal og Eyjafjörð í norðri. Á Sprengisandi sem liggur milli Hofsjökuls í vestri og Vatnajökuls í austri eru upptök Þjórsár, lengsta á landsins, og framleiðir bróðurpartinn af þeirri vatnsorku sem er virkjuð á Íslandi. Árósar Þjórsár eru rétt vestan við Helli á Suðurlandi. Fnjóská stærsta dragá landsins, sem rennur norður í Eyjafjörð, á upptök sín á Sprengisandi. Á miðjum Sprengisandi er Tungnafellsjökull, sterkt kennileiti, í kringum hann og í Þjórsárverum austan við Hofsjökul eru einstakar gróðurvinnjar á miðju miðhálandinu, umkringdar örfoka landi og jöklum.

Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson



Þjórsárveri



Hestalest á ferð yfir Sprengisand

FRÁ DAUFUM EYRUM BORGARFULLTRÚA TIL ÁHUGASAMRA FERÐAMANNA



mig því að fara með fólkið eitthvert annað og þar sem ég þekkti vel fjöllin þar í kring, á Krýsuvíkursvæðinu og annars staðar í nágrenni Reykjavíkur, og þar fór ég að segja fólkinu frá mögulegu eldgosi.“

Sá hraun renna niður Elliðaárdalinn Aðspurður um hvernig kunnugleiki hans á umræddu svæði hafi komið til útskýrir Dofri að þegar hann hafi „álpast“ í pólitík á árunum 2006 til 2010, sem varaborgarfulltrúi fyrir Samfylkinguna í borgarstjórn Reykjavíkur, hafi skyggn maður sem hann þekkti komið að máli við hann. Sá hafði þungar áhyggjur af því að hraun gæti tekið

upp á því að renna niður Elliðaárdalinn í kjölfar þess að hafa ítrekað fengið sýnir sem boðuðu slíkan atburð. Þessar ábendingar urðu Dofra að umhugsunarefni enda vissi umræddur einstaklingur oft hvað verða vildi, nokkuð sem erfitt var að útskýra.

„Ég hafði ekki spáð mikið í jarðfræði á þeim tíma, varð hissa á þessu tali og ekki viss um að slíkt væri einu sinni mögulegt,“ segir Dofri. En athygli hans var vakin. „Ég fór af stað og ræddi við okkar virtustu jarðfræðinga á þeim tíma og spurði þá hreint út, getur hraun runnið niður Elliðaárdalinn? Þeir svöruðu allir að á einhverjum tímapunkti myndi slíkt eiga sér stað; það væri bara spurning um tíma. Síðast hefði slíkt gerst fyrir um 4600 árum síðan. Ég spurði þá á móti hvort þeir vissu til þess að einhverjar neyðaráætlanir væru til staðar til að bregðast við slíkri sviðsmynd. Þeir svöruðu því til að þeir héldu nú ekki. Það hefði almennt verið mjög lítill áhugi á því að skoða af einhverri alvöru þessa eldgosahættu á höfuðborgarsvæðinu. Þeir bættu við að þetta væri auðvitað hvorki alvarlegasta né líklegasta sviðsmyndin. Einn þeirra sagðist furða sig á því hvernig Vallarhverfið komst í gegnum skipulag, byggð á lægsta stað í líklegasta farvegi fyrir



næsta hraunrennsli, þar sem búast má við hrauni á minnst þúsund ára fresti og nú eru tæp 900 ár frá síðasta hraunrennsli.“

Eins og fulli frændinn í fermingarveislunni

Á þeim tíma er Dofri semsé í pólitík – enn fjarri því að vera kominn í ferðabjónustu af neinu tagi – og reyndi hann tvisvar að ljá máls á málinu úr ræðustól í borgarstjórn. Það var að hans sögn mjög skrytinn reynsla. „Líklega hélt fólk ég væri þarna að vekja á mér athygli fyrir prófkjör sem yrði tveimur árum síðar. „Reynslan af því að standa í ræðustól og tala um að Reykjavíkurborg yrði að hafa tiltækar áætlanir ef til eldgoss



kæmi, og upplifa þá að það sé horft á mann eins og maður sé fulli frændinn í fermingarveislunni, það var skrytið. En það auðvitað dýpkaði skilning manns á því hvernig pólitík virkar.“

Um leið dýpkaði líka áhugi Dofra á jarðfræði svæðisins umhverfis höfuðborgina, enda segist hann í aðra röndina svolitill dellukarl. Þegar jarðaskjálftahrinur gengu yfir sló hann oft á þráðinn til Sigmundar Einarssonar jarðfræðings, til að spyrja hvort hann teldi komið að gosi. Um leið gekk Dofri mikið um svæðið ásamt því að lesa sér til. Fyrir en varði var hann orðinn hafsjór af uppsöfnuðum fróðleik um aðgengilega staði ásamt ógrynni af skemmtilegum sögum. Það blasti því við að hann tæki, eins og framar greindi, við ferðafólki því sem veigraði sér við að fara í hellaskoðun og kaus þess í stað að spóka sig ofan jarðar.

Tilgátuferðir um virkar eldstöðvar

Dofri stofnaði leiðsöguvirkir tæki sitt, Reykjavík Erupts, árið 2017. „Úr þessu varð svo efniviðurinn í tilgátuferðir sem ég hef svo sett saman fyrir ferðamenn um Reykjanesið, sem ég sýni þeim hvar hefur gosið, hvar gaus nýlega og hvar getur gosið

þá og þegar,“ útskýrir Dofri. „Ferðamönnum þykir afskaplega áhugavert að sjá 3000 ára gamalt hraun, þúsund ára gamalt hraun, og svo tveggja til þriggja ára hraun. Þegar ég bæti því svo við að hérlendir fræðimenn á sviði jarðfræðinnar segi að það geti þessvegna gosið í næstu viku þá lifnar þetta við. Það er betra ef maður getur sagt frá jarðfræðinni á einfaldan hátt fyrir leikmenn, jafnvel börn, svo viðfangsefnið sé lifandi.“

Áhuginn lætur ekki á sér standa erlendis frá og aðspurður um hvort fyrirtæki hans hafi fundið fyrir samdrætti eins og talsmenn ferðabjónustunnar á Íslandi hafa varað við á þessu ári, þá segist Dofri ekki geta kvartað; árið í ár sé ekki verra en undanfarin ár. Þar spilar sjálfsgagt inn í að vandað er til verka. Reykjavík Erupts fékk í vor verðlaunin Travel & Hospitality Award fyrir „Unwavering commitment to excellence and exceptional service“ og nýlega fékk fyrirtækið svo senda viðurkenningu frá TripAdvisor sem setur það í topp 10% fyrirtækja í heiminum. „Það hefur aldrei verið stefnan að stækka mikið en aðalfókusinn þess í stað á að hafa gaman af þessu og vanda sig,“ segir Dofri. „Setningin sem ég bið alla að hafa á bak við eyrað sem vinna fyrir mig hefur verið þessi: Taktu á móti öllum eins og þeir væru gamla skipitinemaþjálfskyldan þín, loksins að koma til að hitta þig og sjá landið þitt.“

Óhætt er að segja að það hafi reynst Dofra farsælt að breyta um áhyrendur, frá frá daufum eyrum borgarfulltrúa til áhugasamra ferðamanna. Viðlíka tilgátuferðir hefur fyrirtækið svo í framhaldinu boðið upp á um Heklu, Kötlu og Snæfellsjökul – allt eldstöðvar sem hafa gosið, geta gosið og munu gjósa aftur.

Gæti gerst á morgun, eins og jarðfræðingarnir segja.

Texti: Jón Agnar Ólason

SVANUR ÞORKELSSON TIL LIÐS VIÐ LAND & SÖGU

Landi & Sögu hefur bæst öflugur liðsauki, Svanur Þorkelsson, en fróðleikspistlar hans um sagnfræði og þjóðleg málefni hafa vakið mikla athygli, fyrst sem blogg færslur og síðar á Facebook á síðunni „Þjóðlegur fróðleikur“. Það er okkur því einskær ánægja að kynna þennan fjölfróða og afkastamikla penna til sögunnar en skrif hans verða fastur liður í blöðum okkar sem og á heimasíðunni.

„Ég er íslenskur sveitatrákur. Fæddur og uppalinn á litlum sveitabæ á Snæfellsnesi. Ólst upp við sögur af tröllum og álfum þar sem engi, hólar, fjöll og fossar buðu upp endalaus ævintýri á sumrum. Á veturna þegar hrímpursar óðu um í frosti og fönn fyrir utan túngarðinn og stjörnubjartur himinn var baðaður í norðurljósum var ekkert betra en að hlusta á afa Gísla lesa upphátt úr Maður og kona og Piltur og stúlka,“ segir Svanur þegar hann er beðinn

um að segja á sér deili fyrir lesendur. „Seinna þegar fjölskyldan fluttist til Keflavíkur varð bernskan að skólagöngu, fótbolta og bókalestri. Litla bókasafnið í Keflavík var lesið, röð eftir röð, og við það kviknaði áhugi minn á mannkynssögu, landafræði, tónlist, leynilöggum og sorglegum örlögum elskenda víða um heim. Sem unglingur á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar varð ég uppnúmminn af þeim þjóðfélagsbreytingum sem þá áttu sér stað og reyndi að taka þátt í þeim öllum. Ég lauk formlegri skólagöngu á Núpi í Dýrafirði með Gagnfræðapróf og gerðist kommúnískur hippi. Ég hef starfað ýmislegt um ævina, um tíma var ég lögga í Keflavík og Vestmannaeyjum, seinna útvarpsstjóri og stofnandi Útvarps Suðurlands til að nefna aðeins tvennt. En lengst af hef ég starfað við að segja útlendingum sögur í ferðum um landið.“



Nýjar kenningar og hugmyndir um söguna

Eins og þeir vita sem lesið hafa pistla Svans fjalla þeir um þjóðlegan fróðleik af margvíslegum toga. En hvaðan kemur honum sagnfræðiáhuginn sem hefur orðið uppspretta að svo mörgum hugleiðinum?

Svanur svarar því til að með honum í gegnum tíðina hafi ætíð blundað löngun til að skilja samhengi hluta, einkum mannlegra samskipta. „Saga og fornleifafræði hafa verið mér áhugamál frá bernsku. Eins og allir vita, komast fáir Íslendingar hjá því að verða „skúffuskáld“ og þessi árátta að skrifa niður þanka mína þjáði mig og gerir enn, bætir hann við kíminn. „Svo gekk öld bloggs og Fésbókar í garð og ég stóðst ekki lengur mátið heldur hóf að birta stutta pistla, fyrst á blog.is og seinna á Fésbók.“

Það sem gerir skrif Svans ekki síst áhuga-verð er að þau endurspeglar oftast en ekki kenningar og hugmyndir um söguna sem stangast að einhverju leyti á við viðteknar skoðanir um liðna tíð. Svanur tekur undir þetta. „Íslendingar gjalda þess að eiga söguritarara sem skrifuðu sögu lands þjóðar frá upphafi mannaferða á landinu. Þessi „saga“ er kennd í skólum sem ginheilagur sannleikur og þótt ýmislegt hafi komið í ljós, einkum í seinni tíð, sem ekki stenst það sem tólftu og þrettánda aldar fræðimenn okkar rituðu, gætir mikils tregra hjá þjóðinni til að hleypa að einhverju nýju,“ útskýrir Svanur. „Mér finnst söguskoðun í ljósi nýuppgötvaðra staðreynda vera ákaflega spennandi viðfangsefni en hef samt varann á eins og Ari fróði og „Hafa skal það sem sannara reynist“ eða eins og

Þórarinn Eldjárn orðaði það: „Hafa skal það sem sannara reynist ef hvorugt er rétt.“

Að rifja upp staðhætti og atburði

Það blasir því við að lesendur Lands & Sögu eiga von á fróðlegu og áhugaverðu efni úr penna Svans og framlag hans eflaust mörgum mikið tilhlökkunarefni. Sjálfur hlakkar Svanur til að deila hugrenningum sínum og hugðarefnum með lesendum.

„Að fá tækifæri til að koma hugðarefnum mínum á framfæri í fjöllesnum miðlum á borð við Land & Sögu og Icelandic Times er mér mikil hvatning til að vinna betur úr því efni sem ég hef þegar í handraðanum, og kafa dýpra í margvíslegar sagnfræðilegar kenningar um landið og þjóðina sem það hefur byggt. Ég er mjög veikur fyrir orðsifjafræði sem ég tel að geti verið ákveðið sterkt leiðarljós við söguskoðun, ég leitast við að fylgjast með erfðafræðilegum nýjungum og uppgötvunum sem hafa þegar nánast gjörbreytt söguskilningi okkar og ég hef mjög gaman að rifja upp staðhætti og atburði og mannlegar athafnir sem tengjast þeim en hafa einhvern veginn lent á milli stafs og hurðar á þeirri öld upplýsingaofgnóttar sem við lifum á. Úr þessu efni er mikið að móða og ég ætla að gera mitt besta til að deila því á hnitmiðuðu og vonandi skemmtilegu máli við lesendur.“



Krisuvíkurbjarg



Eldey rétt vestan við Keflavíkurlugvöll, myndadist í neðansjávareldgosi 1226



Ein stærsta súlubyggð í heimi er í Eldey

HVAR & HVENÆR?

Elsta bergið á Reykjaneskaganum er um 500 þúsund ára gamalt við Reykjavík í austasta hluta skagans. Mestur hluti skagans, þar sem nær þrír af hverjum Íslendingum búa er mun yngri eða 50 til 100 þúsund ára gamall, og nýjasti hlutinn frá því ár. Semsagt nýtt land, sem er enn í mótun. Gossaga Reykjanessskagans er vel þekkt, síðustu hundrað þúsund árin. Dyngjugos voru algeng þangað til fyrir um 5000 árum, síðan hafa sprungugos verið einráð á um þúsund ára fresti. Hefur hver goshrina staðið í rúmlega 200 ár Síðasta hrina hófst um miðja tíundu öld, og lauk á seinni hluta þeirrar þrettánda. Nú er hafið nýtt skeið. Eldgosin hegða sér þannig að í upphafi þeirra opnast sprunga og landrek á sér stað. Rekið er nokkrir metrar í

hverri hrinu. Hvert gos er líka í hrinum. Það stendur í fáeina daga eða vikur og síðan er að draga úr virkninni í mánuði eða ár áður en næsta gos verður. Neðansjávargos verða einnig á Reykjanes hryggnum, suðvestur af Reykjanesi. Þau hegða sér svípað og gos undir jökli. Með mikilli ösku, og alþjóðaflugvöllur Íslands, Keflavíkurlugvöllur er einmitt Reykjanesi, ekki langt frá Eldey, sem varð til í Reykjaneseldum á árunum 1226, eins og Illahraun þar sem Bláa lónið og jarðvarma-virkjunin í Svartsengi eru. En sú eldgosahrina var mjög stór og stóð í þrjátíu ár frá 1210 til 1240. Já hvar og hvenær kemur næsta eldgos upp. Er ný eldgosahrina byrjuð?


Ljósmyndir og texti : Páll Stefánsson



Jarðbiti, eldvirkni í Seltúni, sunnan við Krisuvíkuvatn



Í Krisuvíkurbjargi á sunnanverðum Reykjaneskaga má sjá jarðlög frá fyrri eldgosum



Eldur og brennisteinn við Seltún, sem tilheyrir Hafnarfirði

SVADILFÖR BRENDANS SÆFARA TIL ÍSLANDS OG VESTUR UM HAF

Ef saga hans er sönn var hann var kominn yfir sjötugt þegar hann lagði upp í ferðina sem gert hefur nafn hans frægt um víða veröld. Tónverk, kvikmyndir, skáldsögur og fjöldi málverka tengjast honum og sögu hans og á Írlandi þar sem hann var fæddur seint á fimmtu öld er persóna hans umvafin goðsögnum og helgisögnum. Nafn hans var Naomh Bréanainn en

kunnastur er hann undir nafninu Brendan sæfari.

Brendan var samtíðarmaður hins merka klerks og trúboða Kolumba og er ævisaga hans, Vita Sancti Columbae, elsta heimild (679 EK) sem varðveist hefur um Brendan. Helsta heimildin er þó ævisaga hans sjálfs Navigatio Sancti Brendani Abbatis sem ekki er vitað hver reit eða hvenær. Elsta handrit hennar er frá 12. öld.

Sjö ára svadilför Brendans og félagar

Á gamals aldri, eftir að hafa þjónað sem ábóti í fjöldamörg ár, ákvað Brendan einhvern tímann á milli árana 512 og 530 EK, að leggja upp í ferð í leit að "Eyju hinna blessuðu" sem talið var að lægi vestur af Írlandi. Í ferð með Brendan voru 14 munkar og 3 skósveinar (sem allir dóu í ferðinni) en farkosturinn var kúði, húðbátur einn mikill sem Brendan lét smíða á Kerry strönd og var greinilega hið traustasta fley því ferðin var hin mesta svadilför sem varði í 7 ár. Fljótlega lentu guðsmennirnir í hafvillum og komu fyrst á óbyggða eyju þar sem einn skósveinanna týndi lífinu.

Áleiðis til Eyju hinna blessuðu

Þaðan sigldu þeir til Fjáreyja og eftir stutta viðdöl þar á meðal sauðanna, strönduðu þeir bátnum á baki stórfisks sem hét Jasconius og þeir héldu að væri eyja. Þeir áttu fótum sínum fjör að launa eftir að hafa kveikt eld á hnakka fisksins. Áfram héldu þeir til Eyju fuglanna, og lentu þar á eftir í mikill þoku. Er þeir komust út úr mistrinu blöstu við þeim svífandi kristalar. Nokkru seinna rákust þeir á eyju sem var numin af þöglum munkum og svo aðra þar sem afar sterkir og stórir menn höfðust við og sem hentu að þeim glóandi grjóthnullungum. Að lokum komust þeir til "Eyju hinna blessuðu" og fengu að vera þar um stund og hvíla lúin bein, uns þeir snéru heim aftur til Írlands fullir fögnuði.

Og þannig fór með sjóferð þá.

Í kjölfar Brendans sæfara

Í þeim mörgu bókum sem skrifaðar hafa verið um Brendan leitast höfundar oftast við að gera ferðasögu Brendans trúverðuga og túlka hana á ýmsa vegu. Sumir halda því fram að hann hafi ekki siglt í norður eða vestur, heldur haldið til Kanarí-eyja og Madeira. Aðrir eru vissir um að Fjáreyjar séu Færeyjar, kristalarnir svífandi hafi verið ísjakar og risarnir sem grýttu þá eldfjöll á Íslandi.

Eins og flestir vita var særgarpurinn Tim Severin svo sannfærður um að Brendan hefði siglt um norðurhöfin að hann smíaði sér álíka fley og talið er að Brendan hefði þurft til að fara sína ferð og sigldi því síðan að frá Írlandi, til Færeyja, og þaðan til Íslands og síðan vestur að ströndum N-Ameríku. Hann taldi að með ferð sinni væri hann að renna stoðum undir arfsögnina af Brendan.

Texti : Svanur Porkelsson



BEST
OF ICELAND

Available
now

icelandictimes.com





BODYPRINT® HEILSUDÝNUR KOMDU OG PRÓFAÐU

Stillanleg rúm frá **X Reverie** með Wallhugger kerfi.
Rúmið dregst að veggnum þegar höfðalagið er reist upp.

Nýju Bodyprint heilsudýnnar eru bæði til með
og án gorma og í mörgum mismunandi stíflekum.
Þannig að allir geta fundið dýnu við hæfi.



FALLEG NÝ

SÆNGURVERASETT

YFIR 100 TEGUND

ALLAR STÆRÐIR

140x200 cm koddaver 50x70 cm
140x220 cm koddaver 50x70 cm
200x200 cm 2 x koddaver
200x220 cm 2 x koddaver

MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGUM OG KODDUM



MIKIÐ ÚRVAL AF HVÍLDARSTÓLUM



SVEFN SÓFI - MÍLANO

120 cm / 140 cm / 160 cm dýna.
Einfaldur og þægilegur - Margir litir.
Verð frá kr. 244.900.-



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

vefverslun 
svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup